



75
ÁRA
1944-2019

Ársskýrslur ÍBA 2018-2019



International Children's Winter Games 2019, Lake Placid NY.



FYRIRMYNDARHÉRAÐ ÍSÍ



*Íþróttamenn Akureyrar 2018.
Hulda B. Waage og Viktor Samúelsson.*



Íþróttamenn Akureyrar 2018.

Ársskýrslur ÍBA 2018-2019

Efnisyfirlit

63. ársþing Íþróttabandalags Akureyrar	2
Bílaklúbbur Akureyrar 2018-2019	5
Fimleikafélag Akureyrar 2018-2019	7
Golfklúbbur Akureyrar 2018-2019	9
Hamrarnir 2018-2019	16
Hjólreiðafélag Akureyrar 2018-2019	16
Hnefaleikafélag Akureyrar 2018- 2019	20
Íþróttafélagið Akur 2018-2019	22
Íþróttafélagið Eik 2018-2019	23
Íþróttafélagið Þór 2018-2019	26
Karatefélag Akureyrar 2018-2019	34
KKA akstursíþróttafélag 2018-2019	37
Knattspyrnufélag Akureyrar 2018-2019	39
Kraftlyftingafélag Akureyrar 2018-2019	42
Léttir hestamannafélag 2018-2019	44
Siglingaklúbburinn Nökkvi 2018- 2019	49
Skautafélag Akureyrar 2018-2019	51
Skíðafélag Akureyrar 2017- 2019	60
Skotfélag Akureyrar 2018- 2019	65
Sundfélagið Óðinn 2018-2019	67
Svifflugfélag Akureyrar 2018-2019	70
Ungmennafélag Akureyrar 2018-2019	72
Ungmennafélagið Narfi 2018-2019	76
Íþróttabandalag Akureyrar Ársskýrsla 2018-2019	77
Íþróttabandalag Akureyrar Ársreikningur 2018-2019	80
Lög Íþróttabandalags Akureyrar	84



Stofnað 1944

63. ársþing Íþróttabandalags Akureyrar

Haldið í Íþróttahöllinni 25. apríl 2018, kl. 17:30.

1. Þingsetning: Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður ÍBA setur þingið og biður viðstadda heiðursfélaga velkomna þá Harald Sigurðsson og Hermann Sigtryggsson, sem og aðra gesti þingsins.

Áður en gengið var til dagskrár bað Geir Kristinn þingfulltrúa að velta því fyrir sér hvort það gæti verið til heilla fyrir bandalagið að halda þingið árlega en ekki annað hvert ár eins og gert hefur verið frá árinu 2000.

Því næst las Geir Kristinn upp nöfn þeirra félaga sem látist hafa á árunum 2016-2018.

Látir KA félagar 2016-2018: Ingunn Einarsdóttir 3. nóvember 2016, Friðfinnur Hermannsson 17. apríl 2017, Stefán B Árnason 18. ágúst 2017 og Karl Haraldsson 31. ágúst 2017.

Látir GA félagar 2016-2018: Gunnar Sólmes 6. júní 2016, Pálmi Þorsteinsson 3. janúar 2018 og Þorvaldur Snæbjörnsson 11. janúar 2018.

Látir Léttis félagar 2016-2018: Magnús Rúnar Árnason 14. nóvember 2016 og Birna Björnsdóttir 1. apríl 2018.

Látir Þórs félagar 2016-2018: Kolbrún Jónsdóttir 6. júní 2016, Arngrímur Kristjánsson 15. júlí 2016, Halldór Árnason 15. júní 2017, Sigurður Kristján Lárusson 3. janúar 2018.

2. Kosning kjörbréfanefndar tillaga um Ingvar Gíslason KA, Ragnheiður Austfjörð Eik og Hrefna Björnsdóttir BA tillagan samþykkt og biður Geir Kristinn kjörbréfanefnd að taka til starfa.

3. Kosning þingforseta og þingritara. Geir Kristinn upp þá tillögu að þingforseti verði Hulda Sif Hermannsdóttir og þingritari Páll Jóhannesson. Þingheimur samþykkir með lófataki.

Hulda Sif Hermannsdóttir þakkar traustið og kynnir fyrsta mál þingsins sem eru fyrirlestrar frá þeim Magnúsi Orra Schram – Karlmennt í nýjum heimi og Önnu Soffíu Víkingsdóttur – Mín hlið. Erindin í anda #Metoo byltingarinnar.

Magnús Orri Schram: Karlmennt í nýjum heimi. Magnús Orri kemur víða við og segir samfélagið vera upplifa mestu breytingar til langs tíma í kjölfar Metoo byltingarinnar. Magnús Orri segir karlmenn eiga Harvey Weinstein mikið að þakka því vegna óþökkaskapar hans fór Metoo byltingin af stað og á góðri leið með að

breyta hugsun fólks til hvers annars. „Strákar hættem að láta eins og stelpurnar eigi jafnréttisumræðuna og feminisman. Tökum boltann og klárum færið og verðum með. Við þurfum að breyta hugsuninni sérstaklega við karlarnir“. Mjög flottur fyrirlestur sem þingheimur kunni að meta.

Anna Soffía Víkingsdóttir: Mín hlið. Anna Soffía er júðóþjálfari hjá KA og kvennalandslíðsþjálfari. Anna Soffía lagði út frá því hversu erfitt það var að vera ung kona í íþróttum. Á 22. aldursári tók hún ákvörðun að hætta að vera meðvirk (að hlægja að klúrum bröndurum karla) og setja þess í stað ofan í þá karla sem sögðu tvíræða brandara um konur. Einnig mikilvægi þess að kynjaskipta æfingum. Anna Soffía segir með Metoo byltingunni hafi margt áunnist en enn sé langt í land.

Umræður teknar og Magnús Orri þakkar Önnu Soffíu fyrir frábæran fyrirlestur. Meðal spurninga, hvað geta íþróttafélögin gert? Passa þarf upp á að í íþróttahúsum sé jafnt hlutfall karla og kvenna á plakötum þar sem íþróttir eru auglýstar. Myndi ráðning íþróttajafnréttisfulltrúa í félögunum verða til þess að hlutirnir lagist?

4. Ársskýrslur stjórnar og sérráð ræddar svo og reikningar þeirra og atkvæði greidd um þá.

Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður ÍBA flytur skýrslu stjórnar árin 2016 og 2017. 2016 þar nefndi hann m.a. Bátaskýli Nökkva, endurbætur í Boganum og Skautahöllinni. Íþróttahús Naustaskóla fullbyggt, KKA 20 ára, Akureyri á iði, ÍBA hafi í fyrsta sinn kjörið Íþróttakarl og íþróttakonu ársins.

2017: Ný íþróttastefna Akureyrarbæjar ofarlega í huga formanns, KFA flutti starfsemi sína, Naustaskóli tekin í notkun, Haldið áfram hönnun á siglingasvæði Nökkva. Ný stólalyfta í Hlíðarfjalli, Frístundastyrkur alltaf að hækka komin í 20 þúsund. Íþróttþing ÍSÍ, Akureyri á Iði, Skauta-, Svíflugu- og Skotveiðifélagið áttu stórafmæli á árinu. Þá hafi verið ákveðið að láta reyna á að synja Bocciafélagi Akureyrar sem nýju félagi í ÍBA. Aðkomu ÍBA að nýjum samstarfssamningi Þórs og KA um rekstur Þórs/KA og liðið hafi skilað frábærum árangri. KA sagði sig á árinu frá samstarfi við Þór um rekstur Akureyri handbolta. Þór hélt áfram að reka liðið undir merkjum Akureyri handbolta. Nýr rekstrar-samningur ÍBA við Akureyrarbæ. Í kjölfarið var Helgi

Rúnar Bragason ráðinn framkvæmdastjóri í fullt starf og Þóra Leifsdóttir mun starfa áfram í hlutastarfi.

Síðan er farið yfir ársreikninga áranna 2016 og 2017.

Á árinu 2016 voru rekstrartekjur bandalagsins 32.631.834 kr en rekstrargjöldin 27.461.66 kr og rekstrarafgangur ársins 5.422.547 kr.

Á árinu 2017 voru rekstrartekjurnar 35.557.283 kr og rekstargjöldin 28.724.188 kr og rekstrarafgangur tæpar 7.182.432 kr.

Umræður teknar um skýrslu stjórnar.

Ingvar hvetur ÍBA til að hefja viðræður við félögin strax í ljósi nýrrar íþróttastefnu bæjarins.

Valdimar spyr hvort ÍBA ætli að standa fyrir uppbyggingu Keiluiþróttinni sem þegar hefur enga aðstöðu í bænum eftir að keiluhöllin var rifinn á liðnu ári.

Kjörbréfanefnd: Ingvar Gísli 16 aðildarfélög af 23 sendu 54 fulltrúar öll lögleg og undirrituð. Hlutfall kvenna á þinginu er 42,5% konur.

Reikningar og skýrsla stjórnar samþykkt.

5. Fyrri umræða um lagabreytinga.

Endurskoðun á lögum ÍBA.

Þar sem tillögur að breytingum voru ekki sendar út til félaga með lögformlegum hætti þarf að leita afbrigða um undanþágu að vísa tillögum til allsherjar og laganeftar. Tillagan um að veita afbrigði er samþykkt með tveim mótakvæðum. Helgi Rúnar Bragason mælir fyrir lagabreytingum þ.e. hlutverk ÍBA 2 gr. Umræður teknar um lagabreytingarnar og þeim síðan vísað til laganeftar.

6. Ræddar tillögur og mál sem fyrir liggja.

Fjölgun ársþinga.

Siðareglur ÍBA. Skipuð verði nefnd sem fer í þessa vinnu. Umræður.

Aðgerðaráætlun vegna nýrra íþróttastefnu Akureyrarbæjar og ÍBA.

Tillaga um að hnefaleikafélagið verði aðildarfélag ÍBA TBA hvernig skal loka því félagi. Félagið er ekki virkt og verði vísað úr ÍBA málið sent til allsherjarneftar.

7. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun.

Geir Kristinn kynnir fjárhagsáætlun sem vísað til fjárhagsneftar.

8. Kosið í allsherjarneft, fjárhagsneft og laganeft

3 menn í hverja nefnd.

Fjárhagsneft skipa: Unnsteinn E Jónsson Þór, Sigríður Jóhannsdóttir KA og Jón Albert Jónsson Léttir

Laganeft:

Þorsteinn Hjaltason KKA, Áslaug Kristjánsdóttir Létti og Sævar Pétursson KA.

Allsherjarneft:

Þorgils Sævarsson Þór, Ómar Kristinn: Óðinn sundfélag og Hrefna Torfadóttir KA.

Nefndirnar taka til starfa

Þinghlé

9. Álit þingnefta, umræður og atkvæðagreiðsla.

Laganeft: Þorsteinn Hjaltason segir að þar sem laga-breytingar standast ekki lög sé ákveðið að draga laga-breytingarnar til baka. Þau sem skipuðu laganeft sitji áfram í millilaganeft og komi með tillögur til laga-breytingar á næsta þingi.

Allsherjarneft: Ómar Kristinn kynnir álit allsherjarneftar sem felur ÍBA að skipa þriggja manna nefnd sem vinnur að gerð siðareglna og verði leiðandi í þessu starfi. Nefndin starfi undir stjórn Framkvæmdastjóra ÍBA. = Tillagan er samþykkt.

Aðgerðaráætlun íþróttastefnu þar verði stjórnin skipi nefnd ekki fleiri en 5 manna þvert á greinar og skal leita umsagnar allra hlutaðeigandi, félög og frístundaráð. Undir forystu framkvæmdastjóra ÍBA. = Samþykkt Ellert Örn Erlingsson óskar eftir að nefndin verði í samráði við frístundaráð við aðgerðaráætlunina.

Borin upp tillaga um að Hnefaleikafélag Akureyrar verði veitt aðild að ÍBA. Tillagan samþykkt.

Tillaga að Tennis og badmintonfélagi Akureyrar (TBA) verði vikið úr bandalaginu samkvæmt 6. gr. laga ÍBA.

Tillagan var samþykkt.

Fjárhagsneft Sigríður Jóhannsdóttir gerir grein fyrir störfum fjárhagsneftar. Sigríður segir rekstrarstyrk ekki dekk laun og rekstrarkostnað í fjárhagsáætlun. Nefndi samþykkir áætlunina með fyrirvara um að bæinn bæti við 2,5 milljónum sem upp á vantar.

Geir Kristinn segir endurskoðun fari fram í maí og það sé sameiginlegur skilningur ÍBA og Akureyrarbæjar að taka tillit til þessa í haust þegar endurskoðun á rekstar-samningi fari fram. Fjárhagsáætlunin er samþykkt.

10. Kosningar og tilnefningar.

Uppstillinganeft skipuð: Ingvar Gíslason KA, Hildur Friðriksdóttir Óðinn og Bjarni Þórhallsson GA.

Tilnefningar í sérráð ÍBA

Kosning formanns ÍBA. Geir Kristinn Aðalsteinsson var endurkjörin formaður ÍBA.

Kosnir 4 menn í ÍBA og 2 til vara. Aðalmenn; Ármann Ketilsson, Hrafnhildur Guðjónsdóttir, Erlingur Kristjánsson og Inga Stella Pétursdóttir. Til vara: Hörður Sigurharðarson og Ómar Kristinn.

Kosnir 2 skoðunarmenn. Sveinn Torfi Pálsson og Guðmundur Bjarnar Guðmundsson.

Kosning í nefndir, er þingið ákveður

Kosning fulltrúa á ÍSI þing.

11. Önnur mál.

Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri flytur kveðjur frá ÍSÍ. Viðar kveðst vera boðinn og búinn að hjálpa félögum af fremsta megni þar sem við á. Viðar þakkar þingforseta og óskar nýrri stjórn velfarnaðar.

Áslaug Kristjánsdóttir: Hvað er að fréttu af skrifum íþróttasögu Akureyrarbæjar?

Geir Kristinn segir vinnu hafna og verkinu miði hægt enda kosti þetta verk á bilinu 20-30 milljónir Óskar Halldórsson og Skapti Hallgrímsson hafa hafið vinnu við gagnaöflun og séu að taka viðtöl við þá Hermann Sigtryggsson og Harald Sigurðsson. Í dag séu til um 6 milljónir í sjóði til verksins.

ÍBA mun hafa milligöngu ef félög vilja fá Magnús Orra og ræða Metoo.

Þorsteinn Hjaltason, Unnsteinn Jónsson og Áslaug Kristjánsdóttir ásamt framkvæmdastjóra ÍBA starfi og skoði lög ÍBA fyrir næsta formannafund.

Sonju Sif Jóhannesdóttur sem hættir í stjórn ÍBA færð blómavöndur sem þakklætisvottur fyrir hennar störf í stjórn ÍBA.

12. Þingslit.

Geir Kristinn þingheimi traustið og þakkar þingforseta fyrir fundarstjórn og kveðst hlakka til að vinna með stjórninni og þakkar þingfulltrúum fundarsetuna.

71 þinggestur skráði nafn sitt í gestabók.

Þingi slitið klukkan 22:15.

Þingritari, Páll Jóhannesson



Stofnað 1974

Bíla klúbbur Akureyrar Ársskýrsla 2018

Árið 2018, var stjórn skipuð með eftirfarandi hætti:

Stjórnarformaður: Einar Gunnlaugsson
Varaformaður: Jón Rúnar Rafnsson
Gjaldkeri: Garðar Garðarsson
Ritari: Jónas Freyr Sigurbjörnsson
Fjölmiðlafulltrúi: Hrefna Björnsdóttir
Meðstjórnendur: Gretar Óli Ingþórsson og Ólafur Finnur Jóhannsson
Varamenn: Jón Gunnlaugur Stefánsson og Höskuldur Aðalsteinsson

Deildarstjórnir 2018:

Jeppadeild: Valdimar Geir Valdimarsson
Spyrnudeild: Höskuldur Aðalsteinsson
X-Race deild: Kristófer Danielsson
Forn bíladeild: Jón Rúnar Rafnsson

Starfsemi klúbbsins eins og svo margir vita það hófum við uppbyggingu á svæðinu hjá okkur haustið 2017 sem fólst í sér að móta og byggja upp nýja spyrnubraut og sand spyrnubraut einnig. Haldið var áfram að móta landið og var sand spyrnubrautin hjá okkur vígð á Bíladögum, það á þó eftir að leggja lokahöndina á bremsukafla og öryggis-svæði, en því á að vera lokið vorið 2019. Búið er að grafa upp hluta og uppfylling hafin á spyrnubrautinni en á henni er keppt í 1/8 mílu og 1/4 mílu en það verfefni er gríðarlega stórt vegna halla á landinu og hvað það er djúpt niður á fast, en áætlunin hljóðar upp á ca. 280 milljónir. Stefnum að því að virkja barna og unglingadeildina hjá okkur aftur nú í haust 2019.

Jeppadeild BA hún var með 2 viðburði á Bíladögum en þau sjá um buggy-enduro keppni og síðan um drullu-spyrnuna. Það var fín þátttaka þetta sumar þó svo að það megí alltaf gera betur. En gaman er líka að segja frá því að þetta árið var í fyrsta skipti í sögu Bíla klúbbsins sem að kvenmaður var keppnisstjóri á Bíladögum í drulluspyrnu, og vonandi verður meira af þeim toga. Þau sáu einnig um að halda dómaramámskeið í torfæru með góðri þátttöku. Og síðast en ekki síst var það torfæran. En þetta var hörku keppni enda 3 sem komu til greina að verða Íslandsmeistari og réðist það ekki fyrr en á síðustu braut og þið getið ímyndað ykkur fagnarlætin hjá því liði þegar í ljós kom hver var sigurvegarinn.

Spyrnudeild BA sá um að halda götuspyrnu og sand-spyrnu. Keppnis árið byrjaði á afmælistóti/bikarmót. Á Bíladögum voru haldnar sandspyrna og götuspyrnu og var ágætis þátttaka og eins og fram kom hér að ofna á var fyrsta sandspyrna ársins vígð á nýrri braut, og voru almennt allir mjög ánægðir og sáttir með nýju staðsetn-

inguna. Síðan hélt deildin 3 keppnir, ein sem var í júlí og síðan var minningar/Íslandsmót í ágúst en allur ágóðinn af þeirri keppni rennur í sjúkrasjóð sem við stofnuðum hér fyrir nokkrum árum. Loka keppnin var síðan haldin í september á nýju brautinni okkar.

X-Race deild BA þeir hafa séð um að vera með spól kvöld á svæðinu okkar, og erum við að vonast til að flestir noti sér þá aðstöðu þegar hún er í boði, og séu ekki að spóla innanbæjar. En því miður virðist svo vera rauninn og er það eitthvað sem að við getum því miður ekkert gert í nema að minna enn og aftur á að við erum með flott svæði til þess og ef það er vilji til að halda svona kvöld að tala við viðkomandi formann deildar.. Þeir sáu um að halda 3 keppnir á árinu sem voru allar á bíladögum, en það er Auto-x, Drift og Burn-out. Auto-x snýst um að keyra tímaþraut. Og driftið snýst um að drifta eins vel og hægt er einn og einn eða fleiri saman og eru 3 sérhæfðir dómamarar sem sjá um að dæma. Síðast en ekki síst er það Burn-out en hún snýst um að sprengja dekk á sem styðst tíma og er þetta alltaf vinsælasti viðburðurinn hjá okkur, enda mikið um gúmmi, reykt og fjör.

Fornbíladeild BA er stór hópur manna sem hafa gífurlegan áhuga á gömlum bílum. En þeir hittast alltaf einu sinni í viku. Á sumrin voru þeir að hittast með bílana sína við ráðhústorgið, en í ár var gerð tilraun um að hittast fyrir framan Hof sem að tókst með þrýði. Eru bæjarbúar og eigendur mjög sátt með þátttökuna og fjöldan allan sem kom og skoðaði bílana, eins var mikið um að erlendir ferðamenn kíktu á þessa fegurð. Þeir hittust um 65 skipti þetta árið, en um helgar var líka farið í hinar ýmsu ferðir út fyrir Akureyri. Þeir sáu einnig um að vera með bíla-sýningu á 17 júní og svo á afmælishátíð Akureyrarbæjar. En þess má geta 4 nýir gengu til liðs við þá og er sá yngsti aðeins 17 ára. Í sumar sýndi forn bíladeildin yfir 120 fornbíla við Hof. Mikil aukning á áhuga á fornbílum.

Aksturs-íþróttamaður ársins 2018 var Þór Þormar Pálsson en hann er búin að keppa í mörg ár í torfærunni og eins varð hann Íslandsmeistari í torfæru þetta árið.



Þór Þormar Pálsson Íslandsmeistari 2018 í torfæru.



Stofnað 1974

Bíla klúbbur Akureyrar Ársskýrsla 2019

Árið 2019, var stjórn skipuð með eftirfarandi hætti:

Stjórnarformaður: Einar Gunnlaugsson

Varaformaður: Jón Rúnar Rafnsson

Gjaldkeri: Garðar Garðarsson

Ritari: Jónas Freyr Sigurbjörnsson

Fjölmiðlafulltrúi: Hrefna Björnsdóttir

Meðstjórnendur: Gretar Óli Ingbórsson og Ólafur Finnur Jóhannsson

Varamenn: Jón Gunnlaugur Stefánsson og Höskuldur Aðalsteinsson

Deildarstjórnir 2019:

Jeppadeild: Valdimar Geir Valdimarsson

Spyrnudeild: Höskuldur Aðalsteinsson

X-Race deild: Kristófer Danielsson

Fornbíladeild: Jón Rúnar Rafnsson

Starfsemi klúbbsins 2019 var svo haldið áfram af krafti við undirbyggingu spyrnubrautarinnar og gekk það vonum frammar, og áætlað er að sú braut verði vígð og tekinn í notkun á Bíladögum 2020.

Jeppadeildin var stórtæk þetta árið. Vorum með 3 torfærukeppnir eða um 60% af Íslandsmótinu. Fyrsta torfæran var á bíladögum sem bar nafnið KFC torfæran og gekk allt saman mjög vel fyrir sig. Enda var veðrið með besta móti og sprengdum við áhorfenda aðsóknina. Við áætluðum að um 4000-4500 manns hafi komið bara á þennan viðburð. Síðan var farið á Blönduós í júlí þar sem við höldum okkar aðra torfæru. Aðsókn var fin bæði hjá áhorfendum og keppendum. Og var heimafólk mjög ánægt og hjálpsamt með að aðstoða okkur að láta þetta allt saman ganga upp.

Þriðja og síðasta keppnin var haldin í ágúst á Akureyri. Sem var alveg hörku spennandi enda allt opið í Íslandsmótinu í báðum flokkum.

Spyrnudeildin heldur utan um sandspyrnur og götuspyrnur hjá klúbbum. Haldin var nokkrar keppnir yfir sumarið með góðum undirtektum. Og voru sett íslandsmet í götuspyrnu. Þessi deild sér jafnframt um að halda æfingar



eða svo kallaðar ljósaæfingar. Þá er öllum sem hafa náð bílprófsaldri og eru með réttan búnað velkomið að koma á þessar æfingar til að spreyta sig á ljósunum hjá okkur.

X-Race deildin þessi deild sér um auto-x, drift og burn-out. Góð mæting var á driftið á bíladögum og það fjölgar alltaf ár frá ári hvað margir skrá sig í þessa keppni. Síðan var haldin önnur keppni í júlí með ágætis skráningu. En vinsælasti viðburðurinn sem að þessi deild sér um það er burn-out sem er alltaf loka keppnin á bíladögum og í ár var slegið met í aðsókn áhorfenda eða um 4000 manns sem kom til að sjá þessa sýningu.

RC deild (Fjarstýrðir smábílar) er að rísa upp eftir langt hlé og er stefnan sett á að virkja deildina vel sumarið 2020. Það munum við gera til dæmis með því að halda torfærukeppnir á RC bílum og einnig er stefnt á að halda einhverjar keppnir í klettaklifri ef áhugi verður fyrir hendi. RC deildin mun einnig verða partur af ungliða starfi BA og vonandi fjölgum við félagsmönnum sem ekki hafa náð lögmætum bílprófsaldri okkur með þessum hætti.

Fornbíladeildin hélt um 47 fundi á árinu ásamt því að fara í nokkrar skúra heimsóknir. Í samstarfi við Akureyrarstofu þá vorum við þetta árið líka með bílana til sýnis við Hof og komu um 167 fornbílar þetta sumarið. Þá var deildin með 40 bíla til sýnis á Akureyrarvöku. Dornbíladeildin var með bílasýningu á Bíladögum en þetta er 43 árið sem að haldin er sýning 17. júní. Og var um 250 tæki til sýnis þennan dag sem haldin var í Boganum. En þess má geta að við erum elsta deildin innan Bílasklúbbsins.

Akstursíþróttamaður ársins 2019 hjá Bílasklúbbum er Kristófer Danielsson en hann keppti í rallycrossi og er þetta 2. árið sem hann keppir. En hann varð einnig Íslandsmeistari í standard 1000cc flokk í rallycross þetta árið.



Kristófer Danielsson Íslandsmeistari 2019 í rallycrossi og aksturíþróttamaður Bílasklúbbs Akureyrar 2019.



Fimleikafélag Akureyrar

Ársskýrsla 2018

Í ársbyrjun var daglegur rekstur í höndum Snorra Bergþórs-sonar framkvæmdastjóra félagsins. Stjórn félagsins fundaði með reglubundnum hætti og tók á þeim málum sem fundum barst og annarra sem þykja þurfti. Félagið hefur sent fulltrúa á formannfundi og þing FSÍ sem og formannafundi ÍBA svo eitthvað sé nefnt.

Fimleikafélagið nýtur velvilja góðra aðila og fyrirtækja. Má þar nefna:

- Akureyrarbær. Aðstaða Fimleikafélagsins er á háu plani á landsmælikvarða og árlegir styrkir frá bænum koma sér vel í rekstri félagsins.
- Höldur – Bílaleiga Akureyrar sem er félaginu gríðarlega mikilvægt og langtímastyrkur þeirra mikils virði.
- Viðskiptabanka félagsins, Landsbankinn sem hefur komið félaginu til aðstoðar á margan hátt, t.d. verið félaginu til aðstoðar við yfirferð og annað gagnvart rekstri og gefið verðlaun á Akureyrarfjör.
- Sala á auglýsingum/skiltum í salinn hefur gengið nokkuð vel og vonum við að svo verði áfram. Salan er aðallega í formi beinna fjárstyrkja og inneigna.

Nýtt fimleikagólf var sett up í byrjun mars og var mikil gleði og ánægja með það og erum við þess viss um að gólf-ið eigi eftir að gera sitt í að gera fimleika a Akureyri aðlaðandi og góðan kost þegar kemur að vali á íþrótt hjá börnun og unglingum á svæðinu.

Kristín Hrund Vatnsdal tryggði sér Íslandsmeistaratitil í



2. þrepi kvenna í áhaldafimleikum. Mótið fór fram í Laugarbóli hjá Ármenninum og var keppt í öllum þrepum íslenska fimleikastigans bæði kvenna og karlahluta. FIMAK óskar Kristínu og þjálfurum hennar Florin Páun og Mirela Páun til hamingju með þennan frábæra árangur.

Dagana 19.-20. apríl fór fram árlegt Akureyrarfjör þar

sem krýndur var Akureyrarmeistari.

Parkourmót FIMAK og AK Extreme fór einnig fram að venju í tengslum við árlega hátíð AK Extreme.

Í lok maí fór síðan fram árleg vorsýning þar sem allir iðkendur taka þátt og gleðin er höfð að leiðarljósi.

Fimleikafélagið skrifaði undir samning við fimleikar.is um nýjan félagsfatnað. Unnið var að línunni í dálitinn tíma og fór valið fram af tveim þjálfurum og tveim fulltrúum úr stjórn ásamt dyggri aðstoð Sigurrósar frá fimleikar.is.

Iðkendafjöldi fimleikafélagsins var um 600 sem skiptast í rúmlega 30 hópa. Kynjahlutfallið var stúlkum í hag þar sem u.þ.b 70 % iðkenda voru stúlkur. Aldursbilið var frá 3 ára til 18. Þjálfarar félagsins eru um 57 talsins

Aðalfundur FIMAK fór fram þann 31. maí. Þar bar hæst að þrír stjórnarmenn létu af störfum og komu aðrir þrír í þeirra stað.

Úr stjórn fóru þau Hermann Herbertsson formaður, Lára Halldóra Eiríksdóttir og Guðbjörg Harpa Þorvaldsdóttir. Í þeirra stað komu þau Ívar Örn Björnsson sem tók við formannsembættinu, Aðalheiður Reynisdóttir og Sólveig Jóna Geirsdóttir.

Þau sem gáfu kost á sér áfram eru Aníta Pétursdóttir, Guðmundur Karl Jónsson, Inga Stella Pétursdóttir og Rannveig Jóhannsdóttir.

Fimleikafélagið sendi keppnishópana sína á flest mót sem haldin voru á vegum FSÍ.

Áhaldafimleikakrakkarnir sóttu Þrepamót, Bikarmót, Íslandsmót og Haustmót. Á Íslandsmótinu átti félagið um 40 keppendur en þangað komast aðeins þeir sem náð hafa lágmarkseinkunn hvers þreps eftir FSÍ mót vetrarins 2017-2018.

Hópfimleikakrakkarnir sóttu Bikarmót unglinga, Subway mót unglinga og Haustmót I. Einnig fóru keppendur á Stökkfimmimót, bæði í Reykjavík og á Akranesi.

Eftir að kennslu lauk á vorönn stóð fimleikafélagið fyrir stuttum sumarnámskeiðum þar sem krökkum gafst kostur á að sækja námskeið sem stóðu yfir viku í senn. Í boði voru leikjanámskeið, Parkour og hopp/skopp. Námskeiðin voru vel mjög vel sótt.

Lokaorð

Í lok árs var yfirþjálfari félagsins mikið fjarverandi vegna fráfalls fjölskyldumeðlimar í Rúmeníu, þjálfarar, iðkendur, starfsmenn og aðrir sem að félaginu koma með einum eða öðrum hætti stóðu sig frábærlega í að láta hlutina ganga upp þrátt fyrir hans fjarveru.

Ívar Örn Björnsson, formaður FIMAK

Fimleikafélag Akureyrar Ársskýrsla 2019

Í ársbyrjun var daglegur rekstur félagsins í höndum stjórnar félagsins. En 2018 var ákveðið að ráða ekki framkvæmdastjóra í sparnaðarskyni, haldnir voru vikulegir fundir og mikið álag á stjórnarmeðlimum. Á haustdögum var Ólöf Línberg Gústafsdóttir síðan ráðin í starf framkvæmdastjóra í 60% stöðu og tók við daglegum rekstri. Félagið hefur sent fulltrúa á formannfundi og þing FSÍ sem og formannafundi ÍBA svo eitthvað sé nefnt.

Fimleikafélagið nýtur velvilja góðra aðila og fyrirtækja. Má þar nefna:

- Akureyrarbær. Aðstaða Fimleikafélagsins er á háu plani á landsmælikvarða og árlegir styrkir frá bænum koma sér vel í rekstri félagsins.
- Höldur - Bílaleiga Akureyrar sem er félaginu gríðarlega mikilvægt og langtímastyrkur þeirra mikils virði.
- Viðskiptabanka félagsins, Landsbankinn sem hefur komið félaginu til aðstoðar á margan hátt, t.d. verið félaginu til aðstoðar við yfirferð og annað gagnvart rekstri og gefið verðlaun á Akureyrarfjör.
- Sala á auglýsingum/skiltum í salinn hefur gengið nokkuð vel og vonum við að svo verði áfram. Salan er aðallega í formi beinna fjárstyrkja og inneigna.

Um mánaðarmótið nóv.-des. var yfirþjálfara félagsins sagt upp störfum í hagræðingarskyni þar sem ráðinn hafði verið framkvæmdastjóri inn í félagið á nýjan leik, meðfram því var skipulagi breytt með þeim hætti að ekki er lengur starfandi yfirþjálfari yfir öllu félaginu heldur hverri grein fyrir sig. Michaela, starfandi þjálfari tók við starfi yfirþjálfara áhaldafimleika en varð fyrir því óhappi að meiðast illa um svipað leiti og því voru þjálfara mál í áhaldafimleikum nokkuð þúsluspil síðasta part ársins sem þó gekk upp.

Einhverjar breytingar urðu á þjálfaramálum á haustdögum í hóp fimleikum en greinin vel mönnuð og starfið með ágætum í þeim hluta félagsins.

Mikil eftirspurn er jafnan eftir plássi í parkour og þar hefur gjarnan reynst þungt að manna þjálfarastöður og 2019 var engin undantekning á því þó starfið hafi gengið vel en færri komust að en vildu vegna þjálfaraskorts.

Iðkendafjöldi fimleikafélagsins var um 700 sem skiptast í rúmlega 30 hópa. Kynjahlutfallið var stúlkum í hag þar sem u.þ.b 65 % iðkenda voru stúlkur. Aldursbilið var frá 3 ára til 18. Þjálfarar félagsins eru um 55 talsins.

Aðalfundur félagsins var haldinn 31. maí í Giljaskóla. Aðalfundinn sóttu 17 manns auk nokkurra þjálfara og stjórnarmeðlima. Fundarstjóri var Unnsteinn Jónsson og fundarritari Inga Stella Pétursdóttir. Á fundinum fóru fram almenn aðalfundastörf.

Ívar Örn Björnsson gaf kost á sér til áframhaldandi formennsku til eins árs og engin móttframboð bárust. Ívar Örn var því réttkjörinn formaður félagsins.

Á fundinum var framtíð félagsins rædd með tilliti til stefnu bæjaryfirvalda um sameiningu íþróttafélaga, Leitað var samþykki fundarins til að leita samninga annara félaga um samruna sem fékkst. Sú breyting varð á stjórn að Sólveig Jóna Geirsdóttir hætti stjórnarsetu og eitt framboð var komið til tveggja ára frá Rannveigu Ingu Ómarsdóttur og var hún því réttkjörin í stjórn. Tveir gáfu kost á sér í varastjórn á fundinum þau Guðný Björk Jónsdóttir og Tinna Lóa Ómarsdóttir. Voru þau réttkjörnir varastjórnmenn til eins árs.

Mót og viðburðir

Mót og viðburðir sem haldnir voru á árinu 2017 voru; Þrepamót 3 í 1-3 þrepi, Akureyrarfjör Landsbankans, Vorsýning, Subway mót FSÍ í yngri flokkum Hópfimleika og Haustmót FSÍ í áhaldafimleikum hluti I.

Dagana 20.-22. apríl fór fram Akureyrarfjör Landsbankans þar sem öllum iðkendum félagsins 6 ára og eldri gafst kostur að þátttöku. Ekki voru veitt verðlaun hjá iðkendum yngri en 9 ára, heldur fengu allir þátttökuverðlaun. Krýndir voru Akureyrarmeistarar í öllum flokkum og þrepum jafnt í hóp fimleikum/stökkfimi og áhaldafimleikum. Aldursbil þátttakenda á mótiinu var 6-16 ára.



Vorsýningin var hin glæsilegasta að vanda undir stjórn Huldu Rúnar Ingvarsdóttur, Karenar Vatnsdal og Mihaelu Bogodoi. Sýningarnar voru 4 talsins, dagana 28.-29. maí og gleði skein úr hverju andliti. Á vorsýningunni gátu aðstandendur keypt ljósmyndir af hópunum.

Fimleikafélagið sendi keppnishópana sína á flest mót sem haldin voru á vegum FSÍ.

Áhaldafimleikakrakkarnir sóttu Þrepamót, Bikarmót, Íslandsmót og Haustmót. Á Íslandsmótiinu átti félagið um 30 keppendur en þangað komast aðeins þeir sem náð hafa lágmarkseinkunn hvers þreps eftir FSÍ mót vetrarins 2018-2019.

Hópfimleikakrakkarnir sóttu Bikarmót unglinga, WOW bikarmót, Subway mót unglinga og Haustmót I. Einnig fóru keppendur á Stökkfimimót, bæði í Reykjavík og á Akranesi.

Í nóvember fóru 4 iðkendur á úrtökuæfingu FSÍ vegna landsliðsverkefna í áhaldafimleikum þess má geta að þetta er í fyrsta skiptið sem iðkendum FIMAK er boðið á slíka úrtaksæfingu, einn iðkandi komst í þrengra úrtak en ferlið hefur enn ekki verið klárað vegna Covid-19.

Eftir að kennslu lauk á vorönn stóð fimleikafélagið fyrir stuttum sumarnámskeiðum þar sem krökkum gafst kostur á að sækja námskeið sem stóðu yfir viku í senn. Í boði voru leikjanámskeið, Parkour og hopp/skopp. Námskeiðin voru vel mjög vel sótt. Fimleikafélag Akureyrar

hér hjá Akureyri, Norðurevrópumót landsliða í hópfimleikum. Verður þetta mikil lyftistöng fyrir félagið og Akureyrarbæ á allan hátt en undirbúningur er þegar hafinn. Fimleikasamband Íslands er mótshaldari en FIMAK framkvæmdaraðili.

Sameiningarviðræður formlegar og óformlegar hafa átt sér stað við önnur félög á árinu en stjórn FIMAK hefur ekki talið hag félagsins betur búinn með slíkum samruna að svo stöddu.

Í ársbyrjun 2019 yfirfór stjórn og yfirþjálfari reglur ÍBA og félagsins gagnvart útnefningu á fimleikakonu- og karli vegna ársins 2018. Eins og árið áður var ákveðið að í þetta skiptið yrði ekki útnefnt fimleikafólk ársins, þá aðallega vegna þess hversu ungir iðkendur okkar eru en viðmiðunarreglan er sú að slíkar viðurkenningar séu veittar íþróttamönnum 16 ára og eldri.

Lokaorð

Í lok ársins varð það ljóst að í nóvember 2021 yrði haldið

Ívar Örn Björnsson, formaður FIMAK



Stofnað 1935

Golfklúbbur Akureyrar Ársskýrsla 2018

Skýrsla stjórnar 2018

1. nóvember 2017-31. október 2018

Stjórn og nefndir starfsárið 2017-2018

Aðalstjórn:

Formaður: Bjarni Þórhallsson, eitt ár.

Varaformaður: Jón Steindór Árnason, seinna ár.

Ritari: Sigurður Skúli Eyjólfsson, fyrra ár.

Gjaldkeri: Guðlaug M. Óskarsdóttir, seinna ár.

Meðstjórnandi: Örn Viðar Arnarson

Varamenn í stjórn:

1. varamaður Eygló Birgisdóttir, eitt ár, seinna ár.

2. varamaður Viðar Valdimarsson, eitt ár.

Vallarnefnd (GSÍ): Formaður: Örn Viðar Arnarson.

Afreks og unglinganefnd:

Formaður: Anton Ingi Þorsteinsson.

Kapleikjanefnd (GSÍ):

Formaður: Jón Viðar Þorvaldsson.

Arctic Open nefnd: Formaður: John Júlíus Cariglia.

Forgjafar og aganefnd (GSÍ):

Formaður: Björn Axelsson.

Nýliðanefnd: Formaður: Snæbjörn Þór Snæbjörnsson.

Kvennanefnd: Formaður: Ragnhildur Jónsdóttir

Skoðunarmenn ársreikninga:

Sveinn Pálsson, John Júlíus Cariglia.

Húsnefnd: Formaður: Þorsteinn Konráðsson.

Skýrsla formanns

Sælir Góðir GA félagar .

Ég býð ykkur öll velkomin hingað að Jaðar á aðalfund GA starfsárið 2017-2018. Í upphafi fundar langar mig að biðja ykkur að minnast látinna félaga okkar sem létust frá síðasta aðalfundi. En það eru þeir Þór Árnason sem lést þann 14. apríl og Sigurður Stefánsson sem lést þann 5. febrúar. Ég bið fundargesti að rísa á fætur og minnast þeirra Þórs og Sigurðar.

Kæru GA félagar ég vil byrja á því að þakka öllu samstarfsfólki, stjórnarmönnum, nefndarmönnum, starfsmönnum, veitinga manningunni okkar og öllum þeim fjölda sem lagt hafa mikla vinnu á sig fyrir félagið sitt. Mig langar sérstaklega að þakka þeim, ásamt félagsmönnum öllum fyrir gott samstarf á starfsárinu. Nýr framkvæmdastjóri Steindór Ragnarsson var rétt tekin við af Heimi Erni þegar árið hófst og einnig var nýr golfkennari Heiðar Davíð að taka við á sama tíma. Það má því sannarlega segja að hluti ársins hafi farið í það hjá okkur öllum að læra á hlutina og einnig læra hver á annan.

Uppbygging á þar 3 vellið okkar kláraðist í sumar en þar var síðasta brautin tekin í notkun. Og var með því enn einn stöðfest undir afrekstarf okkar. Næstu skref þar verður að laga til í kring um æfinga flatirnar og laga það svæði þar sem fólk getur slegið inn á þær. Einnig var á árinu haldið áfram að lagfæra húsakost félagsins og langar



mig að þakka þeim fjölmörgu sem að því komu. Í sumar fór ný heimasíða í loftið við, að ég best veit, almenna ánægju félagsmanna. Þar var yfirsíður Jón Steindór Árnason og vil ég færa honum miklar þakkir fyrir. Við gerðumst aðilar að GLFR sem er vallarvísir á netinu ásamt því að geta skráð skor og þess vegna uppfært það beint inn á golf.is. Þar er komið enn eitt skrefið í þá átt að hjálpa þeim fjölmörgu sem hingað koma en síðasta sumar voru spilaðir hér um tuttugu þúsund golfhringir. Næsta sumar er áætlað að holustaðsetningar komi líka inn og þannig geta spilarar séð fjarlægð í flagg í appinu hvar sem þeir eru staddir á vellinum, og jafnvel bara heima í stofu.

Á starfsárinu var haldið áfram að byggja upp unglinga starf félagsins og er mér mikil ánægja að segja frá því að nú í lok starfsárs æfa nær þriðjungur fleiri ungmenni golf hjá félaginu en gerðu ári áður. Og nú í vetur hefur æfingum í inni aðstöðu okkar verið fjölgað verulega vegna þessa. Það aftur á móti gerir það að verkum að það verður fjölmennara niðri í golfhöll sem er mjög ánægulegt. Mig langar því að biðja alla félagsmenn að hafa það hugfast en muna jafnframt að það er nóg pláss fyrir alla. Síðasta sumar var þremur ungum kyflingum boðið að taka þátt í Opna Finnska meistaramótinu og etja þar kappi við jafnaldra á erlendri grund. Einnig fóru yngri kyflingar til keppni til annara landa. Félaginu tókst að styðja við bakið á þeim, en var það fyrst og fremst tilkomið vegna veglegrar peninga gjafar frá einum félaga okkar í ferðasjóð ungmenna. En það var Jón Þór Gunnarsson GA félagi sem kom með þá hugmynd að stofna sérstakan ferða og styrktarsjóð fyrir slík verkefni og lagði sjálfur fram stofnframlag.

Síðasti vetur var okkur GA félögum í meðallagi góður og völlurinn kom þokkalega undan vetri. En það má að mörgu leiti þakka þeirri vinnu sem fram fer að hausti og vetri. En einnig þeirri miklu vinnu sem búið er að leggja í

völlinn á liðnum árum. Mikil vinna er lögð í umhirðu og eftirlit flata yfir vertrarmánuðina sem skiptir gríðarlega miklu máli að vel sé staðið að. Með þeirri vinnu og reynslu sem hefur skapast innan okkar teymis fara gæði vallarins ört hækkandi. Næstu framfaraskref Jaðarsvallar má segja að séu dren framkvæmdir og þá helst á nokkrum af okkar brautum

Eins og flestum er kunnugt er nú að ljúka mörgum af þeim stóru verkum sem við höfum staðið í, svo sem uppbyggingu vallar og æfingasvæðis. Enn er þó eftir ýmis frágangur í kringum æfingasvæði sem ætti að klárast næsta sumar. Því að ekki megum við gleyma að allt útlit svæðisins er eitt af því sem skiptir miklu máli í upplifun gesta okkar sem heimsækja Akureyri til að spila golf. Og við megum ekki gleyma því að hingað koma hátt á annað þúsund manns ár hvert til að spila völlinn. Vissulega hefur fjárhagsstaða félagsins liðið fyrir þessar miklu framkvæmdir. En eins og rekstur féagsins er í dag og fjárhagsáætlun næsta árs ber með sér, þá teljum við að félagið standi mjög vel og eftir næsta starfsár enn betur. Að lokum vona ég að veturinn verði öllum góður, jafnt mannfólki sem grasinu á flötunum okkar, og við getum gengið glöð út á golfvöll á fyrstu sumardögum nýs árs. Þakka ég ykkur öllum fyri liðið golfsumar og sérstakar þakkir til starfsmanna sem unnu gríðalega gott starf fyrir okkur á liðnu starfsári.

Takk fyrir.

Bjarni Þórhallsson, formaður GA

Skýrsla vallarnefndar

Árið 2018 var frábært golfár, við opnuðum völlinn 16. maí á miðvikudegi eftir að hafa haldið frábærann vinnudag þann 12. maí. Á vinnudeginum voru unnin hin ýmsu verk, almenn hreingerningarstörf eftir veturinn og svo var unnið

að stígagerð frá 12. flöt og í átt að golfskála. Í sumar lögðu svo sumarstarfsmenn allann kraft í umhirðu Jaðarsvallar sem var vel tekið eftir.

Völlurinn þótti í flottu ástandi í sumar og þá sérstaklega fyrir part sumars eða fram í miðjan ágúst. Veðurfarið var frábært fyrir part sumars en blotnaði heldur í seinni part sumars sem gerði okkur erfitt fyrir. Mjög vel var mætt í mótin okkar þar sem kylfingar létu ánægju sína í ljós með völinn. Ljóst er að næstu framfararskref vallarins verða framkvæmdir við drenun brauta.

Kylfingar spiluðu mikið í haust og var völlurinn opinn til 2. nóvember með litlum takmörkunum. Mjög grant var fylgst með snjóalögum og klakamyndun á flötum vallarins síðasta vetur sem fyrir. Starfsmenn vallarins öðlast meiri og meiri reynslu og þekkingu varðandi vetrarskaða á snöggslegin grassvæði sem tekið er eftir. Mikið er lagt upp úr að mokað sé af flötum þegar hláku er að vænta um og eftir áramótin ef klaki hefur myndast á flötunum. Sú vinna hefur tekis vel undanfarið og er ljóst að þekking og reynsla okkar í þeim málum er að aukast en með slíkri vinnu má lágmarka klakamyndun.

Klúbburinn sá um rekstur og umhirðu Lundsvallar í sumar. Sjálfvirk vökvunarkerfi var sett upp og virkaði það mjög vel, ljóst er að það mun hjálpa vellinum að vaxa og dafna. Samstarf okkar við KA og Þór gekk áfram vel og voru vellirnir í frábæru ástandi í sumar. Þökkum við þeim fyrir gott samstarf í sumar. Samstarf okkar við klúbba hér á Norðurlandinu hélt áfram við góðann orðstír og þökkum við þeim fyrir samstarfið í ár.

Með kveðju,

Vallarnefnd

Skýrsla kappleikjanefndar

Mótahald sumarsins tókst nokkuð vel en opnunarmót GA var haldið 3. júní, tæpum tveimur vikum seinna en sumaríð 2017 og tóku 35 eldsprækir kylfingar þátt. Síðasta mót sumarsins var síðan haldið 20. október þegar Ísland og Spánn áttust við í Bændaglímunni í blíðskaparveðri þar sem Íslendingar höfðu betur eftir skemmtilega keppni en eftir mótið fengu liðin sér súpu hjá Víðalín eftir vel heppnað mótasumar. Akureyrarmótið var haldið í byrjun júlímánaðar og voru það Tumi Kúld og Marianna Ulriksen sem urðu Akureyrameistarar og óskum við þeim kærlega til hamingju með það.

Tvö GSÍ mót voru haldin á Jaðri en annarsvegar var haldið Íslandsmót unglunga í holukeppni 20-22 júlí og hins vegar sveitakeppni öldunga 1. og 2. deild kvenna. Við hjá GA eignuðumst tvo Íslandsmeistara í holukeppni unglunga þegar Lárus Ingi tryggði sér sigur í flokki 15-16 ára og Andrea Ýr í flokki telpna 15-16 ára. Frábær árangur hjá þessum flottu krökkum. Öldungasveit okkar í kvennaflokki hélt sæti sínu með glæsibrag í 1. deild og endaði í fjórða sæti en það mót var haldið helgina 17-19 ágúst.

Ágúst mánuður var að venju að miklu leyti undirlagður í mótahald og ber þar helst að nefna Icewear bombuna, Hjóna- og paramót Golfskálans og GA og Volkswagen Open. 140 þátttakendur tóku þátt í bombunni, 216 í Hjóna- og paramótinu og 168 í Volkswagen Open. Svo

sannarlega þrjú stórglæsileg og fjölmenn mót sem gengu vel hjá okkur og vonum við að svona þátttaka náist í fleiri mót á næstu árum.

Við hjá GA viljum þakka þeim fjölmörgu styrktaraðilum sem hjálpuðu okkur við að hafa mótahald okkar eins fjölbreytt og flott og raun ber vitni. Einnig ber að þakka þeim sjálfboðaliðum og því starfsfólki sem kom að móta-haldi sumarsins á einn eða annan hátt fyrir þeirra aðstoð. Við stefnum enn herra á næsta ári í mótahaldi og hlökkum til komandi ára.

Skýrsla arctic open nefndar

Arctic Open mótið fór fram dagana 20.-23. Júní og má sjá nefndarmeðlimi hér fremst í skýrslunni. Helstu samstarfsaðilar mótsins voru Flugfélag Íslands, Vodafone, Isavia, MS og Íslensk-Ameríska. Þökkum við þessum fyrirtækjum sérstaklega fyrir stuðninginn ásamt öðrum samstarfs- og styrktaraðilum.

Alls voru rétt tæplega 200 þátttakendur í mótinu í ár, þar af voru 30 erlendir kylfingar. Völlurinn var kominn í fint stand yfir mótið og má þar að miklu leyti þakka vallasstarfsmönnum sem unnu mjög gott starf í aðdraganda mótsins við að ná því besta fram í vellinum. Við viljum þakka þeim fyrir ásamt þeim sjálfboðaliðum sem hjálpuðu til við mótið og allt það utanumhald sem tengist móti af þessari stærðargráðu.

Fjölmargir lögðu leið sína í opunarhátíð mótsins á miðvikudagskvöldi þar sem boðið var upp á smárétti og drykki og trúbador. Góð stemming skapaðist og var haldin chip-keppni út á Klöppum ásamt keppni í lengsta drive-I. Lengsta drive-ið átti Elfar Halldórsson, 282 metrar og í 100 metra chip challengeinu var Jairzinho Pourier dreginn út. Veðurfarið var tvískipt eftir dögum, fyrri daginn voru keppendur barðir áfram af vindinum en seinni daginn var æðislegt veður og sólsetrið undurfagurt.

Mikil stemming skapaðist í kringum leiki íslenska landsliðsins á Heimsmeistaramótinu í Rússlandi þrátt fyrir að úrslitin hafi ekki verið eins og vonir stóðu fyrir. Rástímar í mótinu voru aðlagðir svo að sem flestir gætu séð leik Íslands og Nígeríu og er var gríðarlega fjölmennt í skálanum yfir leiknum. Á laugardagskvöldinu hélt Eyþór Ingi uppi stuðinu langt frameftir nóttu með sinni einstöku kímigáfu og himneska söng og var mikil ánægja með hann hjá þeim þátttakendum sem lögðu leið sína upp á Jaðar á um kvöldið.

Marsibil Sigurðardóttir úr GHD varð Arctic Open meistari 2018 en er þetta í annað skiptið sem hún vinnur mótið, frábær árangur hjá henni. Ingi Steinar Ellertsston vann högggleikinn án forgjafar, Jón Þór Gunnarsson reyndist hlutskarpastur í flokki 55 ára og eldri og í högggleik kvenna sigraði Stefánía Kristín Valgeirsdóttir. Arctic Open nefndin þakkar fyrir mótið í ár og er strax hafin sú mikla vinna sem þarf fyrir mótið 2019 og hlökkum við til að stækka við mótið og halda því flotta starfi áfram sem hefur verið unnið undanfarin ár.

F.h. Arctic Open nefndar,

Jón Heiðar Sigurðsson



Skýrsla kvennanefndar

Starfsemin byrjaði með hefðbundnum hætti með vorkundi þann 5. apríl þar sem ný stjórn tók til starfa og skipulag sumarstarfsins var kynnt í stórum dráttum. Nefndina skipa Anna Pálína Jóhannsdóttir, Hrefna Svanlaugsdóttir og Ragnhildur Jónsdóttir. Arnheiður Arngrímsdóttir, Brynja Friðfinnsdóttir og Inga Hrönn Einarsdóttir luku sinni stjórnarsetu og í stað þeirra komu Harpa Ævarrsdóttir, Kristveig Atladóttir og Linda Hrönn Benediktsdóttir. Nefndin þakkar Arnheiði, Brynju og Ingu Hrönn fyrir vel unnin störf í þágu kvennastarfs.

Þeir viðburðir sem kvennanefnd hélt utan um á árinu voru hin hefðbundnu kvennakvöld vön-óvön, Hatta- og pilsamótið og haustferð. Að auki var boðið til reglukvölds í upphafi golfsumars til að hressa upp á regluþekkinguna. Tryggvi Jóhannsson landsdómari sá um fræðsluna. Þar mættu 32 konur.

Kvennakvöldin voru þrjú, haldin 11. júní, 9. júlí og 13. ágúst. Markmið nefndarinnar var sem fyrr að ná til kvenna sem eru að stíga sín fyrstu skref á golfvöllinum og bjóða upp á skemmtilega samveru fyrir félagskonur. Þar tókst vel til, það var afar góð mæting á kvennakvöldin, kringum 30 konur, mikið til nýliðar. Á kvennakvöldum voru spilaðar ýmsar útgáfur af liðakeppnum og veitt verðlaun í lokin en þar réð heppnin hverjir hlutu verðlaun með útdrætti á skorkortum. Hatta og pilsamótið var haldið þann 27. júlí og þar mættu 44 konur til leiks. Að venju var mikið lagt upp úr búningum og konur mættu í sínu finasta pússi. Spilað Texas Scramble 9 holur í stað einstaklingskeppni til að hvetja óvanari golfkonur til að taka þátt. Það mæltist almennt vel fyrir.

Hápunktur sumarstarfsins var haustferð á Siglufjörð um miðjan september þar sem var tekið mjög vel á móti hópnum bæði á nýja golfvöllinum sem og á Hótel Sigló í mat og gistingu. Þarna fékk keppnisskapið að blómstra, spiluð var 18 holu punktkeppni með forgjöf. Þarna mættu 39 konur til leiks og spiluðu í einmuna veðurbliðu. Við erum ánægðar í lok góðs golfárs og viljum sérstaklega þakka Steindóri framkvæmdastjóra, Jóni Vídalín og öllu hinu góða starfsfólki GA fyrir aðstoð, lán á golfbílum og umburðarlyndi. Þá viljum við einnig þakka þeim fjölmörgu fyrirtækjum og einstaklingum sem lögðu okkur til verðlaun á mótin okkar eða aðstoðuðu á annan hátt.

Takk fyrir okkur.

Kvennanefnd GA 2018

Skýrsla golfkennara

Árið 2018 var nóg að gera við þjálfun hjá klúbbum.

Golfskóli GA var á sínum stað yfir sumarið og yngsta kynslóð Akureyrar fjölmennti í námskeiðin hjá okkur. Stefanía Kristín sér um að þjálfa yngri kynslóðina okkar og alls eru 34 krakkar á aldrinum 10 ára og yngri sem stunda æfingar. Heiðar Davíð sér um þjálfun eldri hópanna og alls eru 42 iðkendur sem eru 11 ára og eldri að stunda æfingar. Iðkendur í barna og unglingastarfi klúbbsins 2018 eru því 76 talsins sem er fjölgun frá síðasta ári um 21 iðkanda. Æfingar fyrir öldunga voru tvisvar í viku, ein fyrir karlana og ein fyrir konurnar. Konurnar mættu mjög vel á æfingarnar.

Árangur GA á mótariðum barna og unglinga var eftirfarandi:

Á Norðurlandsmótariðinni voru iðkendur okkar á verðlaunapalli í flestum flokkum í hverju móti og aukning varð á mætingu krakka og unglinga GA sem er jákvæð þróun. Þegar mest var voru nálægt 30 iðkendur frá GA í einu móti. Á Áskorendamótariðinni vorum við alls 5 sinnum á verðlaunapalli. Alls voru okkar keppendur ellefu sinnum á verðlaunapalli á Íslandsbankamótariðinni og þrisvar sinnum fögnuðum við sigri. Andrea Ýr og Lárus Ingi urðu Íslandsmeistarar í holukeppni 15 til 16 ára. Andrea varð stigameistari í sínum flokki og Lárus hafnaði í öðru sæti stigalista í sínum flokki.

Á Eimskipsmótariðinni var Íslandsmótið í höggleik haldið í Vestmannaeyjum, Andrea Ýr náði besta árangri leikmanna GA og hafnaði í 9.sæti. Alls voru níu keppendur frá GA í mótinu.

Á Íslandsmótinu í holukeppni komust Kristján Benedikt og Andrea Ýr upp úr sínum riðlum og í 8 manna úrslit en töpuðu þar fyrir þeim aðilum sem á endanum urðu Íslandsmeistarar og það má geta þess að Andrea tapaði í bráðabana. Alls voru fjórir keppendur í mótinu frá GA.

Á Íslandsmóti öldunga voru tveir keppendur frá GA. Það voru Björgvin Þorsteinsson og Ólafur Auðunn Gylfason. Höfnuðu þeir í 7 og 8.sæti í flokki 50+.

Á Íslandsmóti golfklúbba var árangur GA eftirfarandi:

- 15 ára sveit drengja hafnaði í 3. sæti.
- 15 ára sveit stúlkna hafnaði í 5. sæti.
- 18 ára sveit pilta hafnaði í 6. sæti.
- Karlasveit GA lék í efstu deild og hafnaði í 5. sæti.
- Öldungasveit karla sigraði 2. deildina og leikur í efstu deild næsta sumar.
- Öldungasveit kvenna hafnaði í 5.sæti í efstu deild.

Heilt yfir var árangur okkar í Íslandsmóti golfklúbba góður og vonandi tekst okkur að byggja á þessum árangri næstu árin og bæta okkur smátt og smátt.

Við viljum þakka stjórn klúbbsins, barna- og unglinganefnd og klúbbfélögum fyrir ánægjulegt samstarf á árinu. Fyrsta ár okkar sem þjálfarateymi hefur verið með ágætum, krökkum fjölgaði í starfinu og Íslandsmeistaratitlarnar komu í klúbbinn. Við viljum að sjálfsögðu alltaf gera betur og vonandi tekst okkur öllum sem erum í klúbbum að lyfta GA á enn herra plan.

Heiðar Davíð og Stefanía Kristín



Stofnað 1935

Golfklúbbur Akureyrar

Ársskýrsla 2019

Skýrsla stjórnar 2019

1. nóvember 2018-31. október 2019

Stjórn og nefndir starfsárið 2018-2019

Aðalstjórn:

Formaður: Bjarni Þórhallsson, eitt ár.

Varaformaður: Jón Steindór Árnason, eitt ár.

Ritari: Sigurður Skúli Eyjólfsson, seinna ár.

Gjaldkeri: Guðlaug M. Óskarsdóttir, fyrri ár.

Meðstjórnandi: Eygló Birgisdóttir.

Varamenn í stjórn:

1. varamaður: Vigfús Ingi Hauksson, eitt ár, fyrri ár.

2. varamaður: Viðar Valdimarsson, eitt ár

Vallarnefnd (GSÍ): Formaður: Heimir Jóhannsson.

Afreks- og unglinganefnd:

Formaður: Anton Ingi Þorsteinsson.

Kapleikjanefnd (GSÍ):

Formaður: Jón Heiðar Sigurðsson,

Arctic Open nefnd: Formaður: Jón Heiðar Sigurðsson.

Forgjafar- og aganefnd (GSÍ):

Formaður: Björn Axelsson.

Nýliðanefnd:

Formaður: Stefanía Kristín Valgeirsdóttir.

Kvennanefnd:

Formaður: Linda Hrönn Benediksdóttir.

Skoðunarmenn ársreikninga:

Sveinn Pálsson, John Júlíus Cariglia.

Húsnefnd: Formaður: Þorsteinn Konráðsson.

Skýrsla formanns

Ég býð ykkur öll velkomin hingað á Jaðar á aðalfund GA starfsárið 2018-2019. Í upphafi fundar langar mig að biðja ykkur að minnast látinna félaga okkar sem létust frá síðasta aðalfundi. En það eru þau Guðrún Björg Harðardóttir sem lést þann 19. janúar, Stefán Haukur Jakobsson sem lést 27. apríl, Guðríður Þorsteinsdóttir sem lést 2. júlí og Ólafur Búi Gunnlaugsson sem lést þann 15. nóvember. Ég bið fundargesti að rísa á fætur og minnast þeirra.

Kæru GA félagar ég vil byrja á því að þakka öllu samstarfsfólki, stjórnarmönnum, nefndarmönnum, starfsmönnum, veitingamanninum okkar og öllum þeim fjölda sem lagt hafa mikla vinnu á sig fyrir félagið sitt. Mig langar sérstaklega að þakka þeim, ásamt félagsmönnum öllum fyrir gott samstarf á starfsárinu. Framkvæmdastjórinn okkar, Steindór Ragnarsson, sýndi og sannaði á árinu að hann er rétti maðurinn í starfið. Golfkennararnir okkar þau Heiðar Davíð og Stefanía Kristín eru búin að vinna

ótrúlegt starf við að fjölga ungum kylfingum. Þannig að framtíðin er björt og það á eftir að vera mjög spennandi að vinna með þessum nýja hóp sem er að koma inn í félagið. Ég held að við öll höfum tekið eftir auknum fjölda unglinga á vellinum síðasta sumar, sem er ótrúlega ánægjulegt.

Uppbygging á þar 3 vellinum okkar er nú lokið og hefur það sýnt sig að fleiri og fleiri nota hann. Bæði ungir sem eru að byrja í golfi eins þeir sem vilja æfa stutta spilið. Eins var unnið að því að laga meira til á æfingasvæði félagsins.

Einnig var á árinu haldið áfram að lagfæra húsakost félagsins og langar mig að þakka þeim fjölmörgu sem að því komu. Sérstaklega þeim sem tóku að sér að laga þakið á turnunum. Nú í haust var síðan hafist handa við að leggja göngustíg meðfram götunni að Jaðri. Ásamt því að þar er sett upp lýsing. Þannig að nú nýtist stígurinn í gegnum völlinn betur en þarna kemur tengin upp á hann.

Á árinu var haldið áfram að byggja upp unglingastarf félagsins og er mér mikil ánægja að segja frá því að nú í lok starfsárs æfa nær þriðjung fleiri ungmenni golf hjá félaginu en gerðu ári áður og er þetta annað árið í röð sem svona fjölgun er. Fjöldi GA félaga er komin yfir 800 í fyrsta skipti í sögu félagsins en það sem er óvenjulegt er að nær öll fjölgunin er hjá 18 og yngri. Það má því reikna með að oft verði fjölmennt í golfhöllinni. En í vetur hefur æfingum í inni aðstöðu okkar verið fjölgað verulega vegna þessa.

Síðasti vetur var okkur GA félögum góður og völlurinn kom mjög vel undan vetri. Það opnaði óvenju snemma og í sumar var völlurinn opin í meira en 5 og hálfan mánuð og er það vel. Áfram var haldið vinnu við að bæta völlinn og þar má sérstaklega nefna brautir voru skornar til að bæta þær. Vinnu við dren var einnig haldið áfram og þar liggja næstu skref til að þurrka mýrarsvæði og fá þar með jafnari og betri grasvöxt. Því á þann hátt getum við skartað flottum keppnisvelli í allt sumarið.

Mótahald sumarsins gekk mjög vel og hélt GA eitt mót á Íslandsbankamótaröð GSÍ þar sem heimamenn stóðu sig mjög vel og alls unnu 5 unglingar til verðlauna, og Andrea Ýr var sigurvegari í sínum flokki. Önnur stór mót sumarsins gengu mjög vel og fengum við mjög ánægjulegt hrós frá þátttakendum í þeim, bæði fyrir umgjörð og gæði vallarins. Meistaramót GA var haldið snemma í júlí og Akureyrar meistara voru þau Örvar Samúelsson og Stefanía Kristín Valgeirsdóttir og óskum við þeim kærlega til hamingju.

Eins og ég sagði í fyrri er nú að ljúka mörgum af þeim stóru verkum sem við höfum staðið í, svo sem uppbyggingu vallar og æfingasvæðis, þó að alltaf megi gera meira þá er grunnurinn kominn og nú er það meira viðhald sem stendur fyrir dyrum. Stækkandi félag þarf líka stærri aðstöðu og því

megum við ekki gleyma og nú er komið að því að taka næstu skref en nánar um það á eftir. Við ætlum að gera upplifun gesta okkar sem heimsækja Akureyri til að spila golf það eftirminnilega að þeir komi sem fyrst aftur. Og við megum ekki gleyma því að hingað koma mörg þúsund manns ár hvert til að spila völinn. Vissulega hefur fjárhagsstaða félagsins liðið fyrir þessar miklu framkvæmdir. En eins og rekstur félagsins er í dag og glögglega sést í fjárhagsáætlun næsta árs, þá teljum við að félagið standi mjög vel og í árslok getum við með sanni sagt, „við erum komin yfir erfðasta hjallann“ eftir mörg ár af mikilli vinnu við uppbyggingu.

Að lokum vona ég að veturinn verði öllum góður, jafnt mannfólki sem golfvölinum, og við getum gengið glöð út á golfvöll sem fyrst á nýju ári. Þakka ég ykkur öllum fyrir liðið starfsár og sérstakar þakkar til starfsmanna sem unnu gríðarlega gott starf fyrir okkur á liðnu starfsári.

Takk fyrir,

Bjarni Þórhallsson, formaður GA

Skýrsla vallarstjóra

Árið 2019 var mjög flott ár fyrir Jaðarsvöll. Golfvertíðin byrjaði með vinnudegi þann 5. maí þar sem vel var mætt og hin ýmsu mál leyst. Jaðarsvöllur var svo opnaður 7. maí í frábæru ásigkomulagi, segja má að grassvæðin hafi verið mánuð á undan meðalárinu í gæðum.

Vinnudagurinn er alltaf mjög mikilvægur fyrir starfsmenn og kylfinga, góður vinnudagur skilar sér langt inn í sumarið þegar vel tekst til. Þökkum við þeim frábæru sjálfbóðaliðum sem ávallt mæta og taka til hendinni við völinn, rúmlega 60 manns mættu þetta árið.

Dúddisen völlurinn var opnaður 29. apríl, en hann gegnir mikilvægu hlutverki í okkar starfsemi. Notkun hans eykst jafnt og þétt sem er mikið gleðiefni fyrir okkur hjá GA.

Áhersla var lögð á aukin grasgæði og mikla snyrtimennsku sem skilaði sér í mikilli ánægju kylfinga sem sóttu Jaðarsvöll í sumar. Veðurfar var frekar hægstætt fyrir völinn alveg fram í ágúst þegar eins og árið áður blotnaði verulega í völinum og urðu nokkrar brautir mjög blautar. Það er því ljóst að halda þarf áfram með drenframkvæmdir á 5 brautum eða brautarhlutum. Stefnt er að grafa dren í þessar brautir á næstu tveimur árum.

Völlurinn lokaði síðan formlega mánudaginn 21. október og var því völlurinn opinn í fimm og hálfan mánuð árið 2019. Samstarf okkar hélt áfram á Lundsvelli ásamt því að sjá um umhirðu á knattspyrnuvöllum KA og Þórs. Þökkum við þeim fyrir frábært samstarf.

Með kveðju,

Steindór og Gunnar Ernir

Skýrsla kappleikjanefndar

Mótahald sumarsins 2019 gekk vel og voru fjölmargir kylfingar sem lögðu leið sína á Jaðarsvöll til að taka þátt í fjölbreyttum mótum á vegum GA. Opnunarmót GA var haldið 18. maí, tveimur vikum fyrr en sumarið áður og tóku 68 kylfingar þátt í mótinu. Síðasta mót sumarsins var síðan haldið 6. október en það var Haustmót GA þar sem 70 kylfingar tóku þátt. Mótahald okkar spannaði því fjóra og



hálfan mánuð þetta sumarið sem verður að teljast býsna gott. Bændaglíman var á sínum stað en hún var haldin í lok september þar sem rúmlega 80 GA félagar gerðu sér glaðan dag undir handleiðslu Heiðars og Stefáníu og var hart barist.

Akureyrarmótið var haldið 10. júlí og voru það þau Stefanía Kristín og Örvar Samúelsson sem urðu Akureyrarmeistarar í meistaraflokki. Bæði Örvar og Stefanía voru að vinna titilinn í fimmta skiptið á sínum ferli, virkilega vel gert hjá þeim báðum. Um miðjan júlí var haldið unglingamót GSÍ á Jaðarsvelli þar sem, Andrea Ýr sigraði í 17-18 ára flokki kvenna.

Að venju voru mörg stórmótin í ágústmánuði en má þar helst nefna Icewear bombuna, Hjóna- og paramót Golf-skálans og GA, Höldur Open og Landsmót Oddfellowa. 158 þátttakendur voru í bombunni, 192 í hjóna- og parakeppninni, 144 í Höldur Open og 127 í Landsmóti Oddfellowa. Svokölluð stórmót má kalla þessi mót og var því nóg um að vera í ágústmánuði en fleiri mót voru einnig haldin.

Við hjá GA viljum þakka þeim fjölmörgu styrktaraðilum sem gerðu okkur kleift að halda eins glæsileg mót og raun ber vitni en án þeirra væri þetta ekki hægt. Einnig viljum við þakka þeim sjálfbóðaliðum og því starfsfólki sem lagði lóð sín á vogarskálarnar þetta sumarið. Við viljum gera enn betur og hlökkum til að bæta í fyrir árið 2020 í mótahaldi GA.

F.h. Kappleikjanefndar,

Jón Heiðar Sigurðsson

Skýrsla arctic open nefndar

Arctic Open mótið fór fram dagana 19.-22. júní og má sjá nefndarmeðlimi hér fremst í skýrslunni. Helstu samstarfsaðilar mótsins voru Flugfélag Íslands, Isavia, MS, FootJoy á Íslandi og Toyota á Íslandi. Við hjá GA viljum þakka þessum sérstaklega fyrir stuðninginn ásamt öðrum samstarfs- og styrktaraðilum. Rétt um 200 þátttakendur voru skráðir í mótið í sumar en færri útlendingar mættu en von var á og ætlum við að bæta það á næsta ári. Völlurinn var í algjöru toppstandi þegar mótið hófst og eiga vallarstarfsmenn sem og veðurguðirnir miklar þakkar skildar fyrir þeirra störf í aðdraganda mótsins. Fjöldi lagði leið sína upp á Jaðar á miðvikudagskvöldinu í opunarhátíð mótsins þar sem mótsgögn voru afhent og boðið upp á smárétti og drykki. Góð stemming myndaðist og var árlega drivekeppnin á sínum stað þar sem Elfar Halldórsson fór enn og aftur með sigur úr bitum í töluverðum mótvindi. Á loka-hófinu var síðan hinn eini sanni Gummi Ben veislustjóri og Rúnar Eff kíkti við og tók nokkra slagara af sinni alkunnu snilld og var stemmingin og gleðin svo sannarlega við völd.

Ólafur Auðunn Gylfason varð Arctic Open meistari 2019 með 80 punkta, Sigurbjörn Þorgeirsson vann högggleikinn á 140 höggum eða tveimur höggum undir pari vallarins. Gauti Grétarsson fór með sigur úr býtum í flokki 55 ára og eldri á 151 höggum og það var síðan hún Anna Jódís Sigurbergsdóttir sem vann högggleik kvenna á 160 höggum.

Arctic Open nefndin vill þakka fyrir mótið í ár og þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem hjálpuðu til við að hafa mótið eins glæsilegt og það var en töluverð vinna liggur á baki að halda mót af þessari stærðargráðu. Við hlökkum til Arctic Open 2020 og erum strax byrjuð að vinna þá forvinnu sem þarf til að halda því flotta starfi áfram sem hefur verið unnið undanfarin ár.

F.h. Arctic Open nefndarinnar,

Jón Heiðar Sigurðsson

Skýrsla kvennanefndar

Kvennastarfi GA hófst með hefðbundnum hætti með vorfundi þann 11. apríl. Á þeim fundi var kynnt ný kvennanefnd. Þær Harpa Ævarrdsóttir, Kristveig Atladóttir og Linda Hrönn Benediktsdóttir héldu áfram störfum en þær Anna Pálína Jóhannsdóttir, Hrefna Svanlaugsdóttir og Ragnhildur Jónsdóttir gengu úr nefndinni og voru þeim þökkuð vel unnin störf síðustu tvö árin. Í þeirra stað komu inn í nefndina þær Aníta Jónsdóttir, Björg Konráðsdóttir og Bryndís Björnsdóttir. Á fundinum var farið yfir sumaríð framundan auk þess sem Stefánía Kristín golfkennari kynnti fyrirhugaðar æfingar fyrir kylfinga GA.

Kvennanefnd stóð fyrir hinu hefðbundna vön/övön kvennaspili þrisvar í sumar, 10. júní, 8. júlí og 19. ágúst. Ýmsar útgáfur af golfi voru spilaðar og áherslan lögð á að bjóða nýjar konur velkomnar, gefa þeim tækifæri til að spila með þeim sem eru vanar og síðan en ekki síst að hafa gaman saman. Um 40 konur mættu hverju sinni og mjög ánægjulegt sjá þar mörg ný andlit.

Hið árlega Hatta- og pilsamót var haldið þann 26. júlí og var það haldið í þrítugasta skipti. Þann dag rigndi meira en nokkurn annan dag í sumar en rétt á meðan spilið stóð yfir stytta upp og rúmlega 40 konur í sínu finast þússi og skemmtu sér hið besta á vellinum. Spiluð var 9 holu punktakeppni þar sem voru verðlaun fyrir 3 efstu sætin en einnig veitt verðlaun fyrir ýmislegt annað óvænt. Í tilefni afmælisins safnaði nefndin saman myndum frá fyrri Hatta- og pilsamótum og lét rúlla eftir spilið yfir góðum veitingum frá Vídalín-veitingum. Það var sérstaklega skemmtilegt að með okkur þetta kvöld voru 4 konur sem tóku þátt í fyrsta mótinu fyrir 30 árum.

Í lok sumars eða 7. september var farið í haustferð. Að þessu sinni var farið í dagsferð á Sauðárkrók þar sem við fengum góðar móttökur. Sauðkrækingar skipulögðu 18 holu golfmót fyrir okkur sem spilað var í töluverðum vindi en nánast spánarhita. Að móti loknu var dýrindismatur og almenn gleði að hætti golfkvenna á Kaffi Krók. Þátttaka í ferðina var góð eða rúmlega 40 konur.

Sumarið var gott og erum við fullar bjartsýni á áframhald kvennastarfs GA. Við þökkum gott samstarf við starfsfólk GA og Vídalín-veitingar og vonumst til að framhald verði þar á. Einnig ber að þakka þeim sem styrktu

okkur með góðum verðlaunum og öðru sem gerði okkur kleift að halda úti sumarstarfinu.

Takk fyrir okkur,

Kvennanefnd GA

Skýrsla golfkennara

Æfingar hjá öllum flokkum voru fimm daga vikunnar í sumar og einnig var Golfskóli GA haldinn reglulega yfir sumarið þar sem þeir Tumi Hrafn og Víðir Steinar voru ráðnir til að hafa yfirumsjón með námskeiðunum. Iðkendur á aldrinum 18 ára og yngri hefur fjölgað í 240 og er það gríðarlega vel. Yngri kynslóðin var ekki ein um að vera dugleg að æfa sig því alls mættu 54 konur og 19 karlar á æfingar sem boðið var uppá fyrir almenna kylfinga yfir sumarið. Æfingar fatlaðra héldu sér einnig einu sinni í viku en hópurinn samanstendur af 5 einstaklingum sem sækja æfingar hjá GA reglulega allt árið kring. Auk þess var haldið út æfingum fyrir öldungasveitirnar þegar leið á sumarið og Íslandsmót golfklúbba nálgast.

Á Norðurlandsmótaröðinni var Golfklúbbur Akureyrar iðulega með meirihluta. Alls voru 51 ungmenni sem tóku þátt í einhverjum mótum Norðurlandsmótaraðarinnar en þar af mættu 20 á öll mótin og mest tóku 41 iðkandi frá GA þátt í mótinu á Ólafsfirði. Þriðjudagsmótaröðin var einnig á sínum stað þar sem 26 iðkendur spiluðu 9 eða 18 holur á Jaðri.

Á Íslandsmótum golfklúbba átti Golfklúbbur Akureyrar sveitir í 1. deild alls staðar þar sem við sendum sveitir fullorðinna og 3 af 4 sveitum barna og unglunga fóru í undanúrslit sem sýnir stöðugan vöxt og uppgang í starfinu.

Úrslit allra sveita voru eftirfarandi:

- Sveit stúlkna 15 ára og yngri endaði í 3. sæti.
- A sveit drengja 15 ára og yngri endaði í 4. sæti.
- Blönduð B sveit drengja og stúlkna 15 ára og yngri endaði í 13. sæti.
- Sveit 18 ára og yngri pílta endaði í 4. sæti.
- Karlasveit GA endaði í 5. sæti í 1. deild.
- Öldungasveit karla endaði í 4. sæti í 1. deild.
- Öldungasveit kvenna endaði í 7. sæti í 1. deild.

Yngri iðkendur okkar héldu áfram að standa sig vel á Íslandsbankamótaröðinni og áttum við keppanda á verðlaunapalli í öllum mótum. Í heildina voru börn og unglingar í GA 13 sinnum á verðlaunapalli í sumar sem er aukning frá síðasta sumri og 7 verðlaun af þessum 13 voru í Íslandsmótum, hópurinn sem er að komast á pall er einnig að breikka sem er jákvætt. Á Öldungamótaröðinni náðu kylfingar GA ágætum árangri þar sem Ólafur Gylfason varð í 3. sæti í öðru móti mótaráðarinnar og enduðu þeir Björgvin Þorsteinsson jafnir í 8. sæti í flokki 50+ á Íslandsmóti öldunga.

Heilt yfir erum við þjálfarar hættanægðir með þær framfarir sem hafa orðið í starfinu og þá fjölgun sem hefur verið síðastliðinn vetur og sumar. Við lentum í raun í smá vandræðum yfir hásumarið við að anna öllum þeim fjölda sem mætti á æfingar hjá GA, en það er frábært vandamál sem við erum spennt að takast á við.

Við viljum þakka öllum iðkendum, félagsmönnum, barna- og unglinganefnd og stjórn klúbbsins fyrir gott samstarf á liðnu ári og vonum að komandi ár verði enn betra!

Heiðar Davíð og Stefánía Kristín



Stofnað 2005

Hamrarnir Ársskýrsla 2018 og 2019

Ársskýrsla 2018

Á aðalfundi félagsins var stjórn félagsins kosin og var hún skipuð eftirfarandi:

Þorgeir Rúnar Finnsson – formaður,
Stefán Guðnason – varaformaður,
Gunnar Þórir Björnsson – gjaldkeri,
Arnór Sigmarsson – meðstjórnandi,
Sindri Kristjánsson – meðstjórnandi.

Hamrarnir sendu lið til til keppni í 1.deild í knattspyrnu og enduðu þær í níunda sæti af tíu liðum. Fall niður um deild var því hlutskipti liðsins þetta árið. Líkt og árin áður átti liðið í samstarfi í 2.fl. með Þór/KA og endaði sameinað lið í 4. sæti A deildar 2. flokks ásamt því að komast alla leið í úrslitaleikinn í bikarkeppninni en beið þar lægri hlut gegn FH.

Íþróttamaður Hamranna árið 2018 var knattspyrnukonan Harpa Jóhannsdóttir.

Ársskýrsla 2019

Á aðalfundi félagsins var stjórn félagsins kosin og var hún skipuð eftirfarandi:

Þorgeir Rúnar Finnsson – formaður,
Stefán Guðnason – varaformaður,
Gunnar Þórir Björnsson – gjaldkeri,
Arnór Sigmarsson – meðstjórnandi,
Sindri Kristjánsson – meðstjórnandi.

Kvennalið Hamranna í knattspyrnu sendi lið til keppni í 2.deild og enduðu þær í fimmta sæti af níu liðum. Líkt og árin áður þá átti liðið í samstarfi í 2.fl. með Þór/KA og endaði sameinað lið uppi sem Íslandsmeistari 2. flokks.



HJÓLREIÐAFÉLAG
AKUREYRAR

Stofnað 2012

Hjólréiðafélag Akureyrar Ársskýrsla 2018

Stjórn HFA 2018:

Pétur Maack – formaður,
Sigurður Jóhannsson – varaformaður,
Freydís Heba Konráðsdóttir – gjaldkeri,
Sigrún Kristín Jónsdóttir – ritari,
Elvar Freyr Pálsson – meðstjórnandi,
Ágúst Örn Pálsson – varamaður,
Árni F. Sigurðsson – varamaður.

Yfirlit yfir starfsemi félagsins 2018

HFA tók þátt í skipulagningu á Vetrar Fjallabruni á Iceland Winter Games í lok mars. 14 keppendur voru skráðir. Tímatökumót HFA var haldið í Eyjarfirði 21. maí. Í lok maí voru haldin þrennskonar fjallahjólanámskeið og 34 einstaklingar tóku þátt. Byrjendur karlar, byrjendur konur og vanir hjólarar óháð kyni. Kennari var Helgi Berg Friðbjófsson frá Brettafélagi Hafnarfjarðar, margfaldur Íslands, og bikarmeistari í fjallabruni.

Haldin voru tvö Fjallahjólanámskeið fyrir börn á aldrinum 8-13 ára og voru samtals 34 börn sem skráðu sig á námskeiðið. Barnanámskeiðin gengu mjög vel og vöktu mikla ánægju.

Stelpuhringur HFA var 16 júní, en þá hjóluðu 45 konur saman Eyjarfjarðarhring.

Lang stærsti viðburður sumarsins var Hjólréiðahelgi HFA og Greifans 27.-29. júlí og voru í dagskránni 8 mót. Samtals skráning í mót voru um 380 manns.

Helgin byrjaði á Gangamóti Greifans frá Siglufirði á föstudegi. Æsispennandi keppni þar sem hörðustu keppendur hjóluðu Svarfaðardal og enduðu uppi í Hlíðarfjalli. Á laugardagsmorgun var Barna- og unglinga fjallahjólamót í Kjarnaskógi. Uppúr hádegi hófst Enduro Akureyri þar sem keppendur hjóluðu 8 sérleiðir frá Hlíðarfjalli niður í Kjarnaskóg. Á laugardagskvöldinu Brekkusprettir upp listagilið og strax í kjölfarið hið æsispennandi Kirkju-tröppubrun. Á Sunnudagsmorgun var barna og unglinga-



mót við glerártorg og strax eftir það æsispennandi Criterium mót, þar sem hjólaðir voru skemmtilegir og áhorfendavænir hringir í kringum Glerártorg. Seinnipart sunnudags var svo íslandsmeistaramótið í Fjallabruni í glænýrri braut, sem byggð var á gömlum grunni í Hlíðarfjalli en eftir mótið átti HFA þrjá íslandsmeistara í hinum ýmsu flokkum.

Hjólreiðahelgi Greifans var mikið þrekvirkir og unnu fáar hendur mikið starf. Stjórnin þakkar öllum þeim sem lögðu fram aðstoð sína við mótshald og framgang helganna sem heppnaðist frábærlega. Til að hægt sé að halda mót þarf starfsfólk til að láta þetta allt koma saman og til að grundvöllur sé fyrir því að halda mót þarf keppendur. HFA og Greifinn hafa mikinn metnað til að stækka helgina og hafa eitthvað fyrir alla hópa hjólreiðamanna á landinu og var tilkynnt strax eftir hjólreiðahelgina að á næsta ári stæði til að halda „Hjólreiðahátíð Greifans“ og hefja dagskrá á miðvikudag.

Fyrir utan mótshald voru allir hinir venjulegu hjólahópar á fullu út um alltt, bæði fjalla og götuhjólarar. Einnig



voru það félagar í HFA sem að komu að hönnun og framkvæmd á fyrstu brautinni í Hlíðarfjalli sem fullnýtir sér lyftuopnun, en „Andrés“ opnaði í júní eftir þrekvirkir aðila í félaginu og svo fyrir íslandsmótið var mikið endurbætt Downhill braut einnig opnuð.

Félagsfólk HFA gerði gott mót árið 2018

Emilia Niewada – Íslandsmeistari í fjallabruni – Elite.
Bjarki Sigurðsson – Íslandsmeistari í fjallabruni – Elite.
Ásbjörn Guðlaugsson – Íslandsmeistari í fjallabruni – U17.

Markmið og áherslur félagsins

- Hjólreiðaæfingar fyrir alla.
- Keppnishald í hjólreiðum.
- Hagsmunagæsla fyrir hjólreiðamenn á Akureyri og í Eyjafirði.
- Fræðsla fyrir hjólreiðafólk, jafnt unga sem aldna.
- Stuðla að auknum hjólreiðum á svæðinu.
- Vinna að bættum aðstæðum fyrir hjólreiðar hvort sem er innanbæjar eða utan.
- Halda árlega Hjólreiðahátíð.
- Stuðla að nýliðun í hjólreiðum.
- Skrá hjólaleiðir á norðurlandi og hafa þær aðgengilegar öllum.
- Vera keppnisfélag fyrir þá sem vilja keppa undir merkjum HFA.

Akureyri,
Ágúst Örn Pálsson
formaður Hjólreiðafélags Akureyrar

Hjólreiðafélag Akureyrar

Ársskýrsla 2019

Stjórn HFA 2019:

Aðalfundur var haldinn 5. febrúar 2019, mæting var góð. Stjórnarfundir hafa verið haldnir reglulega þar sem sumaríð var skipulagt og framtíð félagsins rædd. Félagsgjöld voru innheimt og félagsskírteini gefin út, við árs lok voru meðlimir félagsins 216 talsins og 14 fyrirtæki bjóða félagsmönnum afslætti.

Yfirlit yfir starfsemi félagsins 2019

Hjólreiðafélag Akureyrar stóð fyrir fjölda móta 2019. Í janúar var haldið tímatökumót í götuhjólreiðum í Vaðlaheiðargöngum og annað í Eyjafirði í maí. Í mars var haldið fjórkross snjóbrun í Hlíðarfjalli í samstarfi við IWG.

Á Hjólreiðahátíð Greifans, sem haldin var í lok júlí voru fjölmörg mót og þátttaka mjög góð.

Á Gangamóti Greifans var hjólað frá Siglufirði um Héðinsfjörð, Ólafsfjörð, Dalvík og Svarfaðardal og endað í Hlíðarfjalli á Akureyri. Enduro Akureyri var stórt mót þar sem keppt var á 6 sérleiðum frá Hlíðarfjalli og niður í Kjarnaskóg. Einnig var keppt í fjallahjólreiðum í Kjarnaskógi, tímatöku götuhjólreiða í Eyjafirði og criterium á götuhjólum. Brekkusprettur og Kirkjutröppubrun voru haldin í Listagilinu og endað var á Íslandsmeistaramóti í fjallabruni í Hlíðarfjalli með metþátttöku á Íslandi.

Yfir sumarmánuðina voru haldnar skipulagðar æfingar og námskeið í götuhjólreiðum auk fjallahjólaæfinga fyrir börn. Töluverður árangur náðist í barnastarfinu, til dæmis

kepptu nokkur börn á Íslandsmeistaramótinu í fjallabruni í Hlíðarfjalli. Félagið barðist einnig fyrir því að sett yrði upp pumpubraut við Oddeyrarskóla sem kom í maí og var mikið notuð af börnum á öllum aldri yfir sumarið og fram á haust.

Meðlimir hjólreiðafélagsins stunda mikið sjálfbóðastarf við smíði og viðhald á hjólaleiðum í samstarfi við Akureyrarbæ. Til viðbótar við sjálfbóðaliðastarfið var verktaki á vegum Akureyrarbæjar ráðinn um sumarið.

Félagsfólk HFA gerði gott mót árið 2019

Orri Einarsson – Bikarmeistari í götuhjólreiðum – Masters 60+.

Emilia Niewada – Íslandsmeistari í fjallabruni – Elite.

Bjarki Sigurðsson – Íslandsmeistari í fjallabruni – Elite.

Sara Ómarsdóttir – Íslandsmeistari í fjallabruni – Masters 35+.

Kristinn Magnússon – Íslandsmeistari í fjallabruni – Masters 35+

Í október var haldinn haustfögnuður HFA þar sem félagsfólk hittist og fagnaði saman árangri sumarsins.

Markmið og áherslur félagsins

- Hjólreiðaæfingar fyrir alla.
- Keppnishald í hjólreiðum.





- Hagsmunagæsla fyrir hjólreiðamenn á Akureyri og í Eyjafirði.
- Fræðsla fyrir hjólreiðafólk, jafnt unga sem aldna.
- Stuðla að auknum hjólreiðum á svæðinu.
- Vinna að bættem aðstæðum fyrir hjólreiðar hvort sem er innanbæjar eða utan.
- Halda árlega Hjólreiðahátíð.
- Stuðla að nýliðun í hjólreiðum.
- Skrá hjóllaleiðir á norðurlandi og hafa þær aðgengi-
legar öllum.
- Vera keppnisfélag fyrir þá sem vilja keppa undir
merkjum HFA.

Áframhaldandi uppbygging

Undirbúningur fyrir félagsstarfið 2020 er í fullum gangi og stemningin er góð. Helstu áherslur eru aukið framboð námskeiða og æfinga, aukin fræðsla fyrir þjálfara og meiri og betri stuðningur við keppendur á vegum HFA.

Akureyri,
Ágúst Örn Pálsson
 formaður Hjólreiðafélags Akureyrar



Ágúst Örn Pálsson,
formaður



Sigurður Jóhannsson,
varaformaður



Árni F. Sigurðsson,
gjaldkeri



Kári F. Lárusson,
ritari



Pétur Maack,
meðstjórnandi



Elin A. Ólafsdóttir,
varamaður



Stofnað 2016

Hnefaleikafélag Akureyrar Ársskýrsla 2018

Stjórn: Sigríður Birna Bjarnadóttir, Sævar Ingi Rúnarsson, Jóhann Ingi Bjarnason, Birna Srefánsdóttir.

Starfsemi

Hnefaleikafélag Akureyrar er hnefaleikafélag á Akureyri og er starfrækt á þeim grundvelli að kenna ólympíska hnefaleika. Félagið hefur meðal annars það hlutverk að kenna og iðka ólympíska hnefaleika og gæta hagsmuni félagsmanna. Í þeim tilgangi leggur félagið áherslu á að félagsmenn keppi eftir þeim reglum sem gilda hjá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands hverju sinni. Félagið hyggst ná tilgangi sínum með því að efla samvinnu innan greinarinnar, auka fræðslu og kynningu á íþróttinni. Einnig með því að halda úti æfingum skv. ákvörðun stjórnar hverju sinni. Stjórn hnefaleikafélagsins skipa fimm manns; formaður, gjaldkeri, ritari og tveim meðstjórnendum.

Á ársfundi félagsins sem haldinn er vor hvert er ný stjórn kosin ásamt því að farið er yfir lög félagsins ef þörf er á því.

Félagsstarf

Við vorum að flytja inn í Íþróttahúsið við Laugargötu, og héldum úti unglingahóp sem eru á aldrinum 13-18 ára alls stunduðu 12 krakkar það árið hnefaleika og var um að ræða ágætis fjölgun í þeim hóp.

Fullorðinshóp þar voru iðkenndur komnir uppí 21, og byrjuðum með sérstaka kvennátíma með haustinu, tvær konur skráðu sig sérstaklega í þá ásamt hinum konunum sem stunduðu aðrar boxæfingar. Alls vorum við því með 5 konur í þeim hóp og stefnan var að fjölga konum í íþróttinni.

Tókum þátt í æfingabúðum HNÍ þar sem við sendum 4 iðkenndur en þar voru boxarar úr öllum félögum á landinu og góð reynsla þar í boði. Við fengum Hnefaleikafélag

Reykjanes tvisvar í heimsókn með sína iðkendur til að hafa minni æfingabúðir og heppnaðist það mjög vel.

Við tókum þátt í fjórum diplóma mótum, þar af héldum við eitt sjálf. Í Ólympískum hnefaleikum fór Davíð Már Almarsson til Danmerkur að keppa á Hvidovre bokse cup og stóð sig mjög vel. Og við áttum keppendur á Ljósanætur keppni HFR og tókum þátt í hneflekamóti Æsis.

Afrek

Davíð Már Almarsson silfur á Hvidovre bokse cup í -75 kg flokki ungmenna.

Marta María Kristjánsdóttir fékk Diplóma HNÍ 21.04. 2018 og Davíð Már Almarsson fékk silfurmerki HNÍ á sama móti.

Kristinn Ómar Ágústsson og Ágúst Davíðson fengu Diplóma HNÍ og Marta María Kristjánsdóttir fékk bronsmerki HNÍ 09.12.2018.





Stofnað 2016

Hnefaleikafélag Akureyrar Ársskýrsla 2019

Stjórn: Sævar Ingi Rúnarsson, Sigríður Birna Bjarnadóttir, Jóhann Ingi Bjarnason, Birna Stefánsdóttir, Hreinn Viðar Gunnlaugsson.

Starfsemi

Hnefaleikafélag Akureyrar er hnefaleikafélag á Akureyri og er starfrækt á þeim grundvelli að kenna ólympíska hnefaleika. Félagið hefur meðal annars það hlutverk að kenna og iðka ólympíska hnefaleika og gæta hagsmuni félagsmanna. Í þeim tilgangi leggur félagið áherslu á að félagsmenn keppi eftir þeim reglum sem gilda hjá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands hverju sinni. Félagið hyggst ná tilgangi sínum með því að efla samvinnu innan greinarinnar, auka fræðslu og kynningu á íþróttinni. Einnig með því að halda úti æfingum skv. ákvörðun stjórnar hverju sinni. Stjórn hnefaleikafélagsins skipa fimm manns; formaður, gjaldkeri, ritari og tveim meðstjórnendum.

Á ársfundi félagsins sem haldinn er vor hvert er ný stjórn kosin ásamt því að farið er yfir lög félagsins ef þörf er á því.

Félagsstarf

Héldum úti unglingahóp þar sem alls 9 iðkenndur voru yfir árið. Fullorðinshóp þar sem 31 einstaklingur stundaði á einhverjum tímamarki íþróttina við héldum grunnnámskeið þar sem 11 manns komu og lærðu grunninn í hnefaleikum. Kvinnahópurinn hélt sínu striki voru enn dálítið

fáar en stefnan var að halda sérstakt námskeið fyrir konur í byrjun 2020. Svo byrjuðum með Old boys þar sem 6 aðilar koma og stunda hnefaleika. Við sendum 3 stúlkur í æfingabúðir fyrir konur í Svíðþjóð þar sem konur alls staðar að koma og æfa tækni og taktík frá reynslu miklum þjáfurum úr Svíðþjóð sem er eitt öflugasta land Norðurlandanna þegar kemur að hnefaleikum. Auk þess sem við förum á tvennar æfingabúðir HNÍ á Íslandi.

Við tókum þátt í 5 dipómamótum yfir árið og héldum þar af eitt sjálf. Við höfum aldrei átt jafn marga keppendur úr unglingaflokki eða 5 talsins.

Við tókum þátt í 3 olympískum mótum og áttum ekki marga virka keppendur en Elmar Freyr Aðalheiðarson var sá sem hélt uppi okkar heiðri í þeirri deild þetta árið og stóð sig mjög vel og sigraði meðal annars ríkjandi íslandsmeistara í þungavigt.

Við höfum sameininga ferli við Íþróttafélagið Þór.

Aftek

Marta María Kristjánsdóttir fékk silfurmerki HNÍ og Davíð Már Almarsson fékk gullmerki HNÍ þann 17.02.2019.

Magnús Gunnar Mánason fékk Diplóma HNÍ, Ágúst Davíðsson fékk bronsmerki HNÍ og Marta María Kristjánsdóttir fékk gullmerki HNÍ með hæstu einkunn. þann 10.03.2019.

Ágúst Davíðsson fékk silfurmerki HNÍ 19.10.2019.

Dóróthea Hulda Hauksdóttir fékk Diplóma 16.11.2019.





Stofnað 1974

Íþróttafélagið Akur Ársskýrsla 2018 og 2019

Íþróttafélagið Akur var stofnað 7. desember 1974 og hét þá Íþróttafélag fatlaðra á Akureyri.

Í mars 1979 stóð ÍFA fyrir fyrsta Íslandsmótinu í Boccia og Borðtennis fyrir fatlaða á Íslandi og höfum við átt keppendur á öllum Íslandsmótunum síðan og Íslandsmeistara á hverju ári.

Fyrsta þátttaka okkar á stórmótum erlendis var 1980. Þá áttum við 2 keppendur á vetrarólympíuleikum í Geilo í Noregi og 3 keppendur á sumarleikunum í Arnheim í Hollandi. Margir félagar okkar síðan hafa tekið þátt í stórmótum í flestum heims- álfum, oft með góðum árangri og komist á verðlaunapall.

Nú er félagið opið öllum, fötluðum og ófötluðum sem vilja stunda þær greinar sem félagið býður uppá.

Á aðalfundi félagsins 2018 voru eftirtaldir einstaklingar kjörnir í stjórn félagsins: Jón Heiðar Jónsson, Sigríður Þórunn Jósepsdóttir, Jón Heiðar Daðason, Hrafnhildur Haraldsdóttir og Guðmundur Guðmundsson. Var sama stjórn endurkjörin á aðalfundi 2019.

Íþróttafélagið Akur stundar nú eftirtaldir íþróttagreinir: Boccia, Bogfimi, Borðtennis og eigum við afreksmenn í nær öllum þessum greinum. Mikill uppgangur hefur verið í bogfimideildinni á undanförunum árum og hefur verið áframhald á öflugu starfi hjá deildinni. Hafa iðkendur og þjálfarar sótt fjölda móta og viðburða.

Mótapátttaka Innanlands

Akur tekur þátt í flestum mótum sem í boði eru í okkar greinum innanlands. Á árunum 2018-19 höfum við keppt á: Íslandsmótum bæði innan og utanhúss í bogfimi, Boccia einstaklings og sveitakeppni, Íslandsmótum ÍF og BTÍ í borðtennis, auk Hængsmóts og Norðurlandsmóts í Boccia. Einnig erum við þátttakendur í Ice Cup mótariðinni í bogfimi.

Mótapátttaka Erlendis

Á árunum 2018-19 tóku iðkendur í Akri þátt í þónokkum verkefnum á erlendra grundu. Bogfimideildin tók þátt í Norðurlandamóti ungmenna (NUM) bæði árin. Félagið átti fulltrúa á Heimsleikum Special Olympics í Abu Dabi 2019. Einnig áttum við keppanda á HM í bogfimi 2019. Boccia og borðtennisiðkendur tóku svo þátt í Malmö Open leikunum í Svíþjóð 2019 en tekin hefur verið sú stefna að taka þátt í því móti annað hvert ár.

Þjálfarar félagsins eru Elvar Thorarensen sem þjálfar bæði borðtennis og boccia. Rúnar Þór Björnsson, Alfreð

Birgisson, Izaar Þorsteinsson og Ásgeir Unnsteinsson skipta með sér þjálfun í bogfimi. Þakkar félagið þeim kærlega fyrir ölt og óeigingjant starf í þágu félagsins. Einnig heldur félagið áfram samstarfi við Kelea Quinn sem er afar fær bogfimiþjálfari frá Þýskalandi og er hún ómetanleg við að koma upp enn betri þekkingu og gæðum í bogfimiþjálfunina hjá félaginu.

Þann 7. desember 2019 varð Akur 45 ára og gerðu iðkendur og velunnarar félagsins sér glaðan dag í tilefni dagsins. Haldnir voru íþróttatengdir viðburðir bæði í íþróttahúsi Glerárskóla og Bogfímiaðstöðu félagsins í Austursíðu. Ber þar hæst að nefna bocciamót milli styrktaraðila félagsins og var almenn ánægja og gleði með þann viðburð. Að þessu loknu var félögum og velunnurum boðið til kaffisamsætis og afmælisveislu í sal Hængsmanna í Skipagötu 14.



Helsta verkefnið á döfinni hjá félaginu núna er undirbúningur og fjáröflun fyrir 2 keppnisferðir bæði á Norðurlandamót ungmenna í bogfimi og Special Olympics sport festival í Danmörku 2020.



Rekstur félagsins gengur ágætlega og fengum við veglega styrki frá ýmsum styrktaraðilum og velunnurum okkar. Allt er þetta mikil lyftistöng fyrir félagið og gerir stjórn félagsins kleift að halda niðri kostnaði við æfingagjöld og ferðakostnaði iðkenda. Vill stjórn félagsins koma á framfæri kærum kveðjum og þökkum til allra þeirra sem lögðu starfsemi félagsins lið.



Stofnað 1978

Íþróttafélagið Eik Ársskýrsla 2018

Aðalfundur Eikar var haldinn 26. maí að Botni í Eyjarfjarðarsveit.

Í aðastjórn eru eftirtaldir:

Ragnheiður Austfjörð, formaður.
Svava Sigurðardóttir, varaformaður.
Stefán Jónsson, gjaldkeri.
Hrafnhildur Björnsdóttir, ritari.
Kjartan Kolbeinsson, meðstjórnandi.

Í varastjórn eru eftirtaldir:

Anna Dögg Sigurjónsdóttir, 1 varamaður.
Þorgeir Jóhannesson, 2 varamaður.
Jón Óskar Ísleifsson, 3 varamaður.

Skoðunarmenn reikninga eru:

Bjarni Guðmundsson.
Margrét Alfreðsdóttir.

Starfsemi félagsins

Starfsemi félagsins var með hefbundum hætti árið 2018 eins og undanfarin ár. Haldnir voru 8 stjórnarfundir á árinu.

Formannafundur ÍF var haldinn á Hótel Sögu 5. maí 2018.

Hann sóttu fyrir hönd Eikar, Ragnheiður Austfjörð og Fylkir Þór Guðmundsson yfirþjálfari Eikar. Formannafundur ÍBA var haldinn 25. apríl. Hann sótti fyrir hönd Eikar, Ragnheiður formaður og Svava varaformaður. Jólafundur ÍBA var haldinn 5. desember 2018 og sóttu hann fyrir hönd Eikar, Ragnheiður formaður og Svava varaformaður.

40 ára afmæli Eikar var haldið í tengslum við aðalfund og vorfagnað Eikar. Voru Eikinni færðar gjafir og heillaóskir, þá var þremur Eikarfélögum veitt silfurmerki ÍF, þeim Bjarna Guðmundssyni bílstjóra félagsins og þjálfurum Eikar, þeim Önnu Einarsdóttir og Agli Þór Valgeirsyni.

Æfingar í boccia yfir veturinn voru sem fyrr á mánuðögum, fimmtudögum og laugardögum í Íþróttahúsi Glerárskóla. Sundæfingar félagsins voru á laugardögum yfir vetrartímamann í Glerárlaug. Æfingar í frjálsum íþróttum voru á þriðjudögum og fimmtudögum allt árið, ýmist í Boganum eða á Þórsvellinum. Eins og síðustu ár voru æfingar í boccia fyrir eldri borgara á mánuðögum og miðvikudögum yfir vetrarmánuðina, allir höfðu gaman af og skemmtu sér vel.

Þjálfarar sem starfa hjá félaginu eru sem fyrr Fylkir Þór Guðmundsson yfirþjálfari, Aðalheiður Gísladóttir, Anna Einarsdóttir, Anna Dögg Sigurjónsdóttir, Egill Þór Valgeirsson og Hólmfríður Þorgeirsdóttir.

Íþróttamaður Akureyrar var kosinn í Hofi þann 16. janúar 2019. Íslandsmeistarar á árinu sem fengu viðurkenningu við sama tækifæri voru í boccia, Baldvin Steinn Torfason, Bjarki Skjöldal og Hörður Þorsteinsson.

Fyrir frjálsar íþróttir, Fannar Logi Jóhannesson, Helena Ósk Hilmarisdóttir, Kristófer Fannar Sigmarsson og Stefánía Daney Guðmundsdóttir. Þau eru jafnframt landsliðsmenn Eikar.

Íþróttamót innanlands

Íslandsmót í frjálsum íþróttum á vegum ÍF fór fram í Laugardalshöll þann 23.-25. febrúar 2018. 5 keppendur fóru frá Eik, þau voru Fannar Logi, Héðinn, Stefánía Daney, María Dröfn og Helena Ósk. Gerðu þau góða ferð og unnu 7 gullverðlaun og 12 silfurverðlaun á mótinu og



að auki hlutu þau að launum bikar sem stigahæsta lið mótsins.

Slippmótið er fyrsta mót ársins í boccia, það er innanfélagsmót Eikar og var haldið að Hrafnagili 17. febrúar 2018. Slippurinn gefur öll verðlaun á mótinu og Kiwanis-klúbburinn Kaldbakur sá um dómgæslu eins og alltaf.

Íslandsmót ÍF í boccia sveitakeppni var haldið í Laugardagshöll 14.-15. apríl 2018. Eikin var með 17 keppendur.

Vormót UFA var haldið 15. apríl 2018 á Akureyri. Þar kepptu Stefánía Daney, Helena Ósk, Fannar Logi og Hanna Dröfn og stóðu þau sig mjög vel.

36. Hængsmótið var haldið í Íþróttahöllinni á Akureyri 27.-28. apríl 2018. Mjög gott mót hjá Hængsmönnum eins og alltaf. Þar átti Eikin 27 keppendur sem öll voru félaginu til söma.

Íslandsmótið í frjálsum íþróttum utanhúss var haldið á Akureyri. Þar átti Eikin 6 keppendur sem tóku þátt. Stefánía Daney, Helena Ósk, Fannar Logi, Kristófer, María Dröfn og Héðinn. Hlutu þau 9 gull, 10 silfur og 5 brons.

Íslandsmót ÍF í boccia einstaklingskeppni var haldið á vegum Ægis Vestmannaeyjum 5.-8. október. Eikin átti 21 keppenda á þessu móti og stóðu þau sig vel eins og vanalega.

Norðurlandamót í boccia sem átti að vera á vegum Grósku á Sauðárkróki 2018 féll niður vegna veikinda, mótið verður haldið eftir áramót 2019.

Æfingabúðir og íþróttamót erlendis

Stefánía Daney tók þátt í Opna Ítalska 19.-20. maí og keppti hún í landstökki og 400 metra hlaupi. Einnig tók Stefánía þátt í Opna Þýska mótinu í frjálsum íþróttum sem haldið var 16.-27. ágúst 2018 og þar lenti hún í 3. sæti í langstökki. Stefánía Daney tók þátt í EM í frjálsum í Þýskalandi og stóð hún sig þar mjög vel.

Helena Ósk fór á Norræna barna og unglingamótið í frjálsum í Danmörku þann 23. ágúst 2018, tók hún þátt í 100 metra hlaupi og langstökki. Þar stóð hún sig virkilega vel í báðum greinum.

Fjáröflun

Frjáröflun félagsins var með hefbundnum hætti, það er með félagsgjöldum og æfingagjöldum sem byrjað var að innheimta í haust eftir langt hlé. Við fengum góðan styrk frá Kiwanisklúbbnum Kaldbak á 50 ára afmæli hans og einnig frá Þroskahjálpi á Norðurlandi Eystra og Íþróttaráði Akureyrar. Einnig fengum við góðan styrk frá Lionsklúbbi Akureyrar eins og mörg fyrri ár.

Lokaorð

Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum mínum, þjálfurum, keppendum, félagsmönnum og öllum sem lagt hafa félaginu lið eða annan hátt fyrir ánægjulegt og skemmtilegt samstarf á árinu.

Ragnheiður Austfjörð, formaður Eikar.



Stofnað 1978

Íþróttafélagið Eik Ársskýrsla 2019

Aðalfundur félagsins var haldinn á Botni Eyjafjarðarsveit þann 25. maí 2019.

Í aðalstjórn voru kjörnir:

Ragnheiður Austfjörð, formaður.
Svava Sigurðardóttir, varaformaður.
Hólmfríður Þorgeirsdóttir, gjaldkeri.
Anna Dögg Sigurjónsdóttir, ritari.
Árni Leósson, meðstjórnandi.

Í varastjórn:

Fylkir Þór Guðmundsson, 1. varamaður.
Kjartan Kolbeinsson, 2. varamaður.
Jón Óskar Ísleifsson, 3. varamaður.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir:

Bjarni Guðmundsson og Margrét Alfreðsdóttir.

Starfsemi félagsins

Starfsemi félagsins var með hefðbundnum hætti 2019 eins og undanfarin ár. Haldnir voru 10 stjórnarfundir á árinu.

Formannafundur ÍBA var haldinn 11. apríl 2019 og fundinn sat fyrir hönd Eikar Ragnheiður Austfjörð, formaður.

40 ára afmæli Íþróttasambands fatlaðra (ÍF) var haldið á Hótel Sögu á afmælisdaginn, föstudaginn 17. maí og sambandsþing ÍF þann 18. maí. Afmælisveislu og sambandsþing ÍF sóttu fyrir hönd Eikar þær, Ragnheiður Austfjörð, formaður, Svava Sigurðardóttir, varaformaður og Hólmfríður Þorgeirsdóttir, gjaldkeri.

Aðalfundur og vorfagnaður Eikar var haldinn 25. maí 2019 að Botni en það er árviss viðburður. Hvatningarbikar hlaut Anton Orri Hjaltalín og ÍSÍ bikarinn hlaut Sigrún Ísleifsdóttir. Fráfarandi stjórnarmenn fengu afhenta blómvendi fyrir gott starf, það voru þau Stefán fráfarandi gjaldkeri, Hrafnhildur fráfarandi ritari og Þorgeir fráfarandi meðstjórnandi.

Jólaformannafundur ÍBA var haldinn 5. desember 2019 og sóttu fyrir hönd Eikar þær Svava Sigurðardóttir varaformaður og Anna Dögg Sigurjónsdóttir ritari.

Æfingar í Boccia voru ekki hefðbundnar því viðgerðir stóðu yfir í íþróttahúsi Glerárskóla og okkar fólk æfði í Naustaskóla á þriðjudögum og fimmtudögum. Viðgerð íþróttahúsins lauk um miðjan nóvember og byrjuðu æfingar strax laugardaginn 16. nóvember og voru á mánudögum, fimmtudögum og laugardögum eins og áður hefur verið.

Æfingar í frjálsum íþróttum voru á þriðjudögum og fimmtudögum allt árið um kring, ýmist í Boganum eða á Þórsvellinum.

Eins og síðastliðin ár voru æfingar í Boccia fyrir eldri borgara tvisvar í viku yfir vetrarmánuðina en eru nú aðeins á mánudögum sökum þess að ekki fékkst annar tími fyrir þessa starfsemi. Allir höfðu gagn og gaman af og skemmtu sér vel.

Þjálfarar sem starfa hjá félaginu eru sem fyrr Fylkir Þór Guðmundsson, yfirþjálfari, Aðalheiður Gísladóttir, Anna Einarsdóttir, Anna Dögg Sigurjónsdóttir, Egill Þór Valgeirsson og Hólmfríður Þorgeirsdóttir.

Þegar íþróttamaður Akureyrar var valinn í Hofi, 15. janúar 2020 fengu íslandsmeistarar Eikar viðurkenningu. Það voru þau Stefanía Daney Guðmundsdóttir og Jón Margeir Sverrisson en þau keppa í frjálsum íþróttum.

Íþróttamót innalands 2019

Íslandsmót í frjálsum íþróttum á vegum ÍF fór fram í Laugardagshöll 22.-23. febrúar. Fimm keppendur fóru



fyrir hönd Eikar, þau voru Fannar Logi, Helena Ósk, Kristófer Fannar, Stefánía Daney og Jón Margeir. Þau gerðu góða ferð og unnu 10 gull, 5 silfur og 2 brons. Að auki hlutu þau að launum bikar sem stigahæsta lið mótsins.

Slippmótið er fyrsta mót ársins í Boccia, það er innanfélagsmót Eikar. Það var haldið að Hrafnagili 23. febrúar. Slippurinn gefur öll verðlaun á mótinu og Kiwanis klúbburinn sá um dómgæslu eins og alltaf.

Norðurlandsmót á vegum Grósku Sauðárkróki sem átti að vera 2018 en féll niður vegna veikinda var haldið á Sauðárkróki 16. mars 2019. Keppendur voru 20 sem fóru frá Eik ásamt þjálfurum og fararstjórum.

Íslandsleikar Special Olympics var haldið 5. apríl. Til leiks fóru fjórir Eikarfélagar sem kepptu í frjálsum íþróttum. Það voru þau María Dröfn, Hanna Dröfn, Baldvin Steinn og Héðinn. Þau stóðu sig öll mjög vel.

Íslandsmót ÍF í Boccia í sveitarkeppni hófst svo 6. apríl. Eikin sendi sjö sveitir á mótið.

Vormót UMFA fór fram 28. apríl á Akureyri. Stefánía Daney og Jón Margeir tóku þátt og stóðu sig vel að vanda.

37. Hængsmótið var haldið í íþróttahöllinni 3.-4. maí. Mjög gott mót hjá Hængsmönnum eins og alltaf. Þar átti Eikin 30 keppendur sem voru öll féluginu til sóma.

Íslandsmót ÍF í Boccia einstaklinga var haldið á vegum Ívars á Ísafirði, 4.-7. október. Eikin átti 19 keppendur á þessu móti og frammistaða mjög góð.

Norðurlandsmót á vegum Eikar fór fram 2. nóvember

2019. Keppendur voru 28 á vegum Eikar og tókst mótið í alla staði mjög vel. Fylkir Þór var yfirdómari og aðrir dómamarar voru á vegum Kiwanisklúbbsins Kaldbaks.

Íþróttamót erlendis 2019

Stefanía Daney tók þátt í HM í frjálsum í Dubai í langstökki og 400 m. hlaupi. Hún stóð sig vel í þessu móti.

Fjáröflun

Fjáröflun félagsins var með hefðbundnum hætti, þ.e. með félags- og æfingagjöldum sem byrjað var að innheimta í fyrrahaust eftir langt hlé. Félagið fékk góðann styrk frá Lionsklúbbi Akureyrar, Þroskahjálpi á Norðurlandi eystra, Íþróttaráði Akureyrarar og styrk frá KEA sem og SBA Norðurlandi.

Þessir styrkir komu sér afar vel fyrir félagið, þar sem kostnaður eykst með ári hverju og með styrkjum er hægt greiða niður fyrir þátttakendur í ferðir.

Lokaorð

Að lokum við ég þakka meðstjórnendum mínum, keppendum, þjálfurum, félagsmönnum og öllum sem hafa lagt féluginu lið á einn eða annan hátt fyrir ánægjulegt og skemmtilegt samstarf á árinu.

Ragnheiður Austfjörð, formaður



Stofnað 1915

Íþróttafélagið Þór Ársskýrsla 2018

Aðalstjórn:

Í aðalstjórn Þórs árin 2018-2019 sátu Ingi Björnsson (formaður), Helga Lyngdal (varaformaður), Unnsteinn Jónsson (gjaldkeri) og Íris Ragnarsdóttir (ritari). Meðstjórnendur voru Elma Eysteinsdóttir, Þorgils Sævarsson og Kristinn Ingólfsson. Varamenn voru Brynja Sigurðardóttir og Þóra Pétursdóttir.

Eitt af fyrstu verkefnum nýrra stjórnar var að ráða nýjan framkvæmdastjóra í stað Valdimars Pálssonar sem sagði starfi sínu lausu á jómfrúardögum stjórnarinnar. Vandað var til verka við ráðningu framkvæmdastjóra og var Reimar Helgason ráðinn til starfa frá og með 1. október.

Næsta stóra verkefni stjórnar var að samningalota félagsins við bæjaryfirvöld um nýjan rekstarsamning. Ferlið var langt en það hófst í júní 2018 og lauk með undirskrift nýs samnings í apríl 2019. Ingi telur að nú loks sé félagið með réttan samningi í höndunum varðandi rekstur mann-virkja, sem eigi eftir að reynast báðum aðilum til góðs.

Meðal þess sem samningurinn bjóði uppá er að innan tíðar geti félagi í fyrsta sinn ráðið íþróttastjóra innan tíðar. Það sé stórt skref í að samræma starf allra deilda innan félags.

Eitt af verkefnum aðalstjórnar er að taka þátt í sameiningu íþróttafélaga á Akureyri að ósk bæjaryfirvalda og var nokkuð rætt um að Fimleikafélag Akureyrar (FIMA), Kraftlyftingafélag Akureyrar (KFA) og Ungmennafélag Akureyrar (UFA) verði deildir innan Þórs. Óformlegar viðræður hafi átt sér stað en staðan nú sé sú að innan Þórs þurfi menn að bregðast við hvernig best sé að taka við auknum iðkendafjölda og fjölgun deilda í Þór. Komi til fjölgun deilda verði boðað til félagsfundar. Þessi mál verði að skoða vel og vandlega og vanda til verka.

Aðalstjórn Þórs hefur uppfært sína handbók sem fyrir-myndarfélag ÍSÍ og nú hhefst vinna hjá öðrum deildum að uppfæra sínar handbækur.

Að öðru leyti voru helstu viðburðir á vegum Aðalstjórnar með nokkuð hefðbundnu sniði, haldin var hátíðin

„Við áramót“ þar sem heiðursviðurkenningar voru veittar og íþróttamenn ársins valdir. Íþróttamaður Þórs árið 2018 var Hafþór Már Vignisson, handboltamaður og Íþróttakona Þórs árið 2018 var valin knattspyrnukonan, Arna Sif Ásgrímsdóttir.

Þá stóð aðalstjórn einnig fyrir virkilega vel heppnaðri árshátíð í byrjun ársins 2019 og Pollamót Þórs fór fram með miklum myndarbrag að venju í júlí. Þettándagleði Þórs fór fram með miklum myndarbrag og með nokkuð nýju sniði sem þótti takast vel.

Starfsemi handknattleiksdeildar 2018

Stjórn handknattleiksdeildar árið 2018 skipuðu: Þorsteinn Hlynur Jónsson (formaður), Elva Haraldsdóttir, Finnur Víkingsson, Jón Kjartan Jónsson, Kristján Gylfason (meðstjórnandi og formaður yngri flokka Þórs), Magnús Eggertsson, Maron Pétursson, Orri Stefánsson, Stefán Bjarnasson, Vignir Traustason, Þorvaldur Sigurðsson (varaformaður og yfirþjálfari yngri flokka Þórs).

Í byrjun tímabilsins, þ.e. árið 2018 var leikið undir merkjum Akureyri Handboltafélags og starfsemi félagsins var með hefðbundnu sniði almanaksárið 2018 og kemur raunar inn á tvö keppnistímabil þ.e.a.s. seinni hluta 2017-2018 og fyrri hluta tímabilsins 2018-2019.

Fyrir keppnistímabilið 2018-2019 náði AHF að tryggja sér sæti í deild þeirra bestu þ.e. Olísdeild karla. Í lok desember 2018 ákvað stjórn Akureyri Handboltafélags að skipta út þjálfurum félagsins og var Geir Sveinsson ráðinn til loka tímabilsins. Ráðist var í að fara í æfingarferð til Noregs um miðjan janúar 2019. Heppnaðist ferðin vel og var kærkomið start fyrir nýjan þjálfara. Því miður endaði tímabilið ekki eins og best verður á kosið og mun því liðið spila aftur í Grill-deild (næst efstu deild) næsta tímabil.

Á aðalfundi Akureyri Handboltafélags árið 2019 var ákveðið að leggja niður keppni í nafni félagsins og hófu iðkendur félagsins keppni undir merkjum Þórs á Akureyri haustið 2019.



Yngri flokkar handknattleiksdeildar

Í stjórn unglingaráðs handknattleiksdeildar eru sjö stjórnarmenn sem vinna fyrir deildina í sjálfböðavinnu. Meðal verkefna stjórnar eru skipulagsmál, stefna, markmið, fjárhagur, fjármögnun og aðstaða. Eftirtaldir aðilar skipa stjórn handknattleiksdeildar:

Kristján Gylfason (formaður), Linda Guðmundsdóttir (gjaldkeri), Helga Lyngdal (meðstjórnandi), Sigurbjörg Nielsdóttir (meðstjórnandi), Steinn Símonarson (meðstjórnandi), Guðbjörg Anna Björnsdóttir (meðstjórnandi), Ágúst Lárusson (meðstjórnandi). Guðbjörg og Ágúst bættust inn í unglingaráðið haustið 2018.

Haustið 2018 var ákveðið að allir iðkendur handknattleiksdeildar Þórs skyldu spila undir nafni Akureyrar handboltafélags. Hjá deildinni eru 6 flokkar, 3.-8. flokkur drengja en 8. flokkur hefur verið kynjablandaður í nokkur ár. Einnig er starfræktur íþróttaskóli fyrir 2.-5. ára börn eina klukkustund á viku. Fjöldi iðkenda var á bilinu 100-110 haustið 2018. Hjá deildinni starfa yfirþjálfari, 4 þjálfarar ásamt 4-5 aðstoðarþjálfurum. Kvinnaflokkarnir eru sameiginlegir undir merkjum KA og Þórs. Handbolta-deildir KA og Þórs vinna mikið saman og halda félögin m.a. saman tvö stór handboltamót á ári, eitt í október og annað í apríl. Í hverjum flokk eru síðan starfandi foreldraráð sem skipuleggja ferðir og annað starf hjá hverjum flokki fyrir sig. Mikil áhersla er lögð á að foreldraráðin séu virk og þjálfarar fái góðan stuðning frá þeim.

Æfingagjöldum deildarinnar hefur verið haldið eins lágum og kostur er síðustu ár til að gera fleirum kleift að æfa íþróttina. Innifalið í æfingagjöldum eru mismargar æfingar hjá hverjum flokki fyrir sig.

Deildin býður upp á systkinaafslátt ásamt því sem deildir innan Þórs bjóða upp á afslátt á milli deilda. Einnig bjóðum við þeim sem byrja að æfa um miðjan vetur að greiða æfingagjald eftir hlutfalli.

Flokkaskipting er eftirfarandi, aldurinn miðast við haust:

3. flokkur karla 16-18 ára.
4. flokkur karla 14-15 ára .
5. flokkur karla 12-13 ára.
6. flokkur karla 10-11 ára.
7. flokkur karla 8-9 ára.
8. flokkur karla og kvenna 6-7 ára.

Æfingar fara fram Íþróttahúsi Síðuskóla og Íþróttahöllinni en auk þess hafa verið þrekæfingar fyrir 3. flokk í Íþróttahöllinni og 4. flokk á Bjargi líkamsrækt þar sem aðstaða fyrir slíkt er ekki til staðar hjá félaginu. Ýmis starfsemi deildarinnar fer fram í félagsheimili Þórs, Hamri.

3. og 4. flokkar taka bæði þátt í Íslandsmóti og bikarkeppni. 5. og 6. flokkar sækja 5 mót í Íslandsmóti á hverjum vetri. 7. flokkur tekur þátt í einu móti á hverju ári. Samstarf milli Þórs, KA og Völsungs hófst haustið 2017 og hélt Þór hálf dags mót fyrir 7. og 8. flokk þessara félaga sem tókst mjög vel. Hvert félag heldur eitt mót yfir veturinn þannig að flokkarnir fá alls þrjú æfingamót. Annað hvert ár fer 4. flokkur í utanlandsferð. Árið 2018 fór 4. flokkur til Spánar á mót í Granollers.

Í september er öllum boðið að æfa frítt, einnig hefur

deildin í upphafi hvers árs boðið nýjum iðkendum að koma og æfa frítt í kringum stórmót í handbolta. Þetta hefur komið vel út og hefur það skilað nýjum iðkendum. Í maí heldur handknattleiksdeild lokahóf. Sú venja hefur skapast að handboltasnillingur hefur komið og rætt við iðkendur hvernig hann hugsar um þjálfun sína og heilbrigðan lífsstíl. Þjálfarar fara yfir starf vetrarins og veita verðlaun í sínum flokki. Yngstu iðkendurnir, í 7. og 8. flokki fá allir viðurkenningarpening. Í 4., 5. og 6. flokki eru veitt verðlaun fyrir mestu framfarir, besta leikmann og hugarfarsverðlaun. Í 3. flokki eru veitt verðlaun fyrir besta leikmann, besta sóknarmann, besta varnarmann og hugarfar. Þjálfarar velja þá sem hljóta viðurkenningar úr sínum flokkum. Í lokin er boðið upp á veitingar.

Um áramót er valinn handboltamaður Þórs. Hafþór Már Vignisson var valinn handboltamaður Þórs 2018.

Þrír drengir frá Þór hafa sótt æfingar hjá yngri landsliðum Íslands í handbolta. Þetta eru þeir Hafþór Már Vignisson, Aron Hólm Kristjánsson og Kristján Gunnþórsson. Æfingar hafa verið 3-4 sinnum á ári yfir helgi. Hafþór Már Vignisson tók þátt í verkefnum með U-21 landsliðinu erlendis.

Starfsemi knattspyrnudeildar 2018

Stjórn knattspyrnudeildar keppnistímabilið 2018 var skipuð eftirfarandi aðilum; Óðinn Svan Óðinsson (formaður), Gestur Arason (gjaldkeri), Þórður Halldórsson (varaformaður) og Kristján Kristjánsson (ritari) Meðstjórndendur voru; Helgi Jones, Sveinn Orri Vatnsdal, Aðalsteinn Sigurkarlsson og Kristján Steinn Magnússon.

Meistaraflokkur karla hjá Þór lék í 1.deild árið 2018 og gerði góða hluti undir stjórn Lárusar Orra Sigurðssonar, þjálfara. Niðurstaðan varð þriðja sæti deildarinnar en þó nokkuð var í 2. sætið sem gaf eins og alltaf sæti í efstu deild. Í lok tímabils ákvað Lárus Orri að stíga til hliðar sem þjálfari eftir afar gott starf og við af honum tók hinn enski, Gregg Ryder.

Yngri flokkar knattspyrnudeildar Þórs

Unglingaráð knattspyrnudeildar Þórs skipa Brynjólfur Sveinsson (formaður), Páll Jakobsson (gjaldkeri) og Hugrún Hermannsdóttir. Unglingaráð Þórs hefur umsjón með yngri flokkum félagsins, þ.e. 2. til 8. flokki karla og kvenna og hefur markað sér knattspyrnu- og uppeldisstefnu þar sem félags-, íþrótt- og uppeldisleg markmið eru höfð að leiðarljósi. Í stefnunni er lögð áhersla á ánægju af knattspyrnuíðkun og árangur. Lögð er áhersla á góð tengsl við foreldra iðkenda og fjölbreytta félagsstarfsemi í öllum flokkum, m.a. til að efla samkennd (hópefli) og vinna gegn brottfalli úr íþróttaiðkun. Unglingaráð knattspyrnudeildar Þórs hefur tvenns konar stefnu að leiðarljósi í starfinu. Annars vegar uppeldisstefnu yngri flokka með áherslu á skemmtun, félagsskap, jákvæð lífsviðhorf, góðan aga og heilbriggt líferni. Deildin vinnur eftir uppeldisstefnu í samræmi við stefnu ÍSÍ um íþróttir barna og unglinga jafnframt afreksstefnu sem hefur allar sömu áherslur og uppeldisstefnan, en gengur lengra í því að markvisst er unnið að því að ala upp alhliða knattspyrnumenn sem hafa hæfileika til að skara fram úr.



Starfsemi unglingaráðs árið 2018

Iðkendafjöldinn árið 2018 var rúmlega 470 mest í yngstu flokkunum. Fótboltinn er löngu orðinn heilsársíprótt og var æft alla mánuði ársins, í Boganum og á gervigrasvellingum við Dalsbraut yfir veturinn og æfingasvæði Þórs við Hamar yfir sumartímann.

Helstu viðburðir yfir veturinn eru Goðamótin fyrir 5. og 6. flokk karla og kvenna sem Þór heldur með glæsilegum hætti og svo taka 3. og 4. flokkur þátt í mótum sem KA heldur í byrjun árs. Yngstu flokkarnir hafa síðan tekið þátt í stuttum dagsmótum. Þá má einnig nefna Liverpool knattspyrnskólann sem Þór heldur í byrjun sumars ár hvert.

Hjá 8. flokki var fjöldinn sem æfði breytilegur, þegar mest var voru yfir í 75 krakkar að mæta og hefur 8.flokkur aldrei verið stærri. Yfir sumarið tóku þau þátt í Strandarmótinu á Árskógssandi og Kiwanismótinu á Húsavík. Á báðum mótunum var gleðin allsráðandi og allir komu sáttrir frá leik.

Þetta sumar voru tæplega 50 strákar sem æfðu hjá 7. flokki og var hápunktur sumarsins sennilega Norðurálmótið á Akranesi. Annars tóku þeir þátt í 5 mótum og stóðu sig vel á þeim öllum.

7. flokkur kvenna samanstóð af um það bil 25 duglegum stelpum sem fóru á þrjú mót þetta sumarið og hápunkturinn var Landsbankamót í lok júní. Þær voru til fyrirmyndar á öllum mótunum. Áhersla var lögð á að læra að standa saman, gera hvorn annan betri. Til þess að þetta tækist þurftu þær að spila saman, bregðast við mistökum samherja sinna með því að hvetja þá áfram, treysta hvor öðrum og efla samkennd innan hópsins.

Strákarnir í 6. fl. Voru tæplega 70 og er þetta einn fjölmennasti flokkur í manna minnum. Þeir sýndu það strax haustið á undan að þar var á ferð sérstaklega námsfús og hæfileikaríkur flokkur. Stærsta mótið hjá strákunum í 6. flokki er Orkumótið í Vestmannaeyjum og er það jafnvel ein stærsta upplifunin á ferlinum hjá sumum þeirra. Þá tóku þeir einnig þátt í Pollamótinu, Setmóti, Goðamóti, Stefnumóti og Króksmótinu síðsumars.

Stelpurnar í 6. flokki voru öflugar og nokkuð fjölmennar, en þær voru rúmlega 30. Þær tóku þátt í fjölmörgum mótum sumarið 2018. Þar var stærsta mótið Síamótið í Kópavogi. Einnig fóru þær á Landsbankamót, Hnátumót, Þæjumótið á Siglufirði, Goðamót og Stefnumót.

Tímabilið hjá 5. flokk karla var skemmtilegt. Flokkurinn taldi rúmlega 50 stráka yfir sumarið. Strákarnir voru á ferð og flugi og tóku þátt í ýmsum mótum og kepptu í flestum landshlutum. Þeir tóku þátt í sterku móti í Kópavogi í febrúar, N1 mótinu á Akureyri í júní/júlí, ÓB-mótinu á Selfossi að ógleymdu Íslandsmótinu þar sem við spiluðum í suðurriðli í fyrsta sinn. Flottur og vandaður hópur sem á sannarlega framtíðina fyrir sér.

Stelpurnar í 5. flokk voru um 45 og er það einn fjölmennasti kvenna flokkur sem við höfum átt. Á þessu tímabili höfum við tekið þátt í Goðamóti, Þæjumóti, Síamóti og Íslandsmóti auk fjölda æfingaleikja yfir vetrartímann. Við höfum verið að tefla fram 5 liðum á þessum mótum sem er á pari við stærstu lið landsins. Þarna er einnig á ferð mjög efnilegur hópur sem á framtíðina fyrir sér.

Bæði 4. flokkur karla og kvenna leika í deildakeppni á landsvísi. Þar tefldu strákarnir fram þrem liðum og stelpurnar tveim. Stelpurnar voru í A-deild en strákarnir í B-deildinni þetta sumarið. Í þessum flokki var að finna fjölmarga einstaklinga sem geta náð langt í sinni grein ef þau leggja hart að sér. Stelpurnar léku oft á tíðum vel og enduðu þær í 2.sæti í A-deildinni. Strákarnir áttu ágætis sumar á köflum og enduðu að lokum í 4. sæti B-deildarinnar.

Í 3. flokki karla voru tæplega 30 flottir strákar sem æfðu og kepptu þetta árið. Teflt var fram tveimur liðum sem léku í C-deildinni. Margir sterkir leikmenn í þessum hóp en sumir spiluðu talsvert með 2. flokki. A-liðið vann sinn riðil.

Knattspyrnusumarið í 3. flokki kvenna var um margt merkilegt og lærdómsríkt. Hópurinn var ekki fjölmennur en þær voru um 18. Farið var í æfingaferð til Spánar á miðju tímabili og gekk það ljómandi vel. Stelpurnar æfðu vel og framfarir þeirra talsverðar. Þær léku í B1-deildinni og enduðu þar í 4. sæti.

Landsliðkrakkar á árinu 2018:

Elmar Þór Jónsson 4 leikir með u17 og 3 leikir með u16.

Jakob Franz Pálsson 2 leikir með u16.

María Catharina Gros Ólafsdóttir 6 leikir með u17 og 3 leikir með u16.

Körfuknattleiksdeild

Í stjórn körfuknattleiksdeildar fyrir keppnistímabilið 2018-2019 voru; Einar Ingimundarson (formaður), Jóhannes Baldur Guðmundsson (gjaldkeri), Hjálmar Pálsson (ritari). Meðstjórnendur voru: Böðvar Þórir Kristjánsson, Einar Örn Aðalsteinsson, Ingi Þór Ágústsson og Marta Kristín Jónsdóttir.

Tímabilið var afar farsælt innan vallar. Nýr þjálfari var ráðinn til að stjórna ungu meistaraflokks liði karla og varð þar fyrir valinu Lárus Jónsson, sem hafður áður m.a. stjórnað Breiðabliki af miklum myndarskap. Lárus er afar fær í sínu starfi og setti strax handbragð sitt á liðið. Strákarnir tóku deildina strax góðum tókum og stóðu að lokum uppi sem nokkuð öryggir deildarmeistarar og tryggðu sér þar með sæti í Domino's deild karla á nýjan leik eftir árs fjarveru.

Kvennalið Þórs undir stjórn Helga Rúnar Bragasonar



gerði einnig afar góða hluti og endaði í þriðja sæti 1. deildar. Besti árangur liðsins í langan tíma og gefur það fyrirheit um að vel er hægt að halda úti öflugum kvennakörfubolta á Akureyri þrátt fyrir að hugsanlega muni næsta árið verða erfitt sökum mannskaps og peningaleysis. Alveg ljóst er að sama hvað verður þá mun Þór í næstu framtíð tefla fram öflugur kvennaliði en þolinmæði er og verður alltaf dyggð í þessum efnum.

Starfsemi yngri flokka var með hefðbundnu sniði og var iðkenda fjöldi svipaður og undanfarin ár. Jón Ingi Baldvinsson var ráðinn yfirþjálfari yngri flokka og er hann strax byrjaður að setja gott handbragð á starfið. Í stjórn unglingráðs voru; Ingi Þór Ágústsson (formaður), Jóhannes Baldur Guðmundsson (gjaldkeri), Kristbjört Guðmundsdóttir (ritari). Meðstjórnendur voru; Einar Örn Aðalsteinsson, Dóra Gestsdóttir, Hildur Ýr Kristinsdóttir, Sigríður Ingadóttir og Kristín Pálsdóttir.

Aðrar deildir

Árið 2018 starfrækti Þór nokkrar deildir sem kalla mætti smærri deildir þ.e. píludeild, taekwondodeild og keiludeild. Starfsemi þessara deilda er smærri í sniðum en allar eru þær drifnar áfram af sínu eigin handafla ef svo má að orði komast, deildirnar eru sjálfbærar í rekstri og iðkenda fjöldi nokkuð stöðugur. Þó þrengir að keiludeildinni sökum aðstöðuleysis og óljóst með hver framtíð hennar verður ef engin aðstaða er í sjónmáli á Akureyri.

Í stjórn píludeildar voru Hinrik Þórðarson (formaður), Bjarni Sigurðsson (varaformaður), Gerður Jónsdóttir (ritari), Guðrún Þórardóttir (gjaldkeri) og Jónas Helgason (meðstjórnandi).

Í stjórn keiludeildar voru Jóhanna Hjaltalín (formaður), Guðmundur Konráðsson (varaformaður), Höskuldur Stefánsson (gjaldkeri), Björgvin Helgi Valdimarsson (ritari). Meðstjórnendur voru: Jörgen Sigurðsson, Ólafur Þór Hjaltalín og Sigurður Óli Jónsson.

Í stjórn Taekwondo deildar voru Björn Heiðar Rúnarsson (formaður) og Stefanía Hauksdóttir (gjaldkeri).



Íþróttafélagið Þór Ársskýrsla 2019

Aðalstjórn:

Í aðalstjórn Þórs árin 2019-2020 sátu Ingi Björnsson (formaður), Helga Lyngdal (varaformaður), Unnsteinn Jónsson (gjaldkeri) og Íris Ragnarsdóttir (ritari). Meðstjórnendur voru Elma Eysteinsdóttir, Þorgils Sævarsson og Kristinn Ingólfsson. Varamenn voru Brynja Sigurðardóttir og Þóra Pétursdóttir.

Margt hefur drifið á daga aðalstjórnar árið 2019 og framan af ári 2020. Má þar helst nefna að tvær nýjar deildir voru stofnaðar í byrjun árs 2020. Hnefaleikafélag Akureyrar gekk inn í Þór og varð hnefaleikadeild Þórs. Þá var stofnuð rafíþróttadeild innan félagsins, sú fyrsta og eina sinnar tegundar á Akureyri. Rafíþróttir eru ört vaxandi íþrótt í heiminum og fara spennandi að fylgjast með framvindu mála á þeim vettvangi.

Í ágúst 2019 var ráðinn til starfa íþróttafulltrúi í fyrsta skipti í sögu félagsins. Varð þar fyrir valinu Jón Stefán Jónsson, sem lengi hefur verið félagsmaður í Þór og þekkir innviði félagsins vel. Hefur samstarf hans og Reimars Helgasonar, framkvæmdastjóra verið afar farsælt hingað til.

Í byrjun árs 2019 var haldin stórglæsileg árs hátíð sem var vel sótt af félagsmönnum og um sumarið fór fram Pollamót Þórs. Var það mál manna að þar hefði jafnvel verið á ferðinni besta Pollamót sögunnar hingað til en met fjöldi þátttakenda var á mótinu.

Í lok árs var að venju haldinn viðburðurinn „Við áramót“ þar sem veittar voru heiðursviðurkenningar og íþróttafólk ársins heiðrað. Júlís Orri Ágústsson, körfuknattleiksmaður var valinn íþróttakarl Þórs árið 2019 og Arnar Sif Ásgrimsdóttir, knattspyrnukona var valin íþróttakona Þórs árið 2019.

Prettándagleði Þórs var að venju haldin og var hún vel sótt.

Starfsemi handknattleiksdeildar 2019

Stjórn handknattleiksdeildar árið 2019 skipuðu: Þorvaldur Sigurðsson (formaður), Orri Stefánsson (varaformaður), Finnur Víkingsson (gjaldkeri), Reimar Viðarsson (gjaldkeri), Magnús Eggertsson (ritari), Aðalsteinn Bergþórsson (meðstjórnandi), Ingólfur Samúelsson (meðstjórnandi), Kristján Valur Kristjánsson (meðstjórnandi).

Í fyrsta skipti síðan árið 2006 lék Þór undir sínum eigin merkjum í meistaraflokki karla. Strákarnir léku í Grill 66 deildinni (næst efstu deild). Skemmst er frá því að segja að Þór, undir stjórn Halldórs Arnar Tryggvasonar, sigraði deildina með yfirburðum í vetur og mun því leika í efstu deild frá og með haustinu 2020.

Yngri flokkar handknattleiksdeildar

Í stjórn handknattleiksdeildar eru 7 stjórnarmenn sem vinna fyrir deildina í sjálfböðavinnu. Meðal verkefna stjórnar eru skipulagsmál, stefna, markmið, fjárhagur, fjármögnun og aðstaða.

Unglingaráð handknattleiksdeildar skipuðu: Kristján Gylfason (formaður), Linda Guðmundsdóttir (gjaldkeri), Helga Lyngdal (meðstjórnandi), Sigurbjörg Nielsdóttir (meðstjórnandi), Steinn Símonarson (meðstjórnandi), Ágúst Lárusson (meðstjórnandi), Guðbjörg Anna Björnsdóttir (meðstjórnandi).

Hjá deildinni eru 6 flokkar, 3.-8. flokkur drengja en 8. flokkur hefur verið kynjablandaður í nokkur ár. Einnig er starfræktur íþróttaskóli fyrir 2.-5. ára börn eina klukkustund á viku. Fjöldi iðkenda var á bilinu 120-130 haustið 2019. Hjá deildinni starfa yfirþjálfari, 5 þjálfarar ásamt 4-5 aðstoðarþjálfurum. Kvennaflokkarnir eru sameiginlegir undir merkjum KA og Þórs. Handboltadeildir KA og Þórs vinna mikið saman og halda félögin m.a. saman tvö stór handboltamót á ári, eitt í október og annað í apríl. Í hverj-



um flokk eru síðan starfandi foreldraráð sem skipuleggja ferðir og annað starf hjá hverjum flokki fyrir sig. Mikil áhersla er lögð á að foreldraráðin séu virk og þjálfarar fái góðan stuðning frá þeim.

Æfingagjöldum deildarinnar hefur verið haldið eins lágum og kostur er síðustu ár til að gera fleirum kleift að æfa íþróttina. Innifalið í æfingagjöldum eru mismargar æfingar hjá hverjum flokki fyrir sig.

Deildin býður upp á systkinaafslátt ásamt því sem deildir innan Þórs bjóða upp á afslátt á milli deilda. Einnig bjóðum við þeim sem byrja að æfa um miðjan vetur að greiða æfingagjald eftir hlutfalli.

Flokkaskipting er eftirfarandi, aldurinn miðast við haust:

3. flokkur karla 16-18 ára.
4. flokkur karla 14-15 ára.
5. flokkur karla 12-13 ára.
6. flokkur karla 10-11 ára.
7. flokkur karla 8-9 ára.
8. flokkur karla og kvenna 6-7 ára.

Æfingar fara fram Íþróttahúsi Síðuskóla og Íþróttahöllinni. Styrktaræfingar hófust í Baldvinnsal í Hamri haustið 2019. Ýmis önnur starfsemi deildarinnar fer einnig fram í félagsheimili Þórs, Hamri.

3. og 4. flokkar taka bæði þátt í Íslandsmóti og bikarkeppni. 5. og 6. flokkar sækja 5 mót í Íslandsmóti á hverjum vetri. 7. flokkur tekur þátt í einu móti á hverju ári en undanfarin ár hafa Þór, KA og Völsungur haldið eitt mót hvert á vetri fyrir 7. og 8. flokk.

Í september er öllum boðið að æfa frítt, einnig hefur deildin í upphafi hvers árs boðið nýjum iðkendum að koma og æfa frítt í kringum stórmót í handbolta. Þetta hefur komið vel út og hefur það skilað nýjum iðkendum. Í maí heldur handknattleiksdeild lokahóf. Sú venja hefur skapast að handboltasnillingur hefur komið og rætt við iðkendur hvernig hann hugsar um þjálfun sína og heilbrigðan lífsstíl. Þjálfarar fara yfir starf vetrarins og veita verðlaun í sínum flokki. Allir iðkendur fá viðurkenningarskjöl með umsögn um frá sínum þjálfara. Í 4. flokk eru einnig veitt verðlaun fyrir mestu framfarir, besta leikmann og hugarfarsverðlaun. Í 3. flokki eru líka veitt verðlaun fyrir besta leikmann, besta sóknarmann, besta varnarmann og hugarfar. Þjálfarar velja þá sem hljóta viðurkenningar úr sínum flokkum. Í lokin er boðið upp á veitingar. Um áramót er valinn handboltamaður Þórs. Brynjar Hólm Grétarsson var valinn handboltamaður Þórs 2019.

Fjórir drengir frá Þór hafa sótt æfingar hjá yngri landsliðum Íslands eða hafa verið boðaðir í hæfileikamótun hjá HSÍ í handbolta. Þetta eru þeir Aron Hólm Kristjánsson, Kristján Gunnþórsson, Gabríel Esra Sigurðsson og Sævar Stefánsson.

Verkefnin voru fjölmörg eins og gefur að skilja. Þar bar hæst, fjögur stór Goðamót, Pollamót, Herrakvöld, 12 heimaleikir og hinir ýmsu minni viðburðir sem deildin stóð fyrir.

Nokkrar breytingar urðu á vormánuðum á stjórn knattspyrnudeildar en tveir gáfu ekki kost á sér í áframhaldandi stjórnarsetu og fjórir nýir komu inn. Úr stjórn fóru þeir Þórður Halldórsson og Kristján Steinn Magnússon. Nýir í



stjórn komu, Aron Elvar Finnsson, Birkir Hermann Björgvinsson, Guðríður Sveinsdóttir og Gunnar Lindal.

Starfsemi knattspyrnudeildar 2019

Stjórn knattspyrnudeildar keppnistímabilið 2019 var skipuð eftirfarandi aðilum; Óðinn Svan Óðinsson (formaður), Gestur Arason (gjaldkeri), Gunnar Lindal (varaformaður), Guðríður Sveinsdóttir (ritari). Meðstjórnendur voru: Birkir Hermann Björgvinsson, Helgi Jones, Sveinn Orri Vatnsdal, Aron Elvar Finnsson, Aðalsteinn Sigurkarlsson og Kristján Kristjánsson.

Ráðist var í töluverðar áherslubreytingar á árinu sem fölust meðal annars í því að gjörbreyta umgjörð á heima-leikjum sem tókust með miklum ágætum. Einnig voru gerðar breytingar á þjálfarateymi karlaliðsins þ.e. ráðning Gregg Ryder sem tók við af Lárusi Orra Sigurðssyni sem hætti í lok tímabils 2018. Í byrjun árs 2019 réð svo deildin Perry McLachlan í starf sem markmannsþjálfara.

Meistaraflokkur karla hjá Þór lék í 1.deild sumarið 2019 líkt og nokkur ár þar á undan. Miklar vonir voru bundnar við að Þór væri með lið sem gæti endað í efstu tveimur sætum deildarinnar og þar með farið upp í efstu deild. Lengi framan af leit út fyrir að svo myndi vera því liðið ýmist var í fyrsta eða öðru sæti þar til upp úr miðjum ágústmánuði. Því miður endaði liðið tímabilið hreint út sagt illa og vannst t.a.m. ekki sigur í síðustu fimm leikjum deildarinnar. Liðið hrapaði niður í 6.sætið sem var langt frá þeim væntingum sem gerðar voru fyrir tímabilið. Samningi knattspyrnudeildar við Gregg Ryder var rift að loknu keppnistímabili og við tók Páll Viðar Gíslason sem er Þórsurum að góðu kunnugur.

Yngri flokkar knattspyrnudeildar Þórs

Unglingaráð knattspyrnudeildar Þórs skipa Brynjólfur Sveinsson (formaður), Páll Jakobsson (gjaldkeri) og Hugrún Hermannsdóttir. Unglingaráð Þórs hefur umsjón með yngri flokkum félagsins, þ.e. 2. til 8. flokki karla og kvenna og hefur markað sér knattspyrnu- og uppeldisstefnu þar sem félags-, íþrótt- og uppeldisleg markmið eru höfð að leiðarljósi. Í stefnunni er lögð áhersla á ánægju af knattspyrnuíðkun og árangur. Lögð er áhersla á góð tengsl við

foreldra iðkenda og fjölbreytta félagsstarfsemi í öllum flokkum, m.a. til að efla samkennd (hópefli) og vinna gegn brottfalli úr íþróttaiðkun. Unglingaráð knattspyrnudeildar Þórs hefur tvenns konar stefnu að leiðarljósi í starfinu. Annars vegar uppeldisstefnu yngri flokka með áherslu á skemmtun, félagsskap, jákvæð lífsviðhorf, góðan aga og heilbriggt lífarni. Deildin vinnur eftir uppeldisstefnu í samræmi við stefnu ÍSÍ um íþróttir barna og unglinga jafnframt afreksstefnu sem hefur allar sömu áherslur og uppeldisstefnan, en gengur lengra í því að markvisst er unnið að því að ala upp alhliða knattspyrnumenn sem hafa hæfileika til að skara fram úr.

Nokkur fjölgun hefur orðið á árinu 2019 og má þakka það vinsældum fótbotans í heiminum og markvissu og metnaðarfullu starfi deildarinnar og hjálfurum félagsins. Til að veita 2.flokk karla betra aðhald var flokkurinn færður undir unglingaráð fyrir sumarið. Iðkendafjöldinn var í lok árs kominn í 515 sem er mestu fjöldinn í sögu Þórs. Mest er aukningin í yngstu flokkunum. Fótboltinn er löngu orðinn heilsársíþrótt og var æft alla mánuði ársins, í Boganum og á gervigrasvælinum við Dalsbraut yfir veturinn og æfingarsvæði Þórs við Hamar yfir sumartímann. Helstu viðburðir yfir veturinn eru Goðamótin fyrir 5. og 6. flokk sem Þór heldur með glæsilegum hætti og svo taka 3. og 4. flokkur þátt í mótum sem KA heldur í byrjun árs. Yngstu flokkarnir hafa síðan tekið þátt í stuttum dagsmótum.

Hjá 8. flokki var fjöldinn sem æfði breytilegur, þegar mest var voru yfir í 70 krakkar að mæta. Yfir sumarið tóku þau þátt í Strandarmótinu á Árskógssandi og Kiwanismótinu á Húsavík. Á báðum mótunum var gleðin allsráðandi og allir komu sátir frá leik.

Rúmlega 50 strákar sem æfðu hjá 7. flokki og var hápunktur sumarsins sennilega Norðurálmótið á Akranesi. Annars tóku þeir þátt í 5 mótum og stóðu sig vel á þeim öllum.

7. flokkur kvenna samanstóð af um það bil 25 duglegum stelpum sem fóru á þrjú mót þetta sumarið og hápunkturinn var Landsbankamót í lok júní. Þær voru til fyrirmyndar á öllum mótunum.

Hópurinn í 6. fl. karla var sérstaklega námsfús og hæfileikaríkur. Einnig voru þeir gríðarlega fjölmennir en yfir 80 strákar voru að æfa en mikil fjölgun hefur verið í þeirra hóp. Stærsta mótið hjá strákunum í 6. flokki er Orkumótið í Vestmannaeyjum og var það frábært upplifun fyrir þá. Þeir tóku svo þátt í Pollamótinu og Króksmótinu síðsumars.

Stelpurnar í 6. flokki voru öflugar og fjölmennar en þær voru yfir 40 talsins sem gerir þær að einum stærsta 6.fl kvenna á landinu. Þær tóku þátt í mörgum mótum tímabilið 2019. Stefnumót, Goðamót, Hnátumótið, Síamótið fór fram í lok júlí og að lokum var svo Þæjumótið á Siglufirði.

Tímabilið hjá 5. flokki karla var skemmtilegt. Flokkurinn taldi um 65 stráka yfir sumarið. Strákarnir voru á ferð og flugi og tóku þátt í ýmsum mótum og kepptu í flestum landshlutum. Þeir tóku þátt í N1 mótinu á Akureyri í júní/júlí, ÓB-mótinu á Selfossi að ógleymdu Íslandsmótinu sem var með breyttu fyrirkomulagi þar sem við sendum 3 lið í suðurriðil og spiluðum 3 liðum í norðurriðli.

Stelpurnar í 5. flokki voru fjölmennar, rúmlega 40 stelpur og margar mjög efnilegar. Þær tóku þátt í 6 mótum yfir árið 2019. Minnisstæðast er Þæjumótið í Eyjum og var mikil

upplifun að taka þátt í því. Á Íslandsmótinu tefldum við í fyrsta sinn fram 2 liðum í suðurriðli og vorum einnig með 2 lið í norðurriðli.

Strákarnir í 4. flokk karla voru ekki fjölmennir þetta árið en þeir tefldu þó fram 2 liðum á Íslandsmóti. Þeir tóku einnig þátt í Stefnumótinu yfir veturinn. Úrslitin voru ekki frábært þetta tímabilið en strákarnir sýndu mikla samstöðu, baráttu og hugrekki.

Stelpurnar í 4. flokki tóku þátt í tveimur mótum, Stefnumóti og Íslandsmóti. A-lið gerði sér lítið fyrir og unnu sterkt Stefnumót. Í Íslandsmóti spiluðum við með A- og B-lið í A-deild og áttu bæði lið flott tímabil þar, A-lið endaði í 3. sæti og fóru í úrslitakeppni og B-lið endaði í 4. sæti.

Stelpurnar í 3. flokki tóku þátt í Stefnumóti og Íslandsmóti á árinu. Í flokknum eru 21 stelpa og þar á meðal komu nokkrar úr Tindastól fyrir tímabilið. Við náðum að tefla fram A- og B-liði með góðri aðstoð frá 4. flokknum okkar. Til að gera langa sögu stutta að þá var árangurinn á Íslandsmótinu heilt yfir nokkuð góður. A-liðið rétt missti af úrslitakeppninni sem var þínu grátlegt en B-lið fór í úrslitakeppni sem er frábær árangur.

3. flokkur karla tók þátt í Íslandsmótinu í B deild og bikarkeppni á tímabilinu sem er að líða. Að þessu sinni voru tæplega 30 strákar sem mættu að jafnaði á æfingar flokksins. Skráð voru tvö lið til leiks í Íslandsmótinu sem enduðu um miðja deild. Í bikarkeppninni sem var spiluð á landsvísi þá fór Þórslíðið alla leið í undanúrslitaleikinn og stóð sig glæsilega.

2. flokkur Þórs spilaði í B deild í sumar og hafnaði þar í 3. sæti. Við tefldum fram einu liði þetta sumarið og enduðu með 29 stig eftir 18 leiki, 9 sigra, 2 jafntefli og 7 töp. Í bikarkeppninni gekk mjög vel og komust strákarnir alla lið í undanúrslit sem er mjög vel gert.

Landsliðsmenn á árinu 2019 voru:

Elmar Þór Jónsson 6 leikir með u17 og 2 leikir með u18.
Jakob Franz Pálsson 6 leikir með u16 og 3 leikir með u17.
María Catharina Ólafsdóttir Gros 4 leikir með u16 og 8 leikir með u17.
Jakobína Hjörvarsd. 7 leikir með u16 og 3 leikir með u17.
Anna Brynja Agnarsdóttir 4 leikir með u15.

Starfsemi körfuknattleiksdeildar 2019

Stjórn körfuknattleiksdeildar árið 2019 skipuðu: Hjálmar Pálsson (formaður), Lúðvík Freyr Sæmundsson (gjaldkeri), Jóhann Jónsson (ritar), meðstjórnendur voru: Ásdís Elva Rögnvaldsdóttir, Böðvar Kristjánsson, Einar Örn Aðalsteinsson, John Cariglia, Hlynur Friðriksson, Sigurður



Grétar Sigurðsson og Svandís Nielsdóttir (fulltrúi unglingaráðs).

Á haustmánuðum 2019 var haldinn neyðarfundur fyrir körfuknattleiksdeild Þórs þar sem að ljóst var að án fólks myndi starfsemi deildarinnar nánast leggjast af. Ný stjórn tók við taumunum í lok ágúst og tókst með miklu Grettis-taki að lyfta starfsemi deildarinnar upp. Karlalið félagsins tók þátt í efstu deild eftir að hafa unnið 1. deildinna sl. vor. Þegar þetta er skrifað er enn sem komið er óljóst hvort liðið haldi sæti sínu í efstu deild sökum þess að keppni var stöðv-uð vegna Covid19-veirufaraldursins.

Kvennaliðið var dregið úr keppni en það er metnaður nýrrar stjórnar að kvennaliðið verði endurvakið strax aftur árið 2020 og þá verði settur mikill kraftur í starfið í kringum stelpurnar.

Starfsemi unglingaráðs körfuknattleiksdeildar frá mars 2019

Nýtt unglingaráð körfuknattleiksdeildar tók við stjórnar-taumum í mars árið 2019 og því nær þeirra umsögn ein-vörðungu til þess tíma. Í unglingaráði voru: Svandís Lilja Nielsdóttir, Kristín María Stefánsdóttir, Þórey Kristín Aðalsteinsdóttir, Svala Rán Aðalbjörnsdóttir og Þóra G. Þorsteinsdóttir

Í marslok var myndað unglingaráð. Unglingaráðið sam-anstóð af þrem dömum, Svölu Rán, Kristínu og Svandísi. Þegar þarna er til skjalanna komið hefur ekkert unglingaráð verið virkt í einhvern tíma. Hófumst við því handa við að kynna okkur verkefni og stöðu ráðsins/félagsins/deildarinn-ar. Tvær stúlkur til viðbótar áttu svo eftir að bætast í hópinn til viðbótar, þær Þórey og Þóra.

Í mars var ekki beðið boðanna og skellt í eina fjáröflun, seldum Gæðaegg frá Hranastöðum. Það lukkaðist mjög vel og tóku foreldrar og iðkendur virkan þátt.

Í apríl og maí var fyrsta verkefnið okkar var að skipu-leggja eitt stk Íslandsmót! Þetta var í fyrsta sinn sem svona stórt körfuboltamót hefur verið haldið hérna á Akureyri. Á mótið komu um 300 iðkendur ásamt fríðu föruneyti. Virki-lega gaman að sjá samstöðu innan yngriflokkanna og for-eldrar boðnir og búnir til að aðstoða, stóðu vaktir í sjoppu, gæslu, grillvaktir og næturvaktir á gististað. Gist var í Síðu-skóla, keppt var í Síðuskóla og í Höllinni. Alls gistu um 200 krakkar í Síðuskóla og var mikið fjör. Við stóðum fyrir Eurovision party á laugardagskvöldinu og vakti það lukku. Eftir mótið fengum við mikla og góða endurgjöf frá fólkinu sem á mótið kom. Við erum því mjög spennt að hefja skipu-lagningu á næsta Íslandsmóti sem verður haldið hérna á Akureyri núna í byrjun maí.



Í júní, hokin af skipulagsreynslu hófumst við handa að skipuleggja körfuboltabúðir Þórs sem haldnar voru svo í júlí. Unglingaráð kom að skipulagningu ásamt því að leggja til vinnuframlag sitt. En búðirnar sjálfar voru á vegum meistaraflokkst Þórs í Körfu.

Körfuboltaskólinn fór fram 10.-14. júlí. Alls tóku 42 krakkar þátt. Þjálfarar viðsvegar af landinu komu og tóku þátt í búðunum með okkur. Gist var í Lundarskóla en búð-irnar fóru fram í Höllinni. Foreldrar mönnuðu vaktir og gekk allt upp eins og áætlun gerði ráð fyrir.

Þegar liða fór að hausti í ágúst tók við skipulagning fyrir komandi vetur. Tímatafla og þjálfararáðningar. Endurbætur á íþróttahúsinu í Glerárskóla hafði vissulega áhrif á tíma-töfluna. Okkur voru gefnir tímar sem voru kannski ekki þeir allra hentugustu en við gerðum það besta úr því sem við höfðum. Allir hjálpuðust að við að gera þennan tíma eins góðan og hægt var.

Hrímland gerði samning til 3ja ára við unglingaráð. Styrkur í formi peninga auk þess sem þeir buðu okkur að koma upp dósagámi uppí Hálöndum. Við þáðum það með þökkum og forum strax í að redda okkur gámi. Gáminn og flutninginn norður styrktu Blikk og tækniþjónustan okkur um. Við keyptum svo merkingar á gáminn. Fjáröflun, dós-a-söfnun unglingaráðs. Frjáls fjáröflun sem að iðkendur og foreldrar tóku virkan þátt í.

Í september var skólaverkefni var sett á kopponn en því miður var þáttaka í því ekki nægileg svo það stæði undir sér. Mögulega verður það endurvakið aftur seinna.

Í október keypti Slippurinn nafnið á því sem áður hét Kjarnafæðismótið og fékk nafnið Slippmótið. Samningur var gerður til 3ja ára. Það var haldið 26.október og lukkað-ist mjög vel. Foreldrar tóku enn á ný virkan þátt í að standa vaktir við mótið. Í lok mánaðar tók unglingráð við rekstri sjoppunnar á leikjum meistaraflokks. Það samstarf hefur gengið vel og sjáum við fram á að það gæti vel haldið áfram næsta vetur. Loks voru pantaðir voru nýir búningar fyrir yngriflokkana.

Í nóvember var flott framfaraskref stigið í starfinu en þá hófust sérhæfðar styrktaræfingar og tækniæfingar. 15.nóv-ember var íþróttahúsið í Glerárskóla opnað, glæsilegt hús. Sala á jólakúlunni 2019 hófst við góðar undirtektir. Þetta var sameiginleg fjáröflun mfl. unglingaráðs og yngriflokk-anna. Alls voru pantaðar 500 kúlur og um 300 seldust. Hver iðkandi fékk 500 kr fyrir hverja selda kúlu. Unglingaráð settist niður og gerði rekstraráætlun fyrir árið 2020.

Í lok ársins, nánar tiltekið í desember var enn ein fjáröfl-

unin á vegum deildarinnar, jólaís frá ísgerðinni. Sú sala gekk vel og hafði iðkandi 500k út úr hverri seldri einingu. Jólakúlusalan hélt árfam alveg fram að jólum. Stofnaðir voru reikningar fyrir hvern flokk. Fjáröflunarreikningar sem foreldraráð innan hvers flokks sér um og heldur utan um fjáraflanir og fjármuni hvers iðkanda.

Aðrar deildir

Sem og áður voru innan Þórs starfræktar það sem mætti kalla minni deildir. Taekwondodeild og Keiludeild eru afar fámennar en orðin fámenn en góðmennt á vel við þar. Í pílu-deild er hins vegar mikil fjölgun og má það mikið rekja til algjörar byltingu í aðstöðu er deildin flutti starfsemi sína í Laugargötu þar sem sett var upp frábær aðstaða, ein sú besta á landinu.

Snemma árs 2020 urðu svo til tvær nýjar deildir innan Þórs, það er að segja hnefaleikadeild og rafiþróttadeild. Hnefaleikadeildin var áður í hnefaleikafélagi Akureyrar en gekkst undir starfsemi Þórs með sína starfsemi. Rafiþróttadeildin hins vegar var stofnuð frá grunni og verður vægast sagt spennandi að fylgjast með framgangi þeirrar deildar enda um alveg nýtt fyrirbæri að ræða í íslensku íþrótt- og menningarlífi.

Í stjórn keiludeildar voru Jóhanna Hjaltalín (formaður), Guðmundur Konráðsson (varaformaður), Höskuldur Stefánsson (gjaldkeri), Björgvin Helgi Valdimarsson (ritari). Meðstjórnendur voru: Jörgen Sigurðsson, Ólafur Þór Hjaltalín og Sigurður Óli Jónsson.

Í stjórn taekwondo deildar voru Björn Heiðar Rúnarsson (formaður), Haukur Fannar Möller (ritari) og Stefanía Hauksdóttir (gjaldkeri).

Í stjórn píludeildar sem kosin var á aðalfundi í byrjun árs 2020 sitja: Bjarni Sigurðsson (formaður), Arnar Oddsson (varaformaður), Björk Viðarsdóttir (gjaldkeri), Hallur Guðmundsson (meðstjórnandi) og Viðar Valdimarsson (ritari).

Í stjórn hnefaleikadeildar sitja Sævar Ingi Rúnarsson (formaður), Jóhann Ingi Bjarnason (varaformaður), Hreinn Viðar Gunnlaugsson (ritari), Sigríður Birna Bjarnadóttir (gjaldkeri) og Helga María Harðardóttir (meðstjórnandi).

Í stjórn rafiþróttadeildar sitja Bjarni Sigurðsson (formaður), Sævar Eðvarðsson (gjaldkeri), Garðar Darri Gunnarsson (ritari). Meðstjórnendur eru Haraldur Skjöldal Kristjánsson, Sigurður Brynjar Júlíusson og Andri Þór Bjarnason.



Karatefélag Akureyrar Ársskýrsla 2018

Á aðalfundi félagsins var kosin stjórn félagsins. Dagleg umsjón og rekstur hvílir á yfirþjálfara og gjaldkera félagsins.

Stjórn Karatefélags Akureyrar 2018:

Magnús Sigþórsson, formaður.
Randver Gunnar Ólafsson, varaformaður.
Rut Guðbrandsdóttir, gjaldkeri.
Kristinn Þórisson, ritari.
Einar Ingi Einarsson, meðstjórnandi.

Þjálfarar:

Magnús Sigþórsson, yfirþjálfari.
Rut Guðbrandsdóttir.

Starfsemi félagsins hefur verið að þróast meira og meira yfir í þjálfun almennra iðkenda annarsvegar og iðkenda sem stefna á keppni hins vegar. Þátttaka á mótum hefur aukist til muna og vegna góðs árangurs voru nokkrir iðkendur boðið að æfa með unglingalandsliðinu og voru 3 valin þau Björgvin Snær Magnússon, Sóley Eva Magnúsdóttir, María Bergland Traustadóttir. Félagið fór í fyrsta sinn með keppendur á RIG. Einnig voru fimm iðkendur boðið að taka þátt í smáþjóðaleikunum sem haldið var í San Marino á haustmánuðum. Er þetta í fyrsta sinn sem iðkendur frá félaginu taka þátt í móti erlendis. Árangurinn var frábær og allir komu heim með verðlaun. Áfram var unnið í því að bæta aðstöðuna en frekar og bætt við þrek og styrkþjálfunartækjum. Að lokum vill stjórn Karate-

félags Akureyrar þakka öllum þeim sem komu að starfi félagsins árið 2016.

RIG 28. janúar

Kata female junior – 3. sæti Rakel Reynisdóttir.
Kumite Junior female open – 3. sæti Rakel Reynisdóttir.
Kata male junior – 2. sæti Amjad Naser.
Kata female 13 ára – 2. sæti Sóley Eva Magnúsdóttir.
Kumite male 13 ára -55
– 2. sæti Björgvin Snær Magnússon.
Kumite male 13 ára +55
– 1. sæti Daníel Karles Randversson.



Grandprix mótaröð

- 1. sæti kumite 14 ára Björgvin Snær Magnússon
- 3. sæti kumite 14 ára Daniel Karles Randversson
- 1. sæti kumite 14-15 ára Sóley Eva Magnúsdóttir
- 3. sæti kata 14-15 ára Sóley Eva Magnúsdóttir
- 1. sæti kumite 12 ára María Bergland Traustadóttir
- 2. sæti kata 12 ára María Bergland Traustadóttir
- 3. sæti kata 13 ára Magnea Björt Jóhannesdóttir

Íslandsmeistaramót kata 14. og 15. apríl

Barna:

Hópkata 8 ára og yngri – 3. sæti Adel/Aþena/Alex.

Kata 8 ára og yngri – 3. Sæti Alex Parraques.

Kata 9 ára stelpna – 3. sæti Aþena Harðardóttir.

Unglinga:

Hópkata 14-15 ára – 3. sæti Sóley/María/ Magnea.

Kata 12 ára stelpur:

1. sæti María Bergland.

3. sæti Sigrún Dalrós Eiríksdóttir.

3. sæti Sigrún Karen Yeo.

Kata 13 ára stelpur:

3. sæti Magnea Björt Jóhannesdóttir.

3. sæti Íris Harpa Hilmarisdóttir.

Kata 14 ára stelpur – 2. sæti Sóley Eva Magnúsdóttir.

Kata 15 ára strákar – 3. sæti Björgvin Snær Magnússon.

Íslandsmeistaramót í kumite 6. október

Kumite 12 ára stelpna – 3. sæti María Bergland.

Kumite 14-15 ára piltar +63 kg

– 3. sæti Daniel Karles Randversson.



Kumite 14-15 ára +55 kg

– 1. sæti Sóley Eva Magnúsdóttir

Smáþjóðaleikarnir San Marínó

Hópkata 12-13 ára – 3. sæti. Sóley, Magnea og María

Kata 13 ára stúlkna – 3. sæti Sóley Eva Magnúsdóttir

Kumite 12 ára telpna – 3. sæti María Bergland

Kumite 13 ára piltar

– 3. sæti Björgvin Snær Magnúsdóttir

Liðakumite 14-15 ára piltar

– 3. sæti Daniel Karles Randversson.

Magnús Sigþórsson,

formaður Karatefélags Akureyrar



Stofnað 2008

Karatefélag Akureyrar Ársskýrsla 2019

Á aðalfundi félagsins var kosin stjórn félagsins. Dagleg umsjón og rekstur hvílir á yfirþjálfara og gjaldkera félagsins.

Stjórn Karatefélags Akureyrar 2019

Magnús Sigþórsson, formaður.

Randver Gunnar Ólafsson, varaformaður.

Rut Guðbrandsdóttir, gjaldkeri.

Kristinn Þórisson, ritari.

Einar Ingi Einarsson, meðstjórnandi.

Þjálfarar

Magnús Sigþórsson, yfirþjálfari.

Rut Guðbrandsdóttir.

Árið hefur verið lærdóms og viðburðaríkt. Félagið hefur styrkt keppnishóp félagsins og þátttaka á erlendum mótum aukist til muna. Er þetta ómetanleg reynsla fyrir iðkendur og þjálfara. Á árinu var starfsemi breytt þannig að keppnishópur æfir saman. Ferðir til höfuðborgarinnar eru nú orðin fastur liður í mánuði á landsliðsæfingar og á mót. Mikil vinna fer í undirbúning fyrir mót innanlands og erlendis því félagið er nú með iðkendur sem reglulega eru valin í landsliðsverkefni. Átti félagið fulltrúa á mót á vegum landsliðsins í Opin mót í Þýskalandi, Svíþjóð, Amsterdam og á norðurlandamót í Finnlandi. Áfram var unnið í því að bæta aðstöðuna en frekar og yfir sumar mánuðina voru um 12 þrektæki standsett sem fengin voru frá Kraftlyftingafélagi Akureyrar. Að lokum vill stjórn

Karatefélags Akureyrar þakka öllum þeim sem komu að starfi félagsins árið 2019.

RIG 2019 27. janúar

Kumite cadet +63 kg Björgvin Snær Magnússon 1. sæti
Dániel Karles Randversson 2. sæti
Kumite cadet + 47 kg Sóley Eva Magnúsdóttir 2. sæti
Kata cadet Sóley Eva Magnúsdóttir 3. sæti
Kumite 13 ára + 47kg Magnea Björt Jóhannesdóttir 3. sæti
Kata 13 ára Magnea Björt Jóhannesdóttir 2. sæti
Kumite 13 ára -47 kg Íris Hilmarsdóttir 2. sæti

Íslandsmeistaramót unglunga í kumite 2019

Kumite piltar 13 ára Jón Snævar Bjarnason 3. sæti
Kumite piltar 14-15 ára +63 kg
Björgvin Snær Magnússon 3. sæti
Dániel Karles Randversson 3. sæti
Kumite stúlkna 14-15 ára - 54 kg
Íris Harpa Hilmarsdóttir 2. sæti

Íslandsmeistaramót kumite 2019

Kumite KK 75+
Sigþór Veigar Magnússon 3. sæti
Amjad joumar Naser 3. sæti

Íslandsmeistaramót barna í kata 2019

Kata stúlkna 8 ára og yngri
Júlía Bergland Traustadóttir 1. sæti
Kata 10 ára piltar
Mikael Örn Pachara Arnarsson 3. sæti
Kata 10 ára stúlkna
Leyla Ósk Zakirigizi 3. sæti
Kata 11 ára stúlkna
Magdalena Sulova 3. sæti

Íslandsmeistaramót unglunga í kata 2019

Hópkata táninga 14-15 ára 3. sæti
Kata stúlkur 13 ára
María Bergland 2. sæti
Sigrún Karen Yeo 3. sæti
Kata stúlkur 14 ára
Magnea Björt Jóhannesdóttir 2. sæti
Kata stúlkur 15 ára
Sóley Eva Magnúsdóttir 2. sæti

Grandprix mótaröðin 2019

Kumite 15 ára piltar
Björgvin Snær Magnússon 1. sæti
Dániel Karles Randversson 3. sæti
Kumite 13 ára stúlkur
María Bergland 2. sæti



Kata 13 ára stúlkur
María Bergland 2. sæti.

Smáþjóðaleikarnir 2019

Kumite 12 ára
Jón Snævar Bjarnason 1. sæti
Team kumite cadet
Dániel Karles Randversson lið ísl.

Katapokalen 2019 Svíþjóð

Kata 13 ára stelpur
Magnea Björt Jóhannesdóttir 3. sæti
Kata 12 ára stelpur
María Bergland Traustadóttir 3. sæti

Central England Open 2019

Kumite Cadet -63 kg
Björgvin Snær Magnússon 2 sæti

Magnús Sigþórsson, Formaður Karatefélags Akureyrar





Stofnað 1996

KKA akstursíþróttafélag Ársskýrsla 2018

Árið 2018 var stjórn félagsins skipuð með eftirfarandi hætti:

Þorsteinn Hjaltason, formaður. Sigurður Rúnar Sigþórs-son, ritari. Guðmundur Hannesson, Jóhann Hansen, Bjarki Sigurðsson. Meðstjórnendur voru: Fjalar Úlfars-son, Árni Grant, Baldvin Þór Gunnarsson, Halldór Gauti Helgason, Stefán Þór Baldursson, Stefán Hansen, Kristján Ingi Jóhannsson.

Mikil vinna fer fram í fjölmörgum nefndum félagsins.

Vefsíða félagsins er www.kka.is

Mikill hugur var í félagsmönnum á árinu og var stór ákvörðun tekin þegar klúbburinn hætti að rukka inn dags- gjald á svæði klúbbsins fyrir félagsmenn og varð þessi breyting til aukinna meðlima í klúbbum og varð svæðið vel lifandi allt árið. Glæsilegt að sjá að svæðið er að lifna við meira og meira á hverju ári og nýtt fólk streymir inn.

Á árinu voru haldnir nokkrir viðburðir undir nafni KKA. Þar má nefna sleðaspyrnu í Hlíðarfjalli þann 23. mars en þar koma allir kraftmestu sleðar landsins og keppa undir ljósum upp hólabrautina í Hlíðarfjalli frammi fyrir fjölda fólks.

24. mars hélt klúbburinn Snocross mót en það sport hefur verið í mikilli lægð síðan 2010 og hefur klúbburinn sett það sem markmið að reyna lyfta þessu upp í sitt fyrra horf á komandi árum, gekk viðburðurinn með besta móti.

Svo kom keppnishelgi KKA sem var þetta árið 7. og 8. júlí, á laugardeginum var keppt í motocross og sunnudeg- inum í enduro (þolakstri). Þessi helgi vekur alltaf jafn mikla lukku og er það orðin hefð hjá fólki utan af landi að koma viku fyrir og gista á tjaldsvæði KKA og stunda æfingar fram að móti.

Það kom engum á óvart að Einar Sigurðsson var útnefndur íþróttamaður KKA árið 2018. Vann hann Íslandsmeistaratitil í flokki MX2 hjóla og skilaði 3. sæti til meistara í enduro. Einungis þrír kappar hafa fengið þennan



titil. Baldvin Þór Gunnarsson árið 2006 og 2007 en eftir það hafa þeir Bjarki og Einar Sigurðssynir séð um þennan titil. Bjarki hefur verið útnefndur fimm sinnum íþróttamaður KKA en nú hefur „litli“ bróðir farið fram úr því þetta er í sjötta skiptið sem Einar nær þessum sæmdartitli.

Einar Sigurðsson var svo valin ásamt tveimur öðrum til að fara og keppa fyrir Íslandshönd á Motocross of nations þar sem hver þjóð sendir sína 3 bestu menn og etja þeir kappi yfir eina helgi. Ísland náði þetta ár besta árangri hingað til og spilaði Einar þar stórann þátt.

Barnastarf KKA er alltaf í fullum gir og er haldið við barnabraut á svæði KKA, þar æfa börn sig ákaft til að kom- ast einn daginn í brautina sem stóru „krakkarnir“ nota.

*Bjarki Sigurðsson
formaður KKA*





Stofnað 1996

KKA akstursíþróttafélag Ársskýrsla 2019

Árið 2019 var stjórn félagsins skipuð með eftirfarandi hætti: Bjarki Sigurðsson, formaður. Sigurður Rúnar Sigþórsson, ritari. Í stjórn sátu Jói Hansen, Baldvin Þór Gunnarsson, Halldór Gauti Helgason, Ívar Már Halldórsson, Stefán Þór Baldursson, Kristán Ingi Jóhannsson, Árni Grant

Mikil endurnýjun var í klúbbum 2019

Vefsíða félagsins er www.kka.is

Mikil breyting átti sér stað í klúbbum þetta árið en Þorsteinn Hjaltason hætti sem formaður eftir 15 ára setu, Bjarki Sigurðsson tók við af honum.



Þetta árið var mikil innspýting í klúbb meðlimum sem sást strax á vordögum, mikil vinna var lögð í klúbbhúsið og aðstöðu í kringum hús. Skipt var um loftaklæðningu ásamt því að húsið var málað.

Haldin voru vikuleg námskeið fyrir hluta sumars sem voru vel sótt og verða líklega á ári hverju eftir þessi góðu viðbrögð. Stefnan er tekin árið 2020 að haldin verði regluleg námskeið fyrir yngri kynslóðirnar.

Þetta sumarið var fengin mikill reynslubolti frá Danmörku til að halda námskeið hjá okkur, var það námskeið vel sótt allstaðar af landinu og var í raun tekið það vel í það að búið er að bóka að hann komi aftur árið 2020 og haldi fleiri námskeið, en mjög mikilvægt er að klúbbmeðlimir fái svona mikla reynslubolta þar sem þekking þeirra er svo mikil og eitt námskeið skilar mjög góðum árangri.

Árið 2019 voru haldnir 3 stórir viðburðir ásamt öllum námskeiðum og minni viðburðum

22. mars var haldin árlega sleðaspyrnar í Hlíðarfjalli, fór hún fram við góðar en kaldar aðstæður en að venju var fjallið fullt af áhorfendum sem komnir voru til að sjá kraftmestu sleða landsins etja kappi.

KKA-helgin var haldin 13. og 14. júlí. Motocross á laugardegi og enduro (þolakstur) á sunnudegi. Rosalega góð þátttaka var og brautin var uppá sitt allra besta og sýndi svæðið enn og aftur að það er á heimsmeðallist. Enduro keppnin fór fram á sunnudeginum en mikil rigning dagana fyrir mót gerði hana erfiða viðureignar sem í þessari grein er mjög gott þar sem það reynir á útsjónarsemi keppenda.

Enn eitt árið átti KKA mann í fremstu röðum í Íslandsmeistaramótaröðinni í Motocross, en hann Einar Sigðurðsson varð Íslandmeistari í Enduro-tvímennning, 3. sæti í MXOPEN flokki – Motocross. Sigur í einu keppninni sem hann tók þátt í, í flokki MX2 (minni vélarstærð).

Einar var valin annað árið í röð, ásamt tveimur öðrum af MSÍ, til að fara út til Hollands og keppa fyrir hönd landsins í MXON (Motocross of nations). Þar sem þeir náðu besta árangri Íslands til þessa.

Framtíð klúbbsins er björt og er mikill drifkraftur að koma inn í klúbbinn sem verður spennandi að fylgjast með á komandi árum.

*Bjarki Sigurðsson,
formaður KKA*



Knattspyrnufélag Akureyrar Ársskýrsla 2018

Innan vébanda KA eru starfræktar 5 deildir sem hver um sig með ólíkum hætti hefur blómstrað á árinu 2018. Við eigum lið í efstu deild í öllum hópíþróttagreinum bæði í karla og kvennaflokki, eignuðumst 41 Íslandsmeistara og landsliðsmenn okkar voru 21.

Blak

Í blakinu urðu 2 lið Íslands og bikarmeistarar, meistara-flokkur karla og 3.fl kvenna. Auk þess varð meistara-flokkur karla deildarmeistari og meistari meistaranna á árinu 2018. Starf blakdeildar var afar öflugt á árinu, fyrir utan æfingar iðkenda voru hér í KA heimilinu 12 blakleik-ir í meistaraflokki, 7 blakmót og glæsilegt öldungamót sem er einn stærsti íþróttaviðburður landsins hvert ár. Að auki sá blakdeild KA um umsjón með Íslandsmeistara-mótinu í strandblaki sem fram fór í Kjarnaskógi í sumar.

Handbolti

Handknattleiksdeild KA hefur eflst á síðasta ári. Við send-um 11 lið til keppni á Íslandsmóti frá 4. flokki til meistara-flokks kvenna og karla, iðkendafjöldi hefur verið að aukast, sérstaklega hjá drengjum. Meistara-flokkar okkar unnu sig upp um deild vorið 2018 þar sem meistara-flokkur kvenna sigraði Grilldeild kvenna glæsilega en karlarnir umspil um sæti í efstu deild. Þá stóð kvennaliðið sig frá-



bærlega í bikarkeppni kvenna þar sem þær spiluðu í úrslitahelgi bikarkeppni HSÍ en töpuðu í undanúrslitum eftir æsispennandi leik gegn Haukum. Bæði lið hafa staðið sig vel það sem af er í Olísdeildum og blásið á margar hrakspár fyrir tímabilið 2018/2019. Handknattleiksdeildin stóð einnig fyrir tveimur glæsilegum krakkamótum á árinu í 6. flokki ásamt íþróttafélaginu Þór og KA hélt einnig strandhandboltamót í fyrsta sinn, ásamt einu minni-bolta-móti þar sem um 200 iðkendur tóku þátt frá KA, Þór og Völsungi.

Júdó

Júdomenn hjá KA hafa á árinu 2018 unnið til fjölda verð-launa bæði hér heima og erlendis. 5 einstaklingar urðu



Íslandsmeistarar og þá voru þau Alexander Heiðarsson og Anna Soffía Víkingsdóttir þriðju í kjöri á íþróttamanns og konu Akureyrar árið 2017. Aðstaða Júdómanna er í Laugargötu en aðalstjórn hefur samþykkt að deildin færi sig um set á árinu og að æfingar verði að nýju stundaðar hér í KA-heimilinu. Þá hélt Júdódeild glæsilegt vormót Júdósambands Íslands í flokki fullorðinna hér í KA heimilinu í mars þar sem 25 keppendur í 8 þyngdarflokkum mættu til leiks.

Knattspyrna

Knattspyrnudeild er sem fyrr stærsta deild félagsins. Alls sendi félagið 26 lið til keppni á Íslandsmót í knattspyrnu yngri flokka sumarið 2018. Félagið varð Íslandsmeistari í 4. flokki kvenna, vann bikarameistaratitil Norð-austurlands í 3. flokki kvenna og karla og vann 3. flokkur kvenna einnig gullverðlaun á REY cup. Í 2. flokki kvenna hlaut Þór/KA silfur í bikarkeppni KSÍ. Meistaraflokkar KA og Þór/KA spila sem fyrr í efstu deild, Pepsi deildinni. Þór/KA varð meistari meistaranna í upphafi keppnistímabilsins og endaði í 2. sæti í Pepsi deildinni 2018 þá náði liðið í 32 liða úrslit meistaradeildarinnar þar sem liði tapaði fyrir stórliði Wolfsburg. Í lok árs endurnýjuðu svo KA og Þór samstarf sitt um rekstur Þór/KA til næstu 5 ára. Meistaraflokkur karla endaði í 7. sæti Pepsideildarinnar eftir sveiflukennt en skemmtilegt sumar. Á vegum KA voru spilaðir 188 keppnisleikir fyrir utan fjöldan allan af glæsilegum mótum sem félagið stendur fyrir þar sem hápunkturinn er hið glæsilega N1 mót.



Spaðadeild

Starfið í Spaðadeildinni hefur blómstrað í vetur, iðkendum hefur fjölgað, sérstaklega eftir að æfingar voru alfarið færðar í Naustaskóla. Þá stóð deildin fyrir einu badmintonmóti sem gekk afar vel.

Eins og sjá má af þessum lestri er mikið líf í kringum KA. Ótaldir eru fjöldi viðburða sem félagið og deildir þess standa fyrir, námskeið, fyrirlestrar og skemmtikvöld.



Stofnað 1928

Knattspyrnufélag Akureyrar Ársskýrsla 2019

Íþróttarárið 2019 var mjög gjöfult fyrir okkur KA menn, við höldum áfram að skrifa kafla í sögu okkar.

Sem fyrr eru öll keppnislið okkar í meistaraflokkum að etja kappi í efstu deildum Íslandsmóta og sem fyrr halda okkar frábæru íþróttamenn sem keppa undir merkjum félagsins sóma þess á lofti hvar sem þeir koma. Starfið hjá KA hefur haldið áfram að vaxa og blómstra og viðurkenningin fyrir vel unnin störf kemur meðal annars fram í því að 30 ungir KA menn tóku þátt í landsliðsverkefnum á árinu 2019.

Blak

Blakliðin okkar áttu algjörlega frábært ár og voru hreinlega titlaóð. Þau skrifuðu ekki bara kafla í íþróttasögu KA



heldur landsins alls þegar bæði kvenna og karlalið okkar urðu Íslands-, bikar- og deildarmeistarar, það hefur aldrei gerst áður að sama lið sé með alla þessa titla í bæði kvenna og karlaflokki. Þá bættu bæði lið um betur í haust þegar þau urðu meistarar meistaranna. Kvinnalið okkar hefur

haldið áfram á sigurbraut sinni þar sem þær eru efstar í deildinni á þessu keppnistímabili 2019/20. Þá var Filip Szweczyk kosinn íþróttamaður KA árið 2018 og varð annar í kjöri til Íþróttakarls Akureyrar. Yngriflokkastarfið hefur tekið góðan kipp og fjölgar iðkendum jafnt og þétt og þá er eftirspurn eftir að komast í lið í Öldungablaki ansi mikil. Þá er strandblak að verða ein vinsælasta afþreying okkar Akureyringa og er eftirsóknin í glæsilega aðstöðu blakdeildar úti Kjarnaskógi mikil.

Handbolti

Handknattleiksmenn hafa á árinu 2019 skemmt okkur með góðum leikjum og oftast en ekki hefur verið ákaflega kátt í KA-höllinni. Bæði Meistaraflokkur karla og kvenna spila í Olís deildinni og voru hársbreidd frá því að tryggja sér sæti í úrslitakeppninni á síðasta ári. Þá sigraði ungmennalið KA 2. deildina og leikur í 1. deild á þessu keppnistímabili. Martha Hermannsdóttir varð markadrottning á síðasta tímabili og varð þriðja í kjöri til Íþróttakonu Akureyrar árið 2018. Mikil aukning hefur orðið á iðkenda fjölda í yngri flokkum og mikill metnaður þeirra er starfa að handboltanum að gera enn betur. Fjölgun hefur orðið hjá yngri iðkendum og KA stendur alltaf fyrir þremur krakkamótum á ári, ásamt því að strandhandboltamótið tvöfaldaðist af stærð milli ára.



Júdó

Júðómenn hjá KA hafa á árinu unnið til fjölda verðlauna bæði hér heima og erlendis. Þrír einstaklingar urðu Íslandsmeistarar og þá varð Alexander Heiðarsson þriðji í kjöri til íþróttamanns Akureyrar. Í mars hélt júðódeild KA vormót Júðósambands Íslands í unglingaflokki þar sem 100 keppendur frá fjölmörgum íþróttafélögum mættu til leiks. Á árinu flutti Júðódeildin á ný í KA-Heimilið og fara allar æfingar deildarinnar nú fram hér í húsinu.



Fótbolti

Fótboltinn er sem fyrr æðisgengið áhugamál. Meistaraflokkur karla náði sínum besta árangri í 17 ár þegar liðið endaði í 5. sæti Pepsi-Max deildar og kvennalið okkar Þór/KA náði góðum árangri er liðið lauk keppni í 4. sæti í Pepsi-Max deildar kvenna og er það tólfta árið í röð sem liðið endar í efstu fjórum sætunum. Starfið í knattspyrnu-deildinni er mjög öflugt og er iðkenda fjöldi í hæstu hæðum. Iðkendum á okkar vegum hafa tekið þátt í fjölmörgum mótum um allt land sem og erlendis og oftast en ekki verið í baráttu meðal þeirra fremstu á landinu. KA stóð meðal annars uppi sem sigurvegari í A-liða keppni N1-mótsins árið 2019, en það hafði ekki gerst síðan 1991.

Spaðadeild

Starfið í Spaðadeild heldur áfram að eflast. Keppendur á vegum KA tóku þátt í fjölmörgum mótum, þar ber hæst að KA átti keppendur á Meistaramóti Íslands í fyrsta skipti og að keppandi frá KA hlaut gullverðlaun í unglingaflokki á Norðurlandsmóti, þau fyrstu í sögu deildarinnar.

Keppendur á vegum KA voru sannarlega áberandi á árinu 2019, ótalinn er fjöldinn allur af okkar yngri iðkendum sem tóku þátt í fjölmörgum mótum á árinu og unnu marga glæsta sigra. Þar má nefna að 2.flokkur kvenna í knattspyrnu varð Íslandsmeistari, 6.flokkur kvenna sigraði Síma og Landsbankamótið og 5.flokkur karla stóð uppi sem sigurvegari á N1 mótinu en KA hafði ekki unnið mótið í 28 ár. Þá voru á vegum KA fjölmörg mót sem laða að sér þúsundir gesta til Akureyrar.





Stofnað 1975

Kraftlyftingafélag Akureyrar Ársskýrslur 2018 og 2019

Kraftlyftingafélag Akureyrar, KFA var stofnað 7. janúar 1975 og voru stofnfélagar tæplega 30. Tilgangur félagsins er að efla stálíþróttir á Akureyri og nágrenni, þroska félagsanda og stuðla að heilbrigðu líferni. Í dag eru 949 skráðir félagsmenn og þar af um 151 skráðir iðkendur.

Aðalstjórn 2018:

Grétar Skúli Gunnarsson formaður.
Fjölur Guðmundsson varaformaður.
Alex Cambray gjaldkeri.
Aron Ingi Gautason ritari.
Viktor Samúelsson meðstj.

Aðalstjórn 2019:

Grétar Skúli Gunnarsson formaður.
Fjölur Guðmundsson varaformaður.
Hulda B. Waage gjaldkeri.
Þorbergur Guðmundsson ritari.
Viktor Samúelsson meðstj.

Þjálfararáð KFA:

Grétar Skúli Gunnarsson.
Tryggvi J. Heimisson.
Viktor Samúelsson.
Gísli Sigurðsson.

Mótanefnd KFA:

Grétar Skúli Gunnarsson.
Hulda B. Waage.
Viktor Samúelsson.

Aganefnd KFA

Einar Már Ríkarðsson.
Þorbergur Guðmundsson.
Alex Cambray.

Deildarstjórn 2018:

Hulda B. Waage (KRA).
Tryggvi Heimisson (OL).
Þorbergur Guðmundsson (HREY/klifur).
Þuríður Helga Þorsteinsdóttir (Frjálsar).

Deildarstjórn 2019

Grétar Skúli Gunnarsson (KRA+OL).
Friðfinnur Gísli Skúlason (HREY/klifur).
Þuríður Helga Þorsteinsdóttir (Frjálsar).



Mótastarf

Hér á Akureyri voru haldinn 36 mót þar af 24 sem voru skráð á mótaskrá ÍSF, FRÍ, LSÍ og KRAFT. Heildarfjöldi keppenda á mótum á vegum félagsins árið 2018 og 2019 er 818. 2018 var viðburðarríkt, en þá voru haldinn 24 mót á Akureyri, við reyndum að nýta eins mikið af þeim tíma sem við höfðum til að halda mót og vera með æfingabúðir meðan við vorum enþá á efri hæðinni í Austursíðunni. Við náðum að fara víða í mótahaldi og prufuðum að halda mót á 9 mismunandi stöðum. Eftirminnilegast var Norðurlandameistaramót unglunga og ungmenna í kraftlyftingum sem haldið var á Akureyri í september 2018.

Dómarar

Starfandi eru 16 kraftlyftingadómarar og 8 lyftingadómarar í bænum. Við fengum dómaranámskeið og próf hingað norður vorið 2019 og var góð þáttaka. Við eignuðumst þrjá nýja dómara á tímabilinu.



Afreksstarf

Afreksstarfið var áfram í miklum blóma á starfstímabilinu. Meistaraflokkur félagsins náði þeim árangri að sigra liðakeppni kraftlyftingasambands Íslands í karlaflokki og

kvennaflokki 2018. Árið 2019 hafnaði karlalið KFA í öðru sæti og kvennaliðið í þriðja sæti. Íslenska mótaskráin 2019 skarðaðist svo mikið á þáttöku okkur á erlendum mótum sem varð til þess að við þurftum að sleppa nokkrum mikilvægum stigamótum í liðakeppninni það árið.

Víktor Samúelsson var kjörinn íþróttamaður Akureyrar 2018, og 2019. Hulda B. Waage var kjörinn íþróttakona Akureyrar 2018 og kraftlyftingakona ársins 2018. Sóley Margrét Jónsdóttir var kjörinn kraftlyftingakona ársins 2019 og hafnaði í öðru sæti um kjör íþróttakonu Akureyrar 2019.

Á tímabilinu 2018-2020 voru sleginn 187 íslandsmet, 19 norðurlandamet, 4 evrópumet, 1 heimsmet. Talningar þátttakenda og iðkenda félagsins á innanlandsmótum 2018-2019 eru 597, talningar á alþjóðlegum mótum eru 89.

Barna- og unglingastarf

Við tókum inn hópa eftir uppsetningu í glófa bilinu. Við vorum með alla hópana okkar uppi yfir veturinn. Við vorum með fasta unglingahópa í öllum greinum og yngri unglinga og barnahóp sem voru í sameiginlegum hópum. Við þurftum að standsetja aðstöðuna eftir flutninga og vorum við ekki almennilega búnir að því fyrr en seint um vorið 2019. Það varð til þess að mikið af krakkahópnum voru settir á ís. Eftir að við vissum að við þurftum að flytja aftur 2020. Sáum við ekki tilgang í að fjölga í hópnum meira. Leyfðum skíðakrökkunum að koma áfram, og héldum í þá hópa sem voru enþá að rúlla eða sameinuðum þá.





Stofnað 1928

Léttir hestamannafélag Ársskýrsla 2018

Starfsemi Hestamannafélagsins Léttis var mikil á árinu 2018 eins og mörg undanfarin ár. Það sem gerði þó þetta ár öðruvísi en önnur voru einkum tvennt. Hestamannafélagið Léttir er 90 ára á þessu ári, nánar tiltekið þann 5. nóvember og svo var landsþing landsambands hestamannafélaga L.H. haldið hér á Akureyri í boði Léttis.

Strax á upphafsdögum ársins ákvað stjórn Léttis að allir atburðir á vegum félagsins skyldu bera þess merki að félagið ætti afmæli og sérstakt afmælismerki var hannað af Jóni Ólafi Sigfússyni fyrrverandi formanni og núverandi heiðursfélaga og allt bréfsfni, auglýsingar, verðlaun og annað var með þessu afmælismerki allt árið.

Mótahald félagsins í reiðhöllinni var með almesta móti og alls 23 mót og sýningar voru haldnar á árinu, auk veglegrar afmælis- og sögusýningar sem haldin var í tengslum við afmælisdaginn sjálfan.

Námskeið voru með almesta móti og gríðarlegur áhugi er hjá félagsmönnum að læra og nema hestafræði á öllum stigum.

Fyrir nokkrum árum var tekin sú ákvörðun hjá Létti að nota aðeins menntaða reiðkennara með reiðkennara-réttindi frá Háskólanum á Hólum og sannarlega sér þess stað í öllu fræðslustarfi félagsins að faglega er að kennslunni staðið á allan hátt.

Áfram verður haldið að efla kennslu og aðra fræðslu á vegum félagsins og enn og aftur kemur hin glæsilega reiðhöll okkar Léttismanna að góðum notum. Almenn notkun reiðhallarinnar dags daglega er mjög mikil og hestamenn á Akureyri og í nágrenni mjög duglegir að nota sér þetta góða íþróttahús okkar hestamanna til þjálfunar og tamninga hesta sinna.

Æskulýðsstarf félagsins er blómlegt og mikið sem börn unglingar og ungmenntu hafa við að vera. Sérstök æsku-



lýðsmótaröð var sett á laggirnar og var sú keppni virkilega skemmtileg og sannarlega þörf að setja á sérstaka mótaröð fyrir þennan ört vaxandi hóp hestamanna. Það sem mest er þó um vert er að einmitt þessi hópur hefur verið duglegur að sækja reiðnámskeiðin er fyrr eru nefnd og í stórum aldurhópi þessara hestamanna eru þó nokkrir sem hafa sett stefnuna á Hólaskóla til náms í hestfræðum og reiðkennslu á síðari stigum. Annað æskulýðsstarf var blómlegt og félagslegi þátturinn er einkar veigamikill í starfi æskulýðsnefndar félagsins.

Í sambandi við hestamennsku þeirra yngri er þó þess að geta að stúlkur eru þarna í miklum meirhluta. Hvað veldur veit ei neinn, en kannski vantar aðeins meiri hraða og spennu í hestamennsku nútímans fyrir strákana.

Hér í gamla daga voru kappreiðar mikið stundaðar og þar voru strákarnir í aðalhlutverki.

Því er það ákaflega ánægjulegt að geta þess að loksins eftir mörg, mörg umhugsunarár ákvað stjórn Léttis í tilefni 90 ára afmælsins að hefja smíði á startbásum til nota á kappreiðum fyrir félagið og fékk til þess tvo valinn kunna járnsmíði innan félagsins, Birgi Árnason og Gunnar Óla Vignisson sem svo sannarlega kunna til verka er snýr að allri járnavinnu og miðar smíði básana vel áfram og væntum við þess að geta tekið nýja glæsilega startbása í notkun á árinu 2019. Með tilkomu þeirra er það von stjórnar félagsins að endureisn kappreiða hefjist og á komandi árum verði reglubundið efnt til kappreiða á vegum félagsins.

Kynbótasýningar

Á árinu var tekin ákvörðun um að kynbótasýning fyrir Norðausturland yrði haldin á Akureyri á vallaarsvæði Léttis á Hlíðarholti enda aðstaðan þar sú besta. Þetta



kallaði á nokkrar framkvæmdir og töluverðar fjárfestingar fyrir félagið, ljósleiðari var lagður á mótssvæðið og keyptur var færanlegur dómpallur fyrir kynbótadómara og nú er það ljóst að næstu fimm árin hið minnsta verða allar kynbótasýningar fyrir þetta svæði hjá okkur á Akureyri, því ber að fagna.

Beitarhólf

Á árinu var tekin í notkun nýtt land undir beitarhólf í landi Skjaldarvíkur hér rétt norðan Akureyrar land sem er í eigu Akureyrarbæjar en við hestamenn leigjum af bænum til beitar fyrir hross okkar. Koma þessi lönd að mestu í stað beitarlanda hér innan bæjartakmarkanna sem fara undir nýbyggingar, sérstaklega í Naustahverfi.

Þurfti að fara í mikla og kostnaðarsama girðingarvinnu á árinu til að skipti landinu upp í Skjaldarvík niður og endurleigja svo félagsmönnum löndin.

Hestaferðir

Hestamenn voru duglegir að ferðast á árinu og farin var ákaflega vel heppnuð eins dags ferð út í Höfðahverfi. Einnig fóru margir hestahópar smærri sem stærri í lengri ferðir austur um sveitir í Þingeykarsýslu sem og fram Eyjafjörð. Sörlastaðir í Fnjóskadal er paradís okkar hestamanna sem og margir hópar fóru fram á Melgerðismela.

Vá fyrir dyrum í reiðvegamállum

Í upphafi árs voru forsvarsmenn Léttis kallaðir til fundar við bæjaryfirvöld á Akureyri vegna hugsanlegra lokunar á reiðleið austur yfir gömlu brýrnar á Eyjafjarðará vegna uppsetninga ILS aðflugsbúnaðar á flugvöllinn á Akureyri.

Þetta mál átti svo eftir að verða mjög svo fyrirferðamikill í öllu samtali við bæjaryfirvöld, því það var strax deginum ljósara að ef lokun leiðarinnar yrði að veruleika væru hestamenn á Akureyri að og frá bænum bæði frá austri, vestri sem og suðri lokaðir af og það sér hver heilvita maður að það er ekki mögulegt að svo fari. Það er svipað og leiðin upp í Hlíðafjall yrði bara grafin í sundur og sagt við skiðafólk sorry þetta er búíð. Nú í lok þessa árs 2018 er enn ekki komin lausn á þessu máli því miður.

Landsmót

Léttisfélagar fjömenntu á glæsilegt landsmót hestamanna í Reykjavík og stóðu sig þar með miklu ágætum.

Landsþing LH á Akureyri

Á haustdögum var landsþing hestamanna haldið í Giljaskólanum á Akureyri. Hestamannafélagið Létti bar hitann og þungan að allri framkvæmdinni sem tókst mjög vel og hélt svo stórglæsilegan þingslistfagnað í veislusal félagsins í reiðhöllinni í lok þingsins. Það var almannarómur allar þeirra tæplega 200 hestamanna víða að af landinu að reiðhöllin okkar væri sú alglæsilegasta á landinu og meira að segja vorum við Léttismenn spurðir hvort við

notuðum ekki húsið, því höllin liti út eins og engin hafi komið þar inn svo þrífaleg og falleg sem reiðhöllin okkar er, það orðspor yljár og er mikil metnaður okkar Léttismanna að halda því orðspori með ráðum og dáð.

Á Landsþinginu voru nokkir Léttisfélagar meðal annarra sæmdir gullmerki LH, þeir voru: Áslaug Kristjánsdóttir. Björn Jóhann Jónsson. Hólmgeir Valdimarsson. Ragnar Þráinn Ingólfsson og Sigfús Ólafur Helgason.

Hestamannafélagið Létti 90 ára 5. nóvember 2018

Helgina 2. til 4. nóvember var svo hin stóra amælishátíð Léttis haldin í reiðhöllinni og óhætt er að segja að mikið hafi verið um dýrðir. Stór sögusýning var sett upp í sérútbúnu gólfi reiðhallarinnar og þar voru m.a sýndar gamlar ljósmyndir í eigu félagsmanna. Verðlaunasöfn nokkurra valinkunnra félagsmanna voru sýnd sem og gömul reiðtýggi. Glæsileg kvikmynd frá kappreiðum Léttismanna í Grímsey árið 1996 var sýnd við mikla ánægju og fleira og fleira.

Glæsileg afmælisterta ásamt bakkelsi að hætti hestamanna var í boði fyrir gesti og gangandi frá föstudegi og fram á sunnudag.

Á föstudagskvöldið var haldin glæsileg afmælisveisla fyrir ungu kynslóðina þar sem félagið bauð til mikillar veislu með glæsilegum veislumat frá Bautanum og skemmtun, afar vel til fundið og glæsileg samkoma í alla staði fyrir ungdóminn og þar voru engin aldurstakmörk.

Á laugardagskvöldið var svo blásið til mikillar veislu í troðfullu félagsheimili okkar Léttismanna Skeifunni og tókst sú hátíð afar vel og var hin glæsilegasta í alla staði og ljóst að afmælisbarnið ber aldurinn vel og á bjarta framtíð fyrir sér. 5 nýir heiðursfélagar Léttis voru tilnefndir þetta glæsileg afmælskvöld Þeir eru: Garðar Lárusson, Hólmgeir Valdemarsson, Jón Björn Arason, Ragnar Þráinn Ingólfsson og Sigfús Ólafur Helgason.

Í byrjun desember á hátíðarkvöldverði sem félagið efnir til ár hvert fyrir sjálfboðaliða félagsins var kjöri íþróttamanns Léttis fyrir árið 2018 lýst og þar var Viðar Bragason krýndur þriðja árið í röð þeirri vegsemd og er hann sérstakleg vel að því komin sem endranær. Þar var einnig Atli Freyr Mariönnuson útnefndur afreksknapi Léttis í ungmennaflokki.

Fyrr í haust á uppskeruhátíð ungdómsins voru þeir



Steindór Óli Tóbiasson í barnaflokki og Egill Már Þórsson í unglingaflokki heiðraðir fyrir glæsilegan árangur á árinu.

Þessi skýrsla er ekki tæmandi yfir allt starf félagsins, svo viðamikl og öflugt sem það er. Gríðarlegur fjöldi félagsmanna vinnur mikla sjálfböðavinnu í hinum ýmsu ráðum og nefndum að hinum ýmsu fjölbreyttu verkefnum er snúa að hestamennsku í víðasta skilningi, það ber að þakka og gert hér. Einmitt þetta fólk er það sem dregur vagninn í nafni afmælisbarnsins á þessu herrans ári 2018.

Félagsmenn Léttis voru þann 1. desember 2018, 483.

Staða félagsins er góð eignir eru miklar og skuldir engar. Reksturinn gekk vel á árinu og skilaði reksturinn félaginu réttu megin fjárhagslega, þrátt fyrir gríðarlega stórt ár á öllum sviðum, félagslegum sem fjárhagslegum.

Stjórn félagsins skipa. Formaður: Björn Jóhann Jónsson. Varaformaður: Vignir Ingþórsson. Gjaldkeri: Auður Eiríksdóttir. Ritari: Ívar Helgason og meðstjórnandi: Þuríður Steindórsdóttir. Varamenn eru: Jóhann Svanur Stefánsson og Árni Gísli Magnússon.

Framkvæmdastjóri Léttis er Sigfús Ólafur Helgason.



Stofnað 1928

Léttir hestamannafélag Ársskýrsla 2019

Eins og undanfarin ár var starf Léttis með miklum blóma á árinu og félagsstarf mikið og allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi. Að vera í Hestamannafélaginu Létti er svo miklu meira en bara samneyti við hesta. Félagsskapurinn við hestamenn er ekki síðri og hestar og menn eru sem eitt eins og segir í frægu kvæði eftir Einar Bendiktsson skáld það eru orð á sönnu.

Mikil starfssemi var oft og einatt í félagsheimilinu okkar, Skeifunni sem er að verða einn albesti og best búni samkomusalur bæjarins enda mikið leigður út til allskonar athafa auk athafna á vegum Léttis. Í upphafi árs var vígt nýtt glæsilegt píanó sem safnað var fyrir meðal félagsmanna á mettíma og í tilefni kaupa á þessu glæsilega hljóðfæri var stofnaður svokallaður „Drengjakór Léttis“ sem samanstendur á hverjum tíma á mönnum á öllum aldri sem langar og geta sungið og kom kórinn nokkru sinnum fram á árinu við mikin fögnuð. Þorraveisla, hangikjötsveisla sjálfböðaliðans og skötuveisla var meðal annars sem og alla aðventu hvers árs er gestum og gangandi boðið upp á rjómaöflur og rjúkandi súkkulaði

En árið 2019 hófst hjá Léttismönnum með áhyggjum af reiðvegamállum og þeim vanda er við blasti vegna uppsetningar ILS aðflugsbúnaðar á flugvöllinum á Akureyri, sem hafði það í för með sér að reiðleiðin austur yfir Eyjafjarðará lokaðist og þar með lokaðust hestamenn inni Segja má að þetta mál hafi yfirskyggt allt annað á árinu sem staðfestir þá gríðarlegu þýðingu sem þessi lokum hefði í för með sér fyrir hestamenn ekki bara hér á Akureyri heldur líka er verið með þessu ef að yrði verið að loka þjóðleið hestamanna milli sýslna og fram Eyjafjörðinn. Því miður virtist skilningur bæjaryfirvalda á þessari stöðu okkar hestamanna ekki vera til staðar og þrátt fyrir fundi á fundi ofan þokaðist þetta mál ekki neitt áfram. Á haustdögum sáum við hestamenn okkur knúna til að leita til lögmanns til að

undirbúa varnir gegn þessari stöðu sem okkur virtist að bæjarstjórn Akureyrar ætlaði að láta yfir okkur ganga. Við vorum vissir alla tíð um að gjörningu sá er Akureyrarbær væri að vinna að væri andstæður lögum enda kom það á daginn að bærinn fékk það beint í æð, að ef ákvörðun um lokun leiðarinnar og eða byggingar brúar í stað þeirrar er lokaðist vegna breytinga við flugvöllinn stæði, væri ekkert annað í stöðunni en að sett yrði lögbann á uppsetningu aðflugsbúnaðarins, sem við hestamenn vorum svo sannarlega fylgjandi að kæmi upp, en að sjálfsögðu ekki á þann kostnað er að ofan greinir. Þá sá bæjarstjórn Akureyrar sig knúna til að setja í gang forvinnu að byggingu brúar yfir Eyjafjarðará og miðast allt við það nú að ný brú verði komin í gagnið á vordögum 2020.

Við hestamenn höfum lagt gríðarlega mikla vinnu í þetta mál enda hér um eitt alstærsta hagsmunamál er við höfum staðið fyrir og fögnum því þessum málalokum mjög.

Móta og sýningarhald

Það var sama upp á teningnum í móta og sýningarhaldi í Léttishöllinni þetta árið og enn var bætt í og vaar árið 2019 það langstærsta í sögu reiðhallarinnar hvað sýningar og mótahald varðaði, svo mikið að komist var að þölmörkum. En með miklum samtakamætti og gríðarlegri sjálfböðavinnu þá sýndum við Léttismenn að þegar á þarf að halda standa menn saman. Þau orð eiga svo sannarlega vel við á mörgu sviðum og þar liggur auður félagsins.

Á árinu var í fyrsta skipti sem hestamannafélagið Léttir sá alfarið um svokallaða Hestaveislu, sýningu sem fram að þessu hafði verið í samstafi við félagið „Hrossarækt“ sem hafði séð um svokallað stöðhestaveislu í Léttishöllinni að vori. Nú tók Hestamannafélagið þetta yfir og eftirá að

hyggja var það hárrétt ákvörðun, enda tókst sýningin frábærlega og skilaði félaginu þó nokkrum tekjum. Undirbúningur fyrir sýninguna árið 2020 er komin á fulla ferð og stefnt að því að gera enn betur enn í fyrra.

Annað mótahald

Mótahald félagsins á árinu bar aðeins keim af því að mikið hafði verið umleikis í Léttishöllinni í vetur og greinileg þreyta komin í mótahald hestamanna, því var mótahald á Hlíðaholtsvellinum þetta árið með minna móti, en sannarlega munum við hestamenn á nýju ári setja í fluggir því landsmót hestamanna verður árið 2020 og þangað mun Léttir senda fullmannaða sveit til kepni á stóra sviðinu.

Það var stór stund um miðjan júlí þegar startbásar Hestamannafélagsins Léttis komu á planið fyrir framan reiðhöllina og nú hafði okkar nágrannafélag, Hestamannafélagið Funi komið inn sem eignaðili að einum þriðja básana sem við um leið stækkuðum og í stað teggia boxa sem við Léttismenn lögðum upp með var búið að bæta þriðja boxinu við og það var hátíðarstund þegar startbásarnir voru vígðir við hátíðlega athöfn á Melgerðismelum seinni partinn í júlí. Langþráðu takmarki var náð og nú er það okkar að hefja kappreiðar aftur upp til vegs og virðingar hér í Eyjafirði og á Akureyri.

Hagamál

Á vordögum var tekin sú ákvörðun innan félagsins að hefja uppbyggingu á allri aðstöðu fyrir hestamenn á jörðinni Kaupangsbökkum sem Léttir á hér rétt innan Akureyrar og hefur átt allt frá árinu 1962.

Þar höfum við reyndar verið í uppbyggingu um nokkurra ára skeið á húsi og réttum, en nú var komið að endurnýjun girðinga á jörðinni og í sumar var endurbýgt frá grunni nokkurra kílómetra langar girðingar og vatnsbúskap breytt á svæðinu með uppgrefti úr skurðum, sem og smíðaðar voru nokkrar nýjar brýr til að auðvelda allt aðgengi að svæðinu fyrir hestamenn í beitarhólfni.

Þetta starf var nánast allt unnið í sjálfböðavinnu og nokkrir félagar lögðu á sig gríðarlega vinnu við þessar endurbætur. Hefur jörðin okkar nú tekið algjörum stakka-skiptum til hins miklu betra með þessari framkvæmd sem stefnt er að klára á árinu 2020.



Reiðvegamála

Á árinu var ákveðið að leggjast á árar með Hestamannafélaginu Funa í Eyjafjarðarsveit og leggja alla orku ársins og fjármagn það sem fékkst úr reiðvegaskjóði LH og klára reiðleiðina fram á Melgerðismela og gera hana góða enda er hún ein fjölfarnasta reiðleið okkar hestamanna yfir sumarmánuðina.

Ennfremur var farið í endurbyggingu á aðhöldum á leiðinni sem auðvelda mjög stórum hópum að stoppa á þessari fjölförnu leið. Þetta samstarf félaganna er vísir að en frekari samvinnu Léttis og Funa enda liggja liggja hagsmunir beggja félaganna svo víða saman.

Einnig var unnið þó nokkuð í reiðvegamálaum í Hörgársveit í góðu samstarfi við sveitarstjórn og framunddan eru þar stór verkefni sem félagið mun koma að á næstu árum.

Ný brú á Glerá

Á haustdögum kom óvænt upp í hendurnar á okkur hestamönnum sú hugmynd að með tilkomu nýrrar svokallaðrar Hólasandslínu sem Landsnet er að fara að leggja frá Hólasandi í suður Þingeyjasýslu og hingað til Akureyrar, opnast sá draumur okkar Léttismanna að byggð yrði ný brú á Glerá.

Fórum við í viðræður við bæði bæjaryfirvöld á Akureyri sem og fulltrúa Landsnets sem tóku okkur afar vel og niðurstaðan er sú að nú er verið að hanna nýja göngu- og reiðbrú á Glerá sem mun stytta reiðleiðina á milli hesthúshverfanna mikið sem og auðvelda allt aðgengi í báðar áttir fyrir hestamenn. Sérstaklega sjáum við sóknarfæri fyrir þá sem halda hesta í Breiðholtshverfinu í að nýta reiðhöllina enn meira en þeir gera í dag, því flöskuhálsinn hefur verið reiðleiðin á milli hverfana.

Stefnt er að því að ný brú verði byggð á árinu 2020 og verði um leið göngu og reiðbrú sem og hún verður burðarvirki fyrir væntanlegan rafstreng eða rafstrengi sem svo lega hans og þeirra í gegnum Akureyri mun einnig marka algjörlega nýja reiðleið fyrir okkur hestamenn í gegnum bæjarlandið og austur fyrir Eyjafjarðará sunnan flugvallar og sannarlega mun á næstu 2 til þremur árum verða gjörbylting á öllu reiðvegakerfi í bæjarlandinu. Þessu fögnum við hestamenn mjög og sérstaklega er þetta gleðilegt að svo gríðarleg framkvæmd sem þessi Hólasandslínuögn er

mun nýtast fleirum og samlegðaráhrif okkur hestamönnum til hagsbóta.

Fræðslu og æskulýðsmál

Enn var slegin nýr tónn í fræðslumálum félagsins á árinu og aldrei áður hafa verið eins mörg og góð reiðnámskeið í boði fyrir félagsmenn á öllum aldri og á árinu 2019. Þó verður að segjast eins og er að barnanámskeið hafa átt undir högg að sækja þetta árið og kannski erum við bara í einhverri tilvistarkreppu með nýliðun barna í hestamennsku og þá sérstaklega þeirra barna sem hafa ekki foreldra með sér í hestamennskunni.

Þarna erum við kannski að horfa á vöntun á félagshesthúsi þar sem börn sem koma ein að hestamennskunni geta fengið inni íög stuðning í gengum félagið til að hefja fyrstu sporin í hestaíþróttum. Við vitum að hestamennska er dýrt sport og frábrugðið öðrum íþróttum því að íþróttatæki okkar er lifandi dýr og ekki hægt að leggja það bara frá sér og taka bara næst eða þegar áhuginn kviknar aftur. Þetta er sannarlega áskorun til félagsins í framtíðinni að skoða enda verður nýliðun að vera til staðar eigi félag eins og Léttir er að dafna og lifa í ört vaxandi heimi þar sem afþreying er svo mikil og í raun samkeppni milli greina um börnin og unglingana eins og raun ber vitni.

En sannarlega er æskulýðsstarf félagsins annars blómlegt sem við erum stolt af og mörg ung börn, unglingar og ungmennti dugleg að stunda hestamennsku á öllum sviðum með myndarlegum stuðningi félagsins.

Heldri manna hópurinn

Heldri manna hópurinn er svokallaðir hestamenn menn og konur sem eru 65 ára og eldri og á stundum sá hópur sem í árána rás hefur aðeins týnst hjá okkur. Nú höfum við í nokkur ár kallað þennan góða hóp til okkar og boðið til samsætis tvisvar til þrisvar á ári og nú eru þessi gömlu ef svo má segja að koma til baka og hjálpa til við hin ýmsu störf er til falla í viðamiklum verkefnum félagsins á mörgum sviðum.

T.d höfum við verið að bæta aðstöðu okkar hestamanna til mikilla muna bæði í reiðhöllinni okkar sem og í félagsheimilinu Skeifunni og þar hafa þeir „Heldri hestamenn“ svo sannarlega komið og lagt hönd á plóg. Konur í þessum hópi hafa líka komið og hjálpað til við bakstur, þrif og aðra þjónustu þegar þurft hefur á að halda.

Þessi hópur hestamanna sem drógu vagninn hér fyrrum eiga það inni hjá okkur sem yngri erum að bjóða þeim að vera með okkur í öflugum félagsstarfi og sannarlega er staður til fyrir þetta góða fólk.

Afreksfólkið okkar

Á uppskeruhátíðum sem fram fóru nú í haust er leið var Viðar Bragason kjörinn Íþróttamaður Léttis fjórða árið í röð. Valgerður Sigurbergisdóttir var útnefnd afreksknapi Léttis í ungmennaflokki og á uppskeruhátíð barna og unglinga voru það Egill Már Þórsson sem kjörin var afreksknapi Léttis í unglingaflokki og vert að geta þess að þann



titil hefur Egill borið nú í 4 ár eða öll árin sem hann hefur verið í þessum aldursflokki. Svo var Sandra Hreinsdóttir kjörin afreksknapi Léttis í barnaflokki. Allir þessi knapar eru sómi félagsins hvar sem þau koma og til fyrirmyndar á allan hátt, innan vallar sem utan.

Að lokum við hestamannafélagið Léttir þakka gott samstarf sem við höfum átt við íþróttabandalag Akureyrar og framkvæmdastjóra þess, Helga Bragason sem alltaf er til að greiða götu okkar, sem og einnig viljum við þakka gott samstarf við skrifstofu ÍSÍ hér í bæ, en þar er Viðar Sigurjónsson hokinn af reynslu og þekkingu á flestu því er snýr að málefnum íþróttahreyfingarinnar.

Einnig vill Hestamannafélagið þakka öllum þeim nefndum og ráðum sveitarfélagsins sem við höfum haft samneyti og semvinnu við sem og viljum við þakka bæjarstjórninni á Akureyri samstarfið og stuðningin á árinu, þrátt fyrir að mikið hafi gengið á í öllu er snýr að reiðvegamálum tengt flugvellinum og breytingum þar.

Sem betur fer eru nú allar deilur að baki og við sameinuð í að gera horfa fram á veginn og vinna að því að gera góðan íþróttabæ, sem Akureyri vissulega er, betri.

Að lokum

Stjórn Hestamannafélagsins Léttis er skipuð eftiröldum:

Formaður er Björn Jóhann Jónsson. Varaformaður er Vignir Ingþórsson. Ritari er Ívar Helgason. Gjaldkeri Auður Eiríksdóttir og meðstjórnandi er Þuríður Steindórsdóttir. varamenn eru Jóhann Svanur Stefánsson og Árni Gísli Magnússon. Framkvæmdastjóri Léttis er Sigfús Ólafur Helgason.

Það er sennilega algjört einsdæmi að bæði formaður og framkvæmdastjóri íþróttafélags, sem Léttir vissulega er, séu báðir heiðursfélagar.



Siglingaklúbburinn Nökkvi Ársskýrsla 2018

Framkvæmdir á árinu

Starfshópur um uppbyggingu Nökkva, aðalega þá varðandi tæknimál hélt áfram að hittast hálfsmánaðarlega, fylgst var með sigi fjallsins við Nökkva og þegar leið að vori voru boraðar rannsóknaholur til að hægt væri að staðfesta hversu langt væri niður á fast. Reyndust það 30 metrar. Hugmyndir um undirstöður eða steypar súlur undir grunninn eru líklegasta leiðin til að tryggja nýju byggingarnar. Eftir kosningar í lok maí hefur lítið gerst og ekki hefur verið hægt að fá starfshópinn endurnýjan þrátt fyrir nokkrar fyrirspurnir þar að lútandi. Sighaugurinn var síðan fjarlægður smá saman og horfinn þegar við héldum Íslandsmótið hér í ágúst mánuði. Á fjárhagsáætlun bæjarins var ekki neinn sérstakur liður um framkvæmdir hjá Nökkva fyrir árið 2019 sem eru mikil vonbrigði en það átti ekki að koma að sök sögðu fultrúar meirihluta bæjarstjórnar. Þeir hafa þær hugmyndir að fjárfestir verði fenginn til að byggja og leigja bænum til x margra ára og síðan yrði þett eign bæjarins að þeim samningi loknum. Um áramótin sl. eru ekki komnar neinar fastar hugmyndir um framhald uppbyggingar og enginn starfshópur settur á stofn.

Starfsemi Nökkva á árinu

Aðalfundur Nökkva var haldinn 1. mars. Formaður áfram Rúnar Þór Björnsson og meðstjórnendur Hrönn Ásgeirsdóttir, Helga Ösp Bragadóttir, Kári Ellertsson, Ragnar Rúnar Svavarsson og í varastjórn Björn Heiðar Rúnarsson og Örn Garðarsson.

Nafni Nökkva var breytt úr Nökkvi, félag siglingamanna Akureyri í Siglingaklúbburinn Nökkvi. Byrjað var lok apríl að taka út bátana og gera þá klára. Bátasmiðja Baldur Haldórssonar hafði líka gert við 4 Optimista og 3 laserbáta fyrir sumarið.

Ekki tókst að koma á formlegum æfingum þarna í maí en einhverjir mættu á laugardögum og byrjuðu að sigla. Námskeiðin hófust í júní að venju og stóðu fram yfir miðjan ágúst alveg þar til skólinn hófst. Fín aðsókn var á námskeiðin og betri árangur af innheimtu eftir að öll skráning fór undir Nora frístundakerfið.

Nýi öryggisbáturinn reyndist ljómandi vel og var settur í hann hnakkur og gengið endanlega frá stjórnköplum. Vörðurinn okkar gamli öryggisbátur var viðgerður á árinu en ný slanga á hann fékkst ekki fyrr en sumarið var liðið og verður hann klár fyrir sumarið 2019. Slysavarnardeildin undir Súlum hafa staðið dyggilega við bakið á klúbbnum og í sumar gáfu þau okkur 4 VHF talstöðvar og einnig gaf



bátasmiðja Baldurs Halldórssonarklúbbum 30 ný björg-unarvesti.

Æfingabúðir voru haldnar í júlí á Akranesi og voru 2 þátttakendur frá Nökkva þau Ísabella og Daði Jón. Æfingahópur Nökkva var ekki stór og það gekk ekki vel að halda úti formlegum æfingum á kvöldin en Lilja Gísladóttir sá um æfingarnar um tíma en haldið var áfram með æfingar á daginn samhliða sumarnámskeiðunum okkar fyrir Optimist og RS Fevu.

Íslandsmótið á kænnum var svo haldið hér á Akureyri í ágúst og heppnaðist mjög vel. Keppnisstjóri var Tryggvi Jóhann Heimisson og honum til aðstoðar Björn Heiðar Rúnarsson ásamt öflugum liði í stjórn Nökkva sem stóð sig frábærlega við undirbúning og framkvæmd mótsins. Eins og venjulega voru keppendur Nökkva meira en helmingur allra þáttakenda og stóðu sig ljómandi vel. Íslandmeistarar urðu þau Ísabella Sól Tryggvadóttir á Laser 4,7 og Tinni

Gíslason og Snædis Brynja Traustadóttir í opnum flokki á RS Fevu.

Akureyrarmótið fór svo fram í lok ágúst og Akureyrar-meistari var Ísabella Sól á Laser. Hún var einnig valin siglingamaður Nökkva 2018 og tilnefnd til siglingakona ársins hjá SÍL og einnig sem íþróttakona Akureyrar 2018.

Í lokin verður að telja til kjölbáta Nökkva og sérlega þátt Tryggva Jóhanns sem vann mikla vinnu við að undirbúa bátana báða fyrir sjósetningu og var einn af fáum sem sigldi eitthvað að ráði ásamt Jóni okkar Magg sem enn er að kenna á Paradís. Frágangur gekk þokkalega á öllum bátum og búnaði og kláraðist í byrjum október áður en vetur skall á. Uppskeruhátið klúbbsins var haldin í húsnæði IBA í íþróttahöllinni 14. nóvember og veittar viðurkenningar og siglingamaður Nökkva 2018 tilnefndur og var sem áður sagði Ísabella Sól Tryggvadóttir.

Rúnar Þór Björnsson, formaður Siglingaklúbbsins Nökkva.



Stofnað 1963

Siglingaklúbburinn Nökkvi Ársskýrsla 2019

Í byrjun ársins 2019 var því miður ekkert komið í ljós um fyrirhugaðar framkvæmdir Nökkva sem bæjarstjórnin hafði sett á salt um haustið 2018. Þrátt fyrir að framkvæmdir Nökkva hefðu verið inni í fjárhagsáætlun bæjarins fyrir 2018 og áttu að hefjast seinnipart ársins þá hurfu þeir fjármunir í verkefnið á dularfullan hátt án nokkura umræðu í september það ár, án nokkurs samráðs við klúbbinn. Blekkingaleikur meirihluta bæjarstjórnar stóð fram í maí 2019 en þá kom í ljós á fundi stjórnar Nökkva með forseta bæjarstjórnar og formanni UMSA (umhverfis og mannvirkjasvið Akureyrar) að meirihlutinn væri hætturet við fyrirhugaðar framkvæmdir þar sem Siglingaklúbburinn Nökkvi „hefði farið fram úr sér“ við áætlunargerð og umfang framkvæmda og kostnaður alltof mikill. Greinilega mundi forseti bæjarstjórnar ekkert eftir því að flokkur hennar og annar, sami meirihluti sem var við völd eftir kosningarnar 2018 höfðu tekið af Nökkva fyrirhugaðar framkvæmdir sem áttu að hefjast 2016 (samkvæmt samningi við bæjarstjórn frá 2014) þar sem þær voru ekki nægilega metnarfullar og hæfði ekki þessari glæsilegu staðsetningu við innkeyrsluna í bæinn.

Þegar þetta var ljóst, hófst enn enn darraðadansinn við pólitíkina fram og aftur með fundum og bréfaskriftum, allir voru virkjaðir sem höfðu eitthvað með þessi mál að gera innan bæjarkerfisins. Það var ekki fyrr en um haustið 2019 sem þverpólitísk nefnd um uppbyggingu íþróttamannvirkja skilaði sínum ályktunum og þar voru framkvæmdir Nökkva fremst á blaði okkur til mikillar gleði. Þegar í nóvember sl. var svo fyrsti fundur um áframhaldið andi framkvæmdir hjá UMSA og arkitekum AVH og alveg

ljóst að framkvæmdir myndu hefjast þótt eitthvað yrðu þær minni umfangs.

Starfsemi Nökkva á árinu

Aðalfundur Nökkva var haldinn í byrjun mars, ný stjórn var kosin, Rúnar Þór formaður og stjórnarmenn Hrönn Ásgeirsdóttir, Ragnar Rúnar Sigurgeirsson, Kári Ellertsson og Helga Ösp Bjarkadóttir en í varastjórn voru þeir Björn Heiðar og Örn Garðarsson valdir. Nýtt embætti var svo bætt við stjórn og var Tryggvi Jóhann Heimisson valin fyrsti varaformaður Nökkva en ljóst var að þegar byggingaframkvæmdir hæfust þyrfti fleiri aðila í stjórnina til að drífa hlutina áfram.

Undirbúningur sumarsins hófst snemma, pantaðir voru 8 RS Tera kænur frá Batta ehf og greiðsla koma frá frístundaráði samkvæmt uppbyggingasamningi frá 2014. U.þ.b. 11 milljónir hafa fengist í ný innkaup á kænnum og öryggisbátum samkvæmt áðurgreindum samningi frá 2014 sem var upp á 13 milljónir alls. Greiðslur frístundaráðs fyrir bátakaupum fékkst þó ekki fyrr en undirritað var einhverskonar aflátsbréf um að þetta væru lokagreiðslur bæjarins til kaupa á búnaði fyrir klúbbinn þótt enn standi u.þ.b. 2 milljónir eftir vegna upprunanlega samnings frá 2014.

Bátarnir voru teknir út snemma eða seinnipart apríl þar sem frábært vor var þá brostið á, þrátt fyrir það höfðu ekki margir tíma til siglinga vegna prófa og skólaverkefna. Góður hópur fyrverandi siglingafólks sótti um vinnu fyrir sumarið hjá Nökkva en námskeið klúbbsins hófst svo af krafti 10. júní.



Í lok júní fékk Nökkvi svo pólskan þjálfara til starfa, Maciej Figel sem stóð sig ljómandi vel og líkaði krökkunum vel við hann en það er alltaf erfitt að hafa enskumælendi þjálfara með yngri krökkunum þótt það skipti minna máli með þau eldri.

Nýju RS Tera kænurnar voru vinsælar og magnað að geta komið allt að 23 kenum á flot á innan við 30 mínútum sem gerðist þegar leið á sumarið og Íslandsmótið nálgast. Æfingabúðirnar voru haldnar á Akranesi og voru tveir þátttakendur frá Nökkva, Ísabella Sól og Daði Jón.

Íslandsmótið var svo haldið af Ými í Kópavogi 9.-11. ágúst og Nökkvi langfjölmennasti siglingaklúbburinn með 23 keppendur skráða. Samið var um flutning við Eimskip og var 40 feta gámur sneisafullur af Optimistum, Terum, Fevum og Laserum. Skemmst er frá að segja að ekki náðist að klára eina einustu umferð og á laugardegi var ljóst að ekkert veður yrði til siglinga og var því öllu pakkað í gáminn strax á laugardegi og fólk hélt heim á leið vonsvik-

ið. Ekkert varð af frekari siglingum til að reyna að klára Íslandsmót 2019. Tryggvi Jóhann, varaformaður Nökkva frá síðasta aðalfundi, tók þá við stjórn Nökkva samkvæmt samkomulagi við starfandi formann klúbbsins til sl. 16 ára, Rúnar Þór, sem hætti að námskeiðum loknum eða 16. ágúst 2019.

Akureyrarmót Nökkva var haldið 25. ágúst á afmæli Akureyrarbæjar með góða þátttöku siglingakrakka sumarsins.

Frágangur gekk vel fyrir veturinn og varð að fá lánaðan auka gám á Nökkvasvæðið til að geta komið öllum búnaðinum í skjól fyrir veturinn. Vegna vanefnda bæjarins við uppbyggingu Nökkva verður klúbburinn að bíða enn eitt árið eftir nýju bátahúsi sem myndi hýsa allan bátafлотann undir einu þaki.

Rúnar Þór Björnsson, formaður Siglingaklúbbsins Nökkva.



Stofnað 1937

Skautafélag Akureyrar Ársskýrsla 2018

Í Skautafélaginu starfa alls 6 stjórnir en um er að ræða eina stjórn í hverri deild auk tveggja foreldrafélagsstjórna ásamt aðalstjórn félagsins.

Aðalstjórn Skautafélags Akureyrar var tímabilið 2017-2018 skipuð eftirtöldum aðilum:

Birna Baldursdóttir, formaður.
Hrafnhildur Guðjónsdóttir, varaformaður.
Dávid Valsson, gjaldkeri.
Reynir Sigurðsson, ritari.
Ólöf Sigurðardóttir, meðstjórnandi.
Vilborg Þórarinsdóttir, meðstjórnandi.
Ólafur Hreinsson, meðstjórnandi.

Árið 2018 var farsælt fyrir Skautafélag Akureyrar þar sem

að margir sigrar unnust á íþróttasviðinu og rekstur félagsins og Skautahallarinnar gekk vel. Nýliðunarstarf var blómlegt á árinu sem skapaði ákveðið vandamál þar sem ístíma skortur varð en þá sýnilegri en áður. Deildir sameinuðust í endurskipulagningu á ístímum og náðu þar að greiða úr þeim flækjum sem aukin nýliðun hafði skapað.

Árangur deilda félagsins var í heildina mjög góður en félagið var t.a.m. með flest landsliðsfólk allra akureyskra íþróttafélaga á liðnu ári, 40 talsins. Listhlaupadeildin átti 4 Íslandsmeistara á tímabilinu og 4 bikarmeistara, 5 landsliðsstúlkur og frábæran árangur á öllum mótum bæði innanlands sem erlendis. Íshökkideildin vann 4 af þeim 5 Íslandsmeistaratitlum sem í boði eru og áttu 29 landsliðsmenn á tímabilinu. Krulludeildin átti 4 Íslandsmeistara en ekkert landslið fór á vegum krulludeildar á árinu. Silvía



Björgvinsdóttir og Jóhann Már Leifsson voru valinn íþróttafólk félagsins fyrir árið 2018 en Silvía varð svo í öðru sæti í kjörinu um íþróttakonu Akureyrar.

Viðburðir á vegum félagsins voru fjölmargir á tímabilinu. Listhlaupadeild hélt bæði Íslandsmót ÍSS og vina-mótið. Þá hélt deildin glæsilega jólasýningu í desember og enn veglegri vorsýningu. Íshokkideildin hélt tvö stór barnamót ásamt öllum þeim fjölmörgu kappleikjum og mótum sem fram fara árlega á vegum deildarinnar.

Krulludeildin hélt fjölmörg mót eins og tíðkast en rúsinan í pylsuendanum var vissulega ICE-CUP mótið þar sem 13 erlend lið tóku þátt og var mikil ánægja með mótið meðal gesta.

Aðsókn á almenningstíma hélt áfram að vaxa en um 9.000 gestir komu á almenningstímanna á tímabilinu og rekstur skautahallarinnar hélst stöðugur. Skautafélagið bauð öllum nemendum í 1.-3. bekk á ís en í vetur og komu um 45 hópar í tvö til fjögur skipti með 40 nemendum að meðaltali í hverjum hóp. Skautafélagið útvegaði fría kennslu með þjálfurum frá deildunum. Mikil ánægja var með þetta verkefni. Þá náðist stór áfangi þegar Akureyrarbær samþykkti að lengja skauta tímabilið úr 9 mánuðum í 10. Sjálfboðaliðar félagsins létu hendur standa fram úr ermum líkt og áður við framkvæmdir í höllinni og smíðuðu upphækkun á gólfi í lyftingarhorni ásamt því að smíða fullbúinn og glæsilegan ramma sem notaður er á barnamótum í íshokki með efnisstyrk frá íþróttaráði og fyrirtækjum bæjarins.

Okkar mikilvægasta og brýnasta verkefni er eins og áður það að húsið okkar verði klárað og að hér komi upp-hituð aðstaða með félags, almenning og æfingaraðstöðu eins og lokateikningar gera ráð fyrir. Vonir eru bundnar við að verkefnið komist á framkvæmdaráætlun hið fyrsta.

Ársskýrsla Listhlaupadeildar

Stjórn listhlaupadeildar er skipuð eftirtöldum aðilum:

Vilborg Þórarinsdóttir, formaður.

Þóra Sigríður Torfadóttir, varaformaður.

Ólöf Sólveig Björnsdóttir, gjaldkeri.

Hafðís Hrönn Pétursdóttir, ritari.

Magni Rúnar Magnússon, meðstjórnandi.

Margrét Rún Karlsdóttir, varamaður.


Skýrsla stjórnar

Skautaárið byrjaði með hefðbundnum hætti þetta árið ólíkt árinu á undan, þ.e. með þriggja vikna júní búðum strax að loknu æfingátímabili í lok maí. Voru þær búðir vel sóttar. Nokkrir af okkar eldri skauturum á vinnuskólaaldri störfuðu við skautaskólann ásamt nýráðnum yfirþjálfara deildarinnar, George Kenchadze og var almenn ánægja með fyrirkomulagið. Í lok skautabúða í júní bauð George uppá afisæfingar fyrir þá iðkendur sem vildu. Reyndar skipulagði hann og hvatti til afisæfinga á tímabilum í allt sumar á meðan höllin var lokuð. Í júlí skipulagði George með aðstoð stjórnar og fleirum aðilum tveggja vikna skautabúðir í Falun í Svíþjóð og fóru þó nokkrir skautarar í þá æfingaferð og létu flestir vel af. Síðan hófust skautabúðir í 8. ágúst strax með hefðbundnu sniði og skiptu listhlaupadeildin og hokkíið á milli sín ístímum. Í ágúst var boðið uppá skautaskóla frá 8. til 18. ágúst og var það vel sótt. Síðan tók æfingátímabilið við 22. ágúst. Nú í lok apríl og maí tóku, George og Sarah þjálfari í hokkíinu sig saman og buðu upp á skautanámskeið fyrir unga krakka og hefur það verið vel sótt og eru eldri skautarar að hjálpa til þar. Í vetur var skautahöllin með Jón Benedikt forstöðumann SA í fararbroddi að bjóða hópum uppá kynningu á skautum og stóðu þjálfarar vaktina. Nú í lok skautatímabils eru iðkendur ríflega 60 talsins fyrir utan þá þátt-takendur sem eru skráðir á stutta skautanámskeiðið. Staðið var fyrir bæði jóla- og páskabúðum þetta árið og eins og hefðin kallar á var haldin jólasýning skipulögð af iðkendum og þjálfara og mun æfingátímabilinu ljúka eins og áður með vorsýningu þar sem iðkendur leggja metnað sinn í að hafa sem glæsilegasta.

Þær Sóldís Diljá Kristjánsdóttir og Aldís Lilja Sigurðardóttir héldu áfram sem aðstoðarþjálfarar og Eva Björg Halldórsdóttir kom ný inn. Sá Sóldís Diljá um afisþjálfun og Aldís Lilja og Eva Björg aðstoðuðu við þjálfun í byrjendahópum. Kristín Helga Hafþórsdóttir sem starfað hefur við þjálfun hjá deildinni í nokkuð mörg ár hætti hjá félaginu um tíma. Hún kom þó inn aftur í október en hætti alfarið þjálfun hjá deildinni þegar nokkuð var liðið á æfingátímabilið. Það er óhætt að segja að mætt hafi verulega á George yfirþjálfara okkar á tímabilinu þar sem hann hefur borið hitann og þungan af þjálfun eldri skautara og lengra komna. Birgitta Steingrimsdóttir kom inn til aðstoðar í skautaskóla, auk þess sem aðrir skautarar hafa komið til aðstoðar í skautaskóla og er þeim öllum færðar bestu þakkir fyrir.

Í október kom Signe Ronka frá Kanada í heimsókn og stóð fyrir flexafit búðum við góðan orðstír. Rebecca Boyden frá New York kom til okkar í fjórar vikur sem gestaþjálfari í lok mars. Stóðu þau George m.a. fyrir metnaðarfullum páskabúðum, auk þess sem Rebecca kom til mikillar aðstoðar við undirbúning stórs hóps skautara í grunnpróf í lok apríl. Þá mun Anna-Elisabeth Walsh skautaþjálfari frá Bretlandi koma til okkar sem gestaþjálfari í tvær vikur en hún kemur til landsins 16. maí. Þau gleðilegu tíðindi áttu sér stað á tímabilinu þegar staðfest var að Akureyrarbær samþykkti að lengja skautatímabilið í 10 mánuði.

Fyrsta mót vetrarins, Haustmót ÍSS var haldið í skauta-



höllinni í Egilshöll 15 til 17 september og tóku 15 stúlkur þátt á vegum LSA. Stóðu þær sig allar með sóma og áttum við að venju nokkuð marga keppendur í efstu röðum.

LSA hélt tvö mót á tímabilinu; Íslandsmót ÍSS í nóvember og Vinamót í mars. Svokallað Akureyrarmót var haldið með öðru sniði en áður þar sem ekki var um eiginlegt mót að ræða, heldur fengu iðkendur dóm og ráðgjöf á prógrömmun sinn. Mótanefndin, skipuð þeim Margréti Rún mótstjóra, Hrafnhildi og Þóru Sigríði á miklar þakkir skildar fyrir gott skipulag og utanumhald en nefndin hefur mikla reynslu af að skipuleggja mót.

Átta stúlkur frá okkur fóru á Volvo Cup mót 2017 sem haldið var í Riga í Lettlandi í nóvember og stóðu þær sig vel á því móti og urðu allar reynslunni ríkari. Fimm þeirra tóku þátt í þessu móti sem hluti af landsliðshópnum, þær Emilía Rós, Marta María, Aldís Kara, Ásdís Arna og Rebekka Rós en þrjár þeirra tóku þátt í interclub hluta mótsins.

Við eignuðumst 3 bikarmeistara á tímabilinu, þrír hlutu silfurverðlaun og þrír bronsverðlaun.

Íslandsmeistarar okkar urðu fjórir talsins á tímabilinu auk þess sem fjórir hlutu silfurverðlaun og tveir bronsverðlaun á því móti.

14 keppendur frá okkur tóku þátt í RIG (Reykjavík International Games) mótinu í ár sem stendur bæði fyrir ISU móti og klúbbamóti og voru það mun fleiri þátttakendur en árið á undan. Fimm af okkar stúlkum komust á pall að þessu sinni.

C keppendur okkar eða millifélagakeppendur eins og þeir eru kallaðir nú tóku þátt í þremur mótum á þessu tímabili, tveimur í Reykjavík og einu hér heima. Þær stóðu sig allar með glæsibrag á öllum þessum mótum og verðlaunasæti skiluðu sér heim.

Ísold Fönn hefur meira og minna verið að æfa erlendis hjá fyrrum þjálfara deildarinnar og tekið þátt í mótum hér heima og erlendis og verið á toppnum á þeim flestum. Hún

var valin í landsliðshópinn þetta árið en náði ekki að keppa f.h. landsliðsins vegna meiðsla.

LSA átti fimm keppendur sem kepptu fyrir Íslands hönd á Norðurlandamóti í listhlaupi sem að þessu sinni var haldið í Rovaniemi í Finnlandi 1 til 4 febrúar sl. Stúlkurnar okkar, Emilía Rós, Aldís Kara, Marta María, Ásdís Arna og Rebekka Rós stóðu sig allar vel en vert er að taka fram að Marta María varð efst íslensku stúlkunnanna í Junior flokki og hafnaði í 10 sæti með samanlagt 93.23 stig sem er besti árangur íslensks skautara á Norðurlandamóti.

Að lokinni jólasýningu var Marta María kjörin skautakona LSA árið 2017 og var hún valin fyrir framúrskarandi árangur, góða ástundun og fyrir það að vera mjög góð fyrirmynd annarra skautara. Hún var þá nýkrýndur Íslandsmeistari í Junior flokki.

Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka foreldrafélaginu, þeim Hörpu, Hugrónu, Ingibjörgu og Margréti Ösp fyrir mikið og gott starf í þágu félagsins og iðkenda þess. Óskudagsfjáröflunin gekk vel undir vaskri stjórn fjáröflunarnefndar sem skipuð er sömu áhöfn og foreldrafélagið.

Það er ekki hægt að líta framhjá starfi Ingibjargar Magnúsdóttur fyrir deildina en hún hefur eins og áður haldið utan um Nora skráningar og heimasíðu okkar og gert það vel. Stjórn þakkar henni fyrir ómetanlegt framlag fyrir deildina.

Við viljum að endingu þakka öllum þeim foreldrum sem með einum eða öðrum hætti hafa lagt sitt af mörkum í starfinu í vetur en það hefur verið ærið og ekki gefst ráðrúm hér til að tíunda það allt upp.

Stærstu verkefni stjórnar næsta árs verða þau að styrkja þjálfarakost deildarinnar og jafnframt að endurskoða æfingagjöld en nauðsynlegt er að hækka þau til að félagið nái að standa straum af þeim kostnaði sem óhjákvæmilegur er til að halda úti metnaðarfullu starfi, þ.m.t. að halda úti fleiri þjálfurum. Þá þarf að setja kraft í að afla styrkja sem ekki hefur gengið nægilega vel undanfarin ár og styrkja þannig fjárhag deildarinnar.

Fyrir hönd stjórnar,

Vilborg Þórarinsdóttir, formaður

Ársskýrsla Íshökkídeildar

Stjórn íshökkídeildar er skipuð eftirtöldum aðilum:

Ólöf Sigurðardóttir, formaður.

Birgitta Sigurðardóttir, ritari.

Elsa Dóra Halldórsdóttir, gjaldkeri.

Ari Gunnar Óskarsson, meðstjórnandi.

Reynir Sigurðsson, meðstjórnandi.

Sæmundur Leifsson, meðstjórnandi.

Siguróli Sigurðsson, meðstjórnandi.

Skýrsla stjórnar

Iðkenndafjöldi

Hjá okkur eru ca. 170 iðkendur, í byrjenda flokki til annars flokks. Við þennann fjölda bætast síðan meistaraflokkur karla og kvenna, Valkyrjur, Vanir og Old boys. Í vetrar byrjun komu ca. 50 nýir krakkar að æfa og eru þau flest enn að. Nú í vor var byrjendanámskeið og mættu um 30 börn.



5., 6. og 7. flokkur og byrjendur

Þjálfari var Sarah Smiley og henni til aðstoðar voru Jónína Margrét Guðbjartsdóttir, Sunna Björgvinsdóttir, Apríl Orongan, Róbert Máni Hafberg og Dagur Freyr Jónasson. Mótin voru 4 á tímabilinu, tvö mót fyrir áramót og tvö eftir. Þátttakan í mótunum var góð (um 100 krakkar á hvert mót) og frammistaða barnanna sýnir að starfið er í góðum höndum.

4. flokkur

Þar þjálfaði Jón B. Gíslason og aðstoðarþjálfari var Jordan Steger. Fjórdi flokkurinn var stór á þessu tímabili og vorum við með A lið og B lið. Liðin unnu flest alla sína leiki og er bæði lið Íslandsmeistari og Bikarmeistari. Eins og venjulega voru 4 mót hjá þessum flokki á vegum IHI, tvö mót fyrir áramót og tvö eftir.

3. flokkur

Þriðja flokk þjálfaði Jussi Sipponen og aðstoðarþjálfari var Mattías Már Stefánsson. Framfarir voru miklar. Flokkurinn er frekar stór þannig að við vorum með 2 lið, Jötna og Jarla. Jötnar unnu alla leiki nema einn og urðum við Íslandsmeistarar mjög 34 stig, Jarlar tóku stórstígum framförum á tímabilinu og enduðu með 5 stig.

2. flokkur

Þjálfari var Jussi Sipponen. Flokkurinn er frekar fámennur og margir úr 3. flokki spiluðu með á þessu keppnistímabili. Árangurinn í heildina var mjög góður og endaði flokkurinn með 22 stig.

Markmenn

Markmannsþjálfarar voru Tim Notning og Jakob Ernfelt Jóhannesson og voru æfingar á fimmtudögum og á lausum tímum um helgar.

Víkingar

Þar var Jussi Sipponen á sínu þriðja ári og honum til aðstoðar var Clark McCormik, áttum við glæsilegt tímabil. Hópurinn var frekar þunnskipaður og voru „gamlar“ kempur enn á floti. Lentum við í fyrst sæti í deild og unn- um svo Esju 3-0 í úrslitum.

SA kvennaliðin

Eldra kvennalið SA, Ásynjur þjálfaði Bart Moran og

honum til aðstoðar var Sarah Smiley. Þær enduðu með 33 stig í öðru sæti.

Yngra kvennalið SA, Ynjur þjálfaði Jussi Sipponen. Þær stóðu uppi sem deildarmeistarar með 38 stig. Leikir Ynja og Ásynja voru mest spennandi leikir á tímabilinu fóru þeir meðal annars í framlengingu og framlengingu og vító.

Úrslitakeppni kvenna

Eins og í fyrra voru það Ynjur og Ásynjur sem léku til úrslita. Það fór svo að reynslan hafði sigur, Ásynjur unnu Ynjur 2-1.

Valkyrjur, Vanir og OldBoys

Æfingar hjá Oldboys, Valkyrjum og Vönum voru með hefðbundnu sniði í vetur. Oldboys æfir tvisvar í viku á miðvikudögum og sunnudögum. Valkyrjur eru með æfingar á föstudögum. Vanir voru svo á þriðjudögum.

Innanfélagsmót

Innanfélagsmót í 4. flokki og yngri var spilað í vetur. Og var það spilað allt tímabilið var spilað bæði fyrir og eftir áramót.

Æfingabúðir

Haldnar voru æfingabúðir í haust og var fin þátttaka. Þar var gestaþjálfari Andrew Evan frá hockey Canada.

Vormót

Vormótið er í fullum gangi og verður að segjast að þetta er hin mesta skemmtun. Þarna eru sumir krakkarnir að fá meiri samkeppni en þeir fá á IHI mótunum. Og gaman að segja frá því að núna taka þátt ca 180 keppendur í 4 deildum og 17 liðum.

Foreldrafélagið

Eins og undan gengin ár hefur foreldrafélagið séð um skipulag og framkvæmd ferða og mótahalds fyrir 3. flokk og yngri auk þess að reka sjoppuna í Skautahöllinni. Stjórn foreldrafélagsins og allt það fólk sem komið hefur að verkum með þeim hefur að venju skilað algjörlega frábæru sjálfbóðaliða starfi í þágu barnanna og félagsins sem seint verður þakkað að fullu því þarna liggur einn af hornsteinum starfsins alls.

Stjórn Hókkídeildar Skautafélags Akureyrar.

Ársskýrsla Krulludeildar

Stjórn Krulludeildar er skipuð eftirtöldum mönnum:

Ólafur Hreinsson, formaður.

Ólafur Freyr Númason, varaformaður.

Davíð Valsson, gjaldkeri.

Rannveig Jóhannsdóttir, ritari.

Rúnar Steingrímsson, meðstjórnandi.

Hallgrímur Valsson, varamaður.

Sveinn H. Steingrímsson, varamaður.

Skýrsla formanns

Starfsemi krulludeildar var hefðbundin í vetur. Við héld-



um við líkt og áður Haustmót, Bikarmót Magga Finns, Akureyramót, Gimlimót og Íslandsmót auk þess að enda tímabilið með alþjóðlega Ice Cup mótinu.

Vertíðin hófst á Haustmóti þar sem einstaklingar söfnuðu sér stigum í nokkrum leikjum þar sem dregið var í lið í hvert skipti. Hallgrímur Valsson hlaut titilinn Haustmeistari 2016.

Í framhaldi af haustmótinu kom svo samfléttað Akureyrar og bikarmót. Leiknar voru tvær umferðir og eftir fyrri umferð var það efsta liðið sem var krýnt Bikarmeistarar Magga Finns 2017 en þegar báðum umferðum var lokið var það efsta liðið sem hampaði Akureyrarmeistrara titlinum. Að þessu sinni varð Ice Hunt Bikarmeistari. Liðið var skipað þeim Almari Jóhannssyni, Davíð Valssyni, Rúnari Steingrímssyni, Kristjáni Þorkelsyni og Sævari Sveinbjörnssyni. Garpar unnu svo Akureyrmótið en liðið er skipað þeim Árna Árnasyni, Hallgrími Valssyni, Kristjáni Bjarnasyni og Ólafi Hreinssyni.

Áramótamótið var haldið 30. desember og að venju fengum við sérfræðinga að sunnan í heimsókn. Vanir og óvanir léku saman og mörg skemmtileg tilþrif saust á svellinu.

Í janúar var Krullufólk ársins valið og urðu þau Jóhanna María Elena Matthíasdóttir og Kristján Björn Bjarnason fyrir valinu að þessu sinni.

Á nýju ári fór svo fram Gimli-mót. Gimli meistarar urðu Víkingar sem eru þeir Árni Ingólfsson, Gísli Krist-

insson, Jens Gíslason, Jón Rögnvaldsson og Sigfús Sigfússon.

Að síðustu var svo haldið Íslandsmót þar sem Garpar stóðu uppi sem Íslandsmeistarar.

Að þessu sinni tóku engir félagar í krulludeild SA þátt í erlendum mótum enda nóg að gera við að undirbúa Ice Cup mótið sem í þetta sinn var haldið 9.-12. maí.

Þátttaka í mótinu var að venju góð og aftur urðum við að vísa áhugsömum frá vegna plássleysis.

Alls tóku 20 lið þátt að þessu sinn sem gerir þetta eitt af stærstu Ice Cup mótum sem haldið hefur verið. Af þessum 20 liðum voru 13 erlend lið með rúmlega 50 manns en alls voru þátttakendur um 80. Mótið tókst með ágætum og fóru allir ánægðir heim að móti loknu og ekki síst erlendu keppendurnir sem hældu krulludeildinni óspart fyrir gott mót.

Sigurvegarar Ice Cup 2018 urðu Ice To Meet You.

Annað sæti hlaut Rock Socs Clocks og þriðja sæti The Others.

Sigurvegarar í B úrslitum urðu svo Team Nancy.

Ice Cup er á hverju ári hápunktur í starfsemi Krulludeildarinnar og mótið hefur unnið sér ákveðinn sess á meðal heimafélks og erlendis. Nú þegar hefur fjöldi erlendra liða óska eftir þátttöku á næsta ári þó enn sé ekki búið að ákveða tíma eða skrá lið til keppni og líklegt að færri komist að en vilja.

Þótt reglulegum iðkendum hafi lítið fjölgað hefur ásókn hópa aukist og mörgum hefur þurft að vísa frá vegna tíma og plássleysis. Margir hópar voru fjölmennir og þótt heildarfjöldi gesta sé ekki á hreinu teljast þeir í hundruðum sem heimsóttu okkur nú í vetur þeir hópar sem komu að, sýndu íþróttinni, mikinn áhuga sem skilar sér vonandi í fjölgun iðkenda í framtíðinni.

Starfsemi Krulludeildar á enn við sömu vandamál að stríða. Aðstaða, tími og iðkendur. Þó svo að svellið hafi í vetur verið með besta móti er það enn bara nokkuð gott. Ekki frábært og getur sennilega aldrei orðið það nema með sér aðstöðu eða löngum undirbúningstíma sem verður alltaf á kostnað æfingátímans.

Ólafur Hreinsson, formaður Krulludeildar SA



Stofnað 1937

Skautafélag Akureyrar Ársskýrsla 2019

Í Skautafélaginu starfa alls 6 stjórnir en um er að ræða eina stjórn í hverri deild auk tveggja foreldrafélagsstjórna ásamt aðalstjórn félagsins.

Aðalstjórn Skautafélags Akureyrar var tímabilið 2018-2019 skipuð eftirtöldum aðilum:

Birna Baldursdóttir, formaður.

Hrafnhildur Guðjónsdóttir, varaformaður.

Davíð Valsson, gjaldkeri.

Reynir Sigurðsson, ritari.

Ólöf Sigurðardóttir, meðstjórnandi.

Vilborg Þórarinsdóttir, meðstjórnandi.

Ólafur Hreinsson, meðstjórnandi.

Árið 2019 var einstaklega gott fyrir Skautafélags Akureyr-



ar fyrir margar sakir en fyrst og fremst unnust stór afrek á íþróttasviðinu og félagið styrkti stöðu sína sem leiðandi félag í skautaiþróttum á Íslandi. Félagið gerði nýjan rekstrarsamning við Akureyrarbæ til 5 ára sem tryggir rekstrargrundvöll Skautahallarinnar. Með tilkomu samningsins var hægt að lengja viðverustundir starfsfólks Skautahallarinnar og bæta þannig þjónustu við iðkendur félagsins.

Íþróttalegur árangur deilda félagsins var algjörlega stórbrotinn bæði innanlands sem utan. Skautafélagið vann alla bikar-, deildar- og Íslandsmeistaratitla sem deildir félagsins kepptu í á tímabilinu 2018-2019.

Íshokkídeild félagsins vann alla Íslandsmeistaratitlanna sem í boði voru í meistaraflokkum karla og kvenna, 2. flokki, 3. flokki og 4. flokk a og b liða. Þá urðu bæði kvenna- og karlalið félagsins deildarmeistara og karlalið félagsins bikarmeistari. Meistaraflokkur karla keppti í fyrsta sinn í Evrópukeppni félagsliða og komust óvænt í fyrstu tilraun alla leið í 3. umferð keppninnar. Listhlaupa-deildin vann alla 3 bikar- og Íslandsmeistaratitlanna á tímabilinu. Þrjár stúlkur fóru yfir 100 stiga múrinn á eina og sama mótinu og skiptust á að bæta Íslandsmetið í stiga-fjölda. Krulludeildin vann Íslandsmeistaratitilinn að vanda og því ómögulegt fyrir félagið að gera betur í fjölda titla á einu og sama tímabilinu. Skautafélagið átti í heildina 84

Íslandsmeistara á tímabilinu og 37 iðkendur sem kepptu fyrir Íslands hönd. Aldís Kara Bergsdóttir og Hafþór Andri Sigrúnarson voru valin íþróttafólk félagsins fyrir árið 2019 og var Aldís í kjölfarið valin íþróttakona Akureyrar og það í fyrsta sinn sem iðkandi Skautafélags Akureyrar lendir í 1. sæti í kjörinu um íþróttafólk Akureyrar.

Viðburðir og mót á vegum félagsins voru fjölmargir að venju. Hæst stendur IceCup mót krulludeildar en í ár voru um 60 erlendir keppendur. Jóla- og vorsýning listhlaupa-deildar verður veglegri með hverju árinu og í ár var engin breyting þar á. Hokkídeildin hélt öll sín fjölmörgu mót og Magga Finns mótið hélt áfram að stækka og er að verða einn stærsti viðburður ársins í hokkíheimum.

Skautahöllin fékk andlitslyftingu á tímabilinu með uppsetningu á risaskjá til þess að leysa af hólmi gömlu markaklukkuna. Félagsmenn settu skjáinn saman, byggðu grunnvirkið og leystu tæknimálin eins og þeim er von og vísa og eiga mikið hrós fyrir frábæra útkomu. Risaskjárinn gefur fjölmarga möguleika í starfsemi félagsins og er sérstaklega skemmtileg viðbót á almenningstímum fyrir utan það að vera úrvals markaklukkan. Þá voru einnig skipt út og bætt við leigu skautum í minnstu stærðunum ásamt hjálmum sem hafa komið sér vel. Öllum titlum íshokkí-deildar var svo gert skil með fánum sem hanga í lofti hallarinnar en við sama tækifæri var íshokkíkappinn Sigurður Sveinn Sigurðsson heiðraður með sínum eigin fána og frýstingu á keppnisnúmerinu hans númer 13. Hann lauk sínum langa og viðburðaríka ferli árið 2018 sem spannaði 27 ár í meistaraflokki og Íslandsmeistaratitlarnir urðu á endanum 21 og 19 þeirra fyrir Skautafélag Akureyrar.

Til framtíðar er brýnasta verkefni félagsins samt sem áður – að leysa aðstöðuleysi iðkenda skautaiþróttar. Verkefnið snýst um að húsnaðið verði klárað og verði komið upp upphitaðri aðstöðu með félags, almennings og æfingaraðstöðu eins og lokateikningar gera ráð fyrir. Félagið hefur átt góðar samræður við bæjaryfirvöld vegna þessa rétt eins og síðastliðin ár. Mikilvægt er að halda áfram að leita lausna til að verkið verði að veruleika sem fyrst því tíminn líður á ógnarhraða en á sama tíma fjölgar aðeins þeim iðkendum sem eru aðstöðulausir.



Ársskýrsla Listhlaupadeildar

Stjórn listhlaupadeildar er skipuð eftirtöldum aðilum:

Vilborg Þórarinsdóttir, formaður.

Þóra Sigríður Torfadóttir, varaformaður og ritari.

Ólöf Sólveig Björnsdóttir, gjaldkeri.

Ingibjörg A. Magnúsdóttir, meðstjórnandi.

Ingibjörg Gestsdóttir, meðstjórnandi.

Guðbjörg Heiða Jónsdóttir, meðstjórnandi.

Margrét Rún Karlsdóttir, varamaður.

Skýrsla stjórnar

Starfsáætlun stjórnar lá fyrir í júní mánuði og helstu markmið tímabilsins voru þau eins og áður að byggja upp þjálfaratemy, fjölga iðkendum og bæta fjárhag deildarinnar sem hefur verið erfiður undanfarin ár vegna fækkun iðkenda og erfiðleika í þjálfaramálum.

Eftir nokkurra daga frí að lokinni vorsýninguna þann 2. júní sl. hófst nýtt skautarár með sameiginlegum æfingabúðum LSA og Bjarnarins (Nú Fjölnis) sem haldnar voru í Egilshöll 11 til 29 júní 2018.

Við skipulagningu ágústbúða var unnið að því samvinnu við George Kenchadze að fá til liðs við okkur gestaþjálfara í tvær vikur, þjálfara til að starfa með okkur fram í lok desember auk þess að koma á skautanámskeiði fyrir byrjendur. Æfingabúðirnar hófust strax 1. ágúst og til liðs við yfirþjálfara kom Niki Worries frá Hollandi í tvær vikur sem gestaþjálfari auk þess sem Ingunn Embla Kjartansdóttir kom inni með afisþjálfun að einhverju leyti. Þá var tekin ákvörðun um að ráða Darju Zajcenko ungan þjálfara frá Tékklandi til reynslu frá ágúst til ársloka. Lofaði Darja strax góðu og fljótlega var farið að ræða við hana um að þjálfa áfram hjá deildinni og var hún áhugasöm.

George, yfirþjálfari lagði metnaðarfulla vinnu skipulagningu skautanámskeiða fyrir byrjendur sem hófst strax á æfingatímabilinu í lok ágúst. Var unnið í samvinnu við hokkýdeildina og framkvæmdastjóra félagsins með það að markmiði að auka nýliðun skautara hjá félaginu. Fór starfið vel á stað og til aðstoðar George við þjálfun voru þær Aldís Lilja Sigurðardóttir og Eva Björg Halldórsdóttir. Þá komu á tímabilinu til aðstoðar við þjálfun; Ásdís Arna Fen Bergsveinsdóttir, Marta María Jóhannsdóttir, Aldís Kara Bergsdóttir, Birgitta Rún Steingrímsdóttir, Júlía Rós Viðarsdóttir og Huguún Unnarsdóttir. Kann stjórn þeim öllum bestu þakkir fyrir.

George sagði upp starfi sínu í byrjun september og var farinn um mánaðarmótin september/október. Darja var þá ráðin sem yfirþjálfari og ný áætlun gerð varðandi þjálfaramál á tímabilinu, bæði til að styrkja þjálfun og leysa Darju af þegar hún þurfti að fara utan með skautara eða vera frá þjálfun af öðrum ástæðum. Aldís Lilja tók við stjórn skautaskóla/byrjendastarfi með aðstoð Evu Bjargar auk þess sem aðrir skautarar komu meira inn til aðstoðar við þjálfun út tímabilið; Ásdís Arna, Aldís Kara, Huguún, Marta María og Júlía Rós. Frá því George hætti hefur Veronika Lebedová, þjálfari frá Tékklandi komið reglulega sem gestaþjálfari og gengið vel. Marek Sedlmajer þjálfari frá Tékklandi og vinur Darju kom sem gestaþjálfari í janúar á meðan Darja var með tvo skautara í Bandaríkjunum og var almenn ánægja með hann sem þjálfara.



Fjölgun nýrra iðkenda hefur ekki orðið raunin eins og vonir stóðu til og má segja að fjöldi iðkenda standi nokkurn vegin í stað þetta tímabili miðað við árið á undan.

Staðið var fyrir bæði jóla- og páskabúðum þetta árið og eins og hefðin kallar á var haldin jólasýning skipulögð af iðkendum og þjálfara. Jólasýningin var afar glæsileg þetta árið og létu áhorfendur vel af.

Fyrsta mót vetrarins, Haustmót ÍSS var haldið hér heima 7 til 9 september og tóku 8 keppendur LSA þátt. Stóðu þær sig allar með sóma og náðu nokkrar verðlaunaseti. Þá fór Bikarmót Sambandsins fram í Laugardalnum um miðjan október og tóku 9 keppendur þátt á vegum LSA. Þrír keppendur okkar urðu bikarmeistarar í ár, Aldís Kara Bergsveinsdóttir í Juniorflokki, Freydís Jóna Jing Bergsveinsdóttir í flokki Basic Novice og Eva Björg Halldórsdóttir í Intermediate Novice. Íslandsmeistarar okkar urðu þrír að þessu sinni á Íslandsmeistaramóti í Egilshöll fyrstu helgina í desember en Marta María Jóhannsdóttir fékk gullverðlaun í sínum flokki, Ísold Fönn Vilhjálmssdóttir sigraði sinn flokk með yfirburðum og eins Freydís Jóna. Þess má geta að Marta María, Aldís Kara og Ísold Fönn fóru yfir 100 stiga múrinn á þessu móti. Þá gerðu keppendur okkar það gott nú fyrir stuttu á Vormóti Sambandsins þann 26 til 28 apríl sl. en þeir unnu til 9 verðlauna. Þar má nefn að Júlía Rós náði gullinu í sínum flokki. Aldís Kara gerði sér lítið fyrir og sló Íslandsmet þegar hún fékk 112.81 stig en hún átti þá þegar eldra metið sem hún náði á Reykjavíkurlaikunum í febrúar sl. Marta María stóð sig líka frábærlega á mótinu og fékk 107.08 stig.

Reykjavíkurlaikarnir fóru fram í febrúar eins og áður segir og áttum við 8 keppendur á því móti. Júlía Rós og Aldís Kara náðu silfurverðlaunum á því móti og Marta María lenti í þriðja sæti í sínum flokki.

Norðurlandamótið var haldið í Lynköping í Svíþjóð 6 til 10 febrúar sl. þar sem við áttum þrjá keppendur. Júlía Rós náði 16. sæti í Advanced Novice. Aldís Kara lenti í 12. sæti í Junior Ladies þar sem hún náði hæsta stigi íslensks skautara í flokki Junior á Norðurlandamóti og Ásdís Arna hafnaði í 17. sæti.

Marta María keppti fyrir Íslands hönd á Junior Grand Prix mótaröðinni í ár í Kaunas í Litháen og stóð hún sig með glæsibrag. Þá var Marta María einnig fulltrúi ÍSS á vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOF) sem fram

fór dagana 9 til 16. febrúar sl. í Sarajevo þar sem hún stóð sig með sóma og fékk 104.29 stig.

Þá sendi IBA lið til þátttöku á International Children's Games sem fram fóru í Lake Placid í Bandaríkjunum 6 til 11. janúar sl. Þær Júlía Rós og Ísold Fönn voru valdar til þátttöku en vegna meiðsla þurfti Ísold Fönn frá að hverfa. Í hennar stað fór Freydís Jóna á mótið og stóðu þær sig með afburðum vel og nutu þessa ferðalags með nýjum þjálfara sínum og ekki sist öllum hinum keppendunum frá Íslandi.

Keppendur okkar í millifélagaflokkum tóku þátt í þremur mótum á þessu tímabili, tveimur í Reykjavík og einu hér heima. Þær stóðu sig allar með glæsibrag á öllum þessum mótum og gaman að fylgjast með ungum og upprennandi skauturum okkar.

Að lokinni jólasýningu var Marta María kjörin skautakona LSA árið 2018 í annað sinn og eins og áður var hún valin fyrir framúrskarandi árangur, góða ástundun og fyrir það að vera mjög góð fyrirmynd annarra skautara. Hún var þá öðru sinni nýkrýndur Íslandsmeistari í Junior flokki.

Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka foreldrafélaginu, mótanefnd og öllum þeim foreldrum sem með einum eða öðrum hætti hafa lagt sitt af mörkum í starfinu í vetur en það hefur verið ærið og ekki gefst ráðrúm hér til að tíunda það allt upp. Vert er að þakka foreldrum sérstaklega fyrir þátttöku í öskudagsfjáröfluninni og iðkendum ekki síður og einnig aðstoð við mótahald.

Það bíða heilmörg verkefni næstu stjórnar. Mikilvægt er að styrkja byrjendastarf og festa í sessi þjálfarakost þar og finna leiðir til að fjölga iðkendum. Þá er mikilvægt að vinna áfram að bættri fjárhagsstöðu félagsins og um leið að halda úti metnaðarfullu starfi og viðhalda góðum árangri skautara okkar.

Fyrir hönd stjórnar,

Vilborg Þórarinsdóttir, formaður

Ársskýrsla Íshökkídeildar

Stjórn íshökkídeildar er skipuð eftirtöldum aðilum:

Ólöf Sigurðardóttir, formaður.

Birgitta Sigurðardóttir, ritari.

Elsa Dóra Halldórsdóttir, gjaldkeri.

Ari Gunnar Óskarsson, meðstjórnandi.

Reynir Sigurðsson, meðstjórnandi.

Sæmundur Leifsson, meðstjórnandi.

Siguróli Sigurðsson, meðstjórnandi.

Skýrsla stjórnar

Iðkenndafjöldi

Hjá okkur eru ca 200 iðkendur, í byrjenda flokki til annars flokks. Við þennann fjölda bætast síðan meistaraflokkur karla og kvenna, Valkyrjur, Vanir og Old boys. Í vetrar byrjun komu ca 50 nýjir krakkar að æfa og eru þau flest enn að.

5., 6. og 7. flokkur og byrjendur

Þjálfarar voru Sarah Smiley og Hafþóar Andri Sigrúnarson og þeim til aðstoðar voru Katrín Rós Björnsdóttir,

Dagur Freyr Jónasson, Anna Karen Einirsdóttir, Harpa Benediktsdóttir, Jakob Ernfeldt Jóhannesson, Eva María Karvelsdóttir, Bjartur Íska Rósantsson og einnig okkar erlendu leikmenn, Jordan Steger, Thomas Stuart Dant og Adam Beukeboom. Mótin voru 4 á tímabilinu, tvö mót fyrir áramót og tvö eftir. Þátttakan í mótunum var góð 100-120 krakkar á mótum á Akureyri og 70-80 á mótum í Reykjavík. Frammistaða barnanna sýnir að starfið er í góðum höndum.

4. flokkur

Þar þjálfaði Jón B. Gíslason og aðstoðarþjálfari var Jordan Steger. Fjórdi flokkurinn var nokkuð stór á þessu tímabili og vorum við með A lið og B lið. Liðin unnu flest alla sína leiki og eru Íslandsmeistarar. Eins og venjulega voru 4 mót hjá þessum flokki á vegum IHI, tvö mót fyrir áramót og tvö eftir.

3. flokkur

Þriðja flokk þjálfaði Jussi Sipponen. Framfarir voru miklar. Flokkurinn er frekar stór þannig að við vorum með 2 lið, Jötna og Jarla. Jarlar kepptu reyndar bara á einu móti vegna iðkanda skorts í Reykjavík. Jötnar unnu alla leiki nema tvo og urðum við Íslandsmeistarar mjög 30 stig, Jarlar unnu sína 3 leiki og enduðu með 9 stig.

2. flokkur

Þjálfari var Jussi Sipponen. Flokkurinn er frekar fámennur og margir úr 3. flokki og nokkrir úr 4. fl. spiluðu með á þessu keppnistímabili. Gullið varð niðurstaðan og endaði flokkurinn með 31 stig.

Markmenn

Markmannsþjálfarar voru Adam Beukeboom og Jakob Ernfeldt Jóhannesson.

Víkingar

Þar var Jussi Sipponen á sínu fjórða ári og honum til aðstoðar var Clark McCormik, áttum við glæsilegt tímabil. Hópurinn var ágætlega mannaður, blandaður af eldri og yngri leikmönnum. Tókum við þátt í evrópukeppninni og sigruðum í fyrsta umferð og unnum svo einn leik í annari umferð. Unnum Lýsisbikarinn. Og svo lentum við í fyrst sæti í deild með 32 stig og unnum SR 3-0 í úrslitum.

SA kvennaliðið

SA kvennalið þjálfaði Jussi Sipponen. Við spiluðum með eitt lið í vetur. Þær stóðu uppi sem deildarmeistarar með 36 stig unnu alla sína leiki í deildinni. Og unnu svo Reykjavík 2-0 í úrslitum.



Valkyrjur, Vanir og OldBoys

Æfingar hjá Oldboys, Valkyrjum og Vönum voru með hefðbundnu sniði í vetur. Oldboys æfir tvisvar í viku á fimmtudögum og sunnudögum. Valkyrjur eru með æfingar á föstudögum. Vanir voru svo á þriðjudögum.

Innanfélagsmót

Innanfélagsmót í 4. flokki og yngri var spilað í vetur. Og var það spilað allt tímabilið var spilað bæði fyrir og eftir áramót.

Æfingabúðir

Haldnar voru æfingabúðir í haust og var fin þátttaka. Þar var gestaþjálfari Chris Green.

Vormót

Vormótið er í fullum gangi og verður að segjast að þetta er hin mesta skemmtun. Þarna eru sumir krakkarnir að fá meiri samkeppni en þeir fá á IHI mótunum. Og gaman að segja frá því að núna taka þátt ca 150 keppendur í 4 deildum og 13 liðum.

Foreldrafélagið

Eins og undan gengin ár hefur foreldrafélagið séð um skipulag og framkvæmd ferða og mótahalds fyrir 3. flokk og yngri auk þess að reka sjoppuna í Skautahöllinni. Stjórn foreldrafélagsins og allt það fólk sem komið hefur að verkum með þeim hefur að venju skilað algjörlega frábæru sjálfbóðaliða starfi í þágu barnanna og félagsins sem seint verður þakkað að fullu því þarna liggur einn af hornsteinum starfsins alls.

Og í lokin, kærar þakkir þið öll sem hafið lagt deildinni lið í stóru og smáu, því vegna ykkar er þetta allt hægt.

Stjórn Hokkideildar Skautafélags Akureyrar.

Ársskýrsla Krulludeildar

Stjórn Krulludeildar er skipuð eftirtöldum mönnum:

Ólafur Hreinsson, formaður.

Ólafur Freyr Númason, varaformaður.

Davíð Valsson, gjaldkeri.

Rannveig Jóhannsdóttir, ritari.

Rúnar Steingrímsson, meðstjórnandi.

Hallgrímur Valsson, varamaður.

Sveinn H. Steingrímsson, varamaður.

Skýrsla formanns

Skýrsla formanns, tímabilið september 2018-maí 2019.

Starfsemi krulludeildar var hefðbundin í vetur. Við höldum líkt og áður Haustmót, Bikarmót Magga Finns, Akureyramót, Áramótamót, Gimlimót og Íslandsmót auk þess að enda tímabilið með alþjóðlega Ice Cup mótinu.

Vertíðin hófst á Haustmóti þar sem einstaklingar söfnuðu sér stigum í nokkrum leikjum þar sem dregið var í lið í hvert skipti. Erfiðlega gekk að klára mótið vegna lélegrar mætingar en tókst það þó að lokum.

Næst var komið að Akureyrar- og bikarmóti sem steypt var saman í eitt mót. Framkvæmd var þannig að allir léku



við alla, tvær umferðir (heima og að heiman). Þegar mótið var hálfnað, þ.e. allir búnir að leika við alla einu sinni, var það lið sem þá var í efsta sæti, krýnt Magga Finns Bikarmeistari 2018. Akureyrarmeistari varð svo það lið sem var efst eftir báðar umferðirnar. Riddarar tryggðu sér Bikartitilinn en Garpar tryggðu sér sigur á Akureyarmótinu.

Áramótamótið var haldið 30. desember og að venju fengum við sérfræðinga að sunnan í heimsókn. Vanir og óvanir léku saman og mörg skemmtileg tilþrif saúst á svellinu. Lítið segir af sigurvegurum enda mótið sérstaklega til gamans haldið.

Eftir áramót var komið að Gimli Cup en þar tryggðu Garpar sér Gimli bikarinn í lokaleik mótsins með sigri á Víkingum.

Ice Hunt tryggði sér svo langþráðan Íslandsmeistaratitil eftir jafna og harða baráttu.

IceCup 2019 tókst mjög vel. Um 60 erlendir keppendur, bæði nýir og gamlir vinir komu til okkar en alls voru keppendur í heildina tæplega 100. Dagskráin var hefðbundin og ekki annað að heyra en keppendur væru mjög sáttir. Verðlaun skiptust skemmtilega milli þjóðanna. Kandastrákarnir í Team Taylor fengu gull, Ameríkanarnir í Tröllavinum fengu silfur og Hvítrússarnir í Team Minsk fengu bronsið. Hinir íslensku Riddarar sáu um að halda uppi heiðri Íslendinga með því að vinna B-riðil.

Árni Grétar Arnason var útnefndur krullumaður ársins 2018. Árni hefur frá því að hann hóf að spila krullu náð mjög góðum tókum á íþróttinni og er nú í fremstu röð krullufólks, tæknilega nákvæmur og útsjónarsamur. Árni hefur gegnum tíðina verið fastamaður í liði Garpa sem hafa unnið marga titla á undanförunum árum m.a. Íslandsmeistaratitil árin 2015, 2017 og 2018. Einnig hefur Árni tekið þátt í Evrópumótum á vegum Alþjóða krullusambandsins. Árni er einn af þeim sem ávallt er reiðubúin til starfa fyrir félagið og vinnur störf sín af förnfýsi og samviskusemi.

Þrátt fyrir litla fjölgun iðkenda á tímabilinu hefur okkur nokkurn veginn tekist að halda í horfinu. Nokkrir tóku sér frí í vetur en aðrir drógu fram skóna að nýju með góðum árangri. Vonandi fáum við þó að sjá gamla iðkendur á næsta tímabili og helst með liðsauka með sér.

Ólafur Hreinsson, formaður Krulludeildar SA

Skíðafélag Akureyrar

Ársskýrsla 2017 og 2018

Skíðafélag Akureyrar, SKA, er aðildarfélag innan Íþróttabandalags Akureyrar, ÍBA. Tilgangur þess er að efla skíða-íþróttina, hreyfingu og heilbrigt líferni jafnt meðal keppnismanna sem og almennings ásamt því að auka gildi íþróttarinnar. Félagið stendur fyrir æfingum fyrir börn, unglinga og fullorðna og á að jafnaði keppendur á öllum helstu skíðamótum innanlands sem utan. Félagið er einnig mikilvægur og jákvæður félagslegur vettvangur iðkenda og aðstandenda þeirra. Hjá SKA starfa vel menntaðir og reyndir þjálfarar, sem sækja einnig þau námskeið sem bjóðast til að efla þjálfunarstig, stjórnarmenn og þjálfarar vinna því saman að markmiðum félagsins, með góðri hjálp frá foreldrum.

Innan félagsins starfa 3 deildir, skíðaganga, alpagreinar og brettadeild, ásamt nefndum tengdum starfinu sem eru þá mest megnis skipaðar foreldrum iðkenda. Stutt skýrsla frá Andrésarnefndinni fylgir frá vorinu 2019 en Andrésarnefndin skipuleggur Andrésarleikana sem er lang stærsti fjáröflunarvettvangur félagsins.

Markmið félagsins er enn fremur að móta fjölbæfa íþrótt- og félagsmenn, hvort heldur þeir kjósa að iðka íþróttir sem tómstundargaman, til að ná árangri í keppni eða til að sinna almennum félagsstörfum. Allir eru velkomnir, byrjendur sem og þeir sem áður hafa æft, og gleður það okkur að geta boðið öllum aldri, og báðum kynjum að æfa saman.

Í stjórn SKA þegar þetta er ritað eru:
Kristrún Lind Birgisdóttir, formaður.
Helga Kristín Helgadóttir, gjaldkeri.
Sara Ómarsdóttir, Brettadeild.
Ólafur Björnsson, Skíðagöngudeild.
Jón Ingvi Árnason, Alpagreinadeild.
Álfheiður Svana Kristjánsdóttir, ritari.
Vagn Kristjánsson, meðstjórnandi .

Stjórn SKA fundar að jafnaði aðra hverja viku yfir veturinn 17 - 20 fundir á ári.

Helstu fréttir síðustu tveggja ára eru að félagið hefur fengið aðstöðu til inniæfinga í Giljaskóla en það skipti mjög miklu máli fyrir félagið – og þá sérstaklega fyrir Brettadeildina sem hefur ekki haft neina aðstöðu til að æfa stökk. Stjórn SKA þakkar stuðning ÍBA að það hafi gengið. Stórbreyting frá aðstöðunni í Laugargötu sem félagið bjó við.

Frístundaráð ákvað síðsumars að veita Hlíðarfjalli fjármagn til þess að byggja undir stökkpallana í Brettagarðinum til að auðvelda uppsetningu á garðinum ár hvert. Fjármagnið barst en framkvæmdin gekk ekki eftir. Það er

skemmt frá því að það hefur komið verulega niður á Brettaiðkendum en garðurinn er ekki ennþá tilbúinn þegar þetta er ritað 8. Mars, það er verulegt tjón fyrir starfsemi félagsins.

Í nýju styrkjaúthlutunarmódeli Akureyrarbæjar er gert ráð fyrir því að skilyrði fyrir úthlutun sé félögin séu fyrirmyndafélög ÍSÍ. Stjórn SKA hefur nú þegar hafið þá vinnu en verkefnið verður samvinnuverkefni félagsmanna og skjölin öll birt á heimasíðu félagsins þar sem allir félagsmenn geta tekið þátt með því að setja athugasemdir við skjöl sem stjórnin leggur grunn að. Það er meginniðurstaða stjórnar að SKA stefni að því að vera fyrirmyndarfélag – en listinn er langur og þetta er mikið verk fyrir lítið félag.

Skýrsla Skíðagöngunefndar

Starf nefndarinnar fór seinna af stað en vanalega þar sem snjór var af skornum skammti framan af. Haldnir voru fjórir fundir frá september fram í maí.

Formaður sótti formannafund sem haldinn var á Akureyri í október og nefndin átti einn fulltrúa á Skíðaþingi Íslands sem haldið var í Reykjavík í maí.

Þjálfarar tímabilsins voru Ólafur Björnsson, yfirþjálfari í hálfu starfi, Vadim Gusev og Veronika Lagun, bæði í fullu starfi.

Haustæfingar í september, hjólaskíða- og hlaupaæfingar í Kjarnaskógi og víðar og styrktaræfingar í íþróttahúsinu. Voru það Veronika, Vadim og Ólafur sem skiptu æfingum á milli sín. Nokkrar æfingar voru á snjó í Kjarnaskógi fyrir áramót en annars var ekki hægt að komast á snjó í Hlíðarfjalli fyrr en um miðjan janúar. Í vetur voru um 20 börn/unglingar við æfingar í skíðagöngu.

Fyrsta mót vetrarins var Hermannsgangan sem er liður í Íslandsgöngu mótaröðinni, haldin 11. febrúar. Alls tóku 64 keppendur þátt. SKA hélt Skíðalandsmót Íslands (30.apríl-2. maí) og var það fyrsta FIS mót í skíðagöngu í sögu SKA og Hlíðarfjalls. Krafðist það mun meiri vinnu og kostnaðar en vanalega, t.d. með nýjum brautarkortum, brautargerð, brautarvörslu og umsjón erlends eftirlitsmanns. Keppendur voru um 25, þar af 4 erlendir. Brautarkort voru samþykkt af FIS síðasta haust en athugasemdir sem snéru að svæðinu voru gerðar eftir keppni, t.d. er breidd marksvæðis ekki nægileg og troðari þarf að geta lagt tvöfalt spor með minna millibili. Stefna SKÍ er að öll Lands- og bikarmót verði framvegis keyrð sem FIS mót og eigi SKA að geta haldið slík mót, þá er klárt að auka þarf aðkomu Hlíðarfjalls og Akureyrar hvað varðar aðstöðu og tækja. Fyrir utan FIS mótin, þar sem krafist er þess að sporinn á troðaranum sé

annarskonar en nú er fyrir í Hlíðarfjalli, þá skapast um leið betri möguleiki á að gera brautirnar betri til gönguskíða- iðkunar keppenda og almennings.

Árlegt páskamót var haldið á páskadag og Akureyrar- mótin voru tvö, hið fyrra með hefðbundinni aðferð í febrú- ar og seinna með frjálsri aðferð í byrjun maí. Andrésar Andar leikarnir voru svo á sínum stað (19.-22. apríl) og var þátttakendafjöldi í skíðagöngunni í heildina svipaður og undanfarin ár eða rúmlega 100. Boðið var upp á að prófa skíðaskotfimi milli greina og vakti mikla athygli og ánægju.

Til viðbótar var bikarmót haldið í Hlíðarfjalli af Skíða- félagi Ólafsfjarðar sökum snjóleysis á Ólafsfirði. SKA aðstoðaði Ólafsfirðinga við mótshald.

Haldin voru nokkur skíðagöngunámskeið fyrir almenn- ing í samstarfi við TVG Zimsen og voru þau vel sótt eins og áður. Áhugi almennings á skíðagöngu hefur aukist mjög mikið og námskeiðin eiga örugglega góðan þátt í því. Leggur SKA mikið upp úr aðstæðum til skíðagöngu iðkun- ar fyrir almenning. M.a. starfrækir skíðagöngunefnd SKA gönguskíðaleigu fyrir einstaklinga og hópa.

Nokkur mót voru sótt utan heimabyggðar, má þar helst telja Unglingameistaramót í Bláfjöllum 8.-10. apríl, Bikar- mót í Bláfjöllum 3.-5. feb og Hólmavík 8.-10. mars. Ólafs- firðingar héldu sitt bikarmót í Hlíðarfjalli 3.-5. mars. Arnar Ólafsson fékk boð um að taka þátt á Ólumpíudögum evrópusækkunnar (EYOF) í Tyrklandi og stóð sig með miklum ágætum þar.

Brynjar Leó Kristinsson landsliðsmaður hefur haldið sínu striki við æfingar og keppni í Svíþjóð, á þessum vetri bar hæst þátttaka hans á HM í Lathi í Finnlandi í febrúar- mars. Brynjar kom svo heim og tók þátt í Skíðalandsmóti Íslands ásamt því að fylgja sinni æfingaáætlun. Brynjar gefur ekki kost á sér í landsliðið á komandi vetri.

Helsti árangur hjá iðkendum í skíðagöngu á árinu er:

Á Skíðalandsmótinu varð Brynjar Leó Íslandsmeistari í hefðbundinni göngu, Isak Stiansson Pettersen varð Íslands- meistari í spretti og með frjálsri aðferð og þriðji í hefð- bundnu. Arnar Ólafsson varð annar í frjálsri aðferð 16-17 ára og Veronika Lagun varð þriðja í kvennaflokki, einnig með frjálsri aðferð og í sprettgöngu. Boðgönguna sigraði A sveit SKA í 11. skiftið í röð. Sveitina skipuðu Gísli Einar Árnason, Brynjar Leó Kristinsson og Vadim Gusev.

Á Unglingameistaramóti í Bláfjöllum urðu Egill Bjarni Gíslason og Fanney Stefánsdóttir fyrst í 14-15 ára flokki drengja og stúlkna, bæði með hefðbundinni og frjálsri að- ferð.

Í 12-13 ára flokki varð Ævar Freyr Valbjörnsson fyrstur með frjálsri aðferð og þriðji í hefðbundnu.

Einar Árni Gíslason varð annar í hefðbundnu og þriðji með frjálsri aðferð.

Egill og Fanney urðu Bikarmeistarar í sínum flokkum.

Í Fossavatnsgöngunni á Ísafirði í lok apríl átti SKA þó nokkra þátttakendur. Vadim Gusev var þar ofarlega á blaði, endaði í 7. sæti, annar Íslendinga í 50 km hefðbund- inni göngu.

Unnið var við viðhald á húsi félagsins á árinu sem og endranær. Fyrir utan venjubundið viðhald eins og fúavörn utanhúss, var t.d. sett ný vatnsdæla á neysluvatnið, einu kló-

setti skipt út fyrir nýtt, skipt um gler á suður- og vesturhlíð húss (vinnu ekki lokið), sjónvarp sett upp í setustofu (gefið af velunnara) og útihurðir lagfærðar. Margt fleira gert og allt unnið af sjálfboðaliðum sem fá bestu þakkir fyrir.

F.h. Skíðagöngunefndar SKA,

Valbjörn Ægir Vilhjálmsson

Skýrsla Brettadeildanefndar

Veturinn 2017/2018 var deildinni mjög erfiður. Aðstæður í fjallinu voru langt frá því að vera góðar þar sem veður olli miklum vandræðum. Æfingar féllu oft niður vegna veðurs og erfitt var að færa þær á bak við Skautahöllina vegna aðstæðna. Engu að síður stóðu krakkarnir sig ótrúlega vel á þeim mótum sem þau tóku þátt í.

Starfsemin hefur átt þungan róður að undanfögnu og spila aðstæður þar mikið inn í. Iðkendur hefur fækkað á milli ára og erfitt hefur verið að fá nýja iðkendur.

Yfirþjálfari var Leifur Sigurðsson.

Hér heima hafa iðkendur sótt mót til Reykjavíkur og Eskifjarðar ásamt mótum hér í Hlíðarfjalli. Þar hafa iðk- endur staðið sig með stakri þrýði og gert mjög góða hluti. Við höfðum í flestum tilfellum átt iðkendur á pöllum í öllum aldurshópum og í öllum greinum. Við eigum 4 iðk- endur í afreks og landsliðshópum og tveir af þeim eru í topp 200 á heimslista WSF. Sömu tveir iðkendur hafa verið að gera mjög góða hluti erlendis á mótum og erum við ákaflega stolt af þeim. Andrésar leikarnir spila alltaf stór- an þátt í okkar starfsemi. Þar leggjum við mikla áherslu á að iðkendur njóti þess að vera með og hafi gaman.

F.h. Brettadeildar,

Sara Ómarsdóttir

Skýrsla Alpagreinanefndar

Alpagreinanefnd SKA:

Sverrir Rúnarsson, formaður.

Árni Stefánsson.

Jón Ingvi Árnason.

Sigurður Guðmundsson.

Vilborg Þórarinsdóttir.

Starfið hófst með haustæfingum og var ánægjulegt að sjá góða mætingu hjá eldri æfingahópnum. Algengt er að krakkar úr yngri æfingahópnum stundi aðrar íþróttir sem þau leggja meiri áherslu á þar til æfingar hefjast í Hlíðarfjalli. Betri æfingaaðstæða til haustæfinga myndi eflaust bæta mætingu allra æfingahópa. Félagið hefur ekki haft greiðan aðgang að tækjasal og þá hefur aðgangur að íþróttasal verið stopull í gegnum árin, og salurinn vanbúinn tækjum.

Veturinn fór illa af stað til æfinga á snjó, en æfingar hófust ekki í Hlíðarfjalli fyrr en í janúar sökum snjóleysis. Farið var í nokkrar dagsferðir í Tindastól fyrir áramót, þar sem vel var tekið á móti okkur. Veturinn í Hlíðarfjalli var okkur erfiður heilt yfir og algengt var að æfingar féllu niður vegna veðurs.

Félagið fór með iðkendur yngri en 16 ára í vel heppnaða fjölskyldu og æfingafærð til Austurríks í janúar og náðu margir þar að vinna upp lítinn tíma á snjó í upphafi vetrar. Það voru foreldrar úr hópnum sem sáu um allan undirbún-



ing ferðarinnar og er félagið bæði stolt og þakklátt fyrir öflugt starf foreldra.

Heilt yfir náðist góður árangur hjá öllum æfingahópum alpagreina og var ágætis fjölgun iðkenda í yngsta aldurshópnum, 8 ára og yngri. Stjórnar SKA var með vel heppnað átak nokkrum vikum fyrir Andrés andar leikana þar sem krökkum var boðið að koma til æfinga og keppa á leikunum. Þá voru haldnar æfingabúðir fyrir 12-15 ára krakka, svokallaðar Andrésarbúðir, í þrjá daga fram að leikunum. Rúmlega 50 krakkar frá flestum skíðafélögum landsins tóku þátt í búðunum.

Félagið hefur staðið fyrir voræfingum í Hlíðarfjalli fyrir 9 ára og eldri að loknum Andrés andar leikunum. Aðstaður voru áfram erfiðar í Hlíðarfjalli og nú sökum hita. Það tókst þó að halda æfingabúðir fyrir 12 ára og eldri þar sem krakkar nutu leiðsagnar erlends þjálfara frá Austria Racing Camps.

Iðkendur SKA náðu góðum árangri á mótum innanlands og var SKA stigahæsta lið vetrarins í alpagreinum á bikarmótum SKÍ.

Iðkendur SKA fengu samtals fimm verðlaun í alpagreinum á Skíðamóti Íslands sem haldið var í Hlíðarfjalli:

Bjarki Guðjónsson varð Íslandsmeistari í samhliðasvigi. Magnús Finnsson varð nr. 2 í svigi og nr. 3 í samhliðasvigi.

Katla Björg Dagbjartsdóttir varð nr. 3 í samhliðasvigi.

Einar Kristinn Kristgeirsson varð nr. 3 í svigi.

Iðkendur SKA fengu samtals 18 verðlaun í alpagreinum á Unglingameistaramóti Íslands og einnig áttum við nokkra bikarmeistara SKÍ:

Fríða Kristín Jónsdóttir (15 ára) vann svig, st.svig og alpatvíkeppni og varð nr. 2 í samhliðasvigi. Fríða Kristín varð bikarmeistari SKÍ.

Valur Snær Ásmundsson (15 ára) varð nr. 3 í svigi, st.svig og alpatvíkeppni.

Aron Máni Sverrisson (14 ára) vann st.svig og alpatvíkeppni og varð nr. 2 í svigi. Aron Máni varð bikarmeistari SKÍ.

Karen Júlía Arnarsdóttir (13 ára) vann svig og alpatvíkeppni og varð nr. 2 í st.svigi og samhliðasvigi.

Hildur Védís Heiðarsdóttir (13 ára) vann st.svig og varð nr. 3 í samhliðasvigi. Hildur Védís varð bikarmeistari SKÍ.

María Gros (13 ára) varð nr. 2 í svigi og alpatvíkeppni.

Iðkendur alpagreina SKA fengu samtals 31 verðlaun á Andrésar andar leikunum, þar af níu sinnum Andrésarmeistarar.

Iðkendur frá alpagreinum SKA tóku þátt í nokkrum verkefnum á vegum SKÍ. María Guðmundsdóttir var valin í A-landslið, en gat því miður ekki verið með vegna meiðsla. Þá voru þau Bjarki Guðjónsson, Katla Björg Dagbjartsdóttir og Magnús Finnsson valin í B-landslið 2017/2018. Katla Björg keppti á evrópsku OL-æskunnar í Tyrklandi og á heimsmeistaramóti unglinga sem fram fór í Aare í Svíþjóð. Magnús Finnsson keppti á Heimsmeistaramóti alpagreina sem fram fór í St. Moritz í Sviss.

Fh. Alpagreina Skíðafélags Akureyrar,

Sverrir Rúnarsson


**SKÍÐAFÉLAG
AKUREYRAR**
Stofnað 2001

Skíðafélag Akureyrar **Ársskýrsla 2018 og 2019**

Skýrsla Skíðagöngunefndar

Valbjörn Ægir Vilhjálmsson, formaður.
Andri Teitsson.
Eyþór Bergmannsson.
Jóhannes Kárasón.
Kári Jóhannesson.

Störf nefndarinnar vour einna helst eftirfarandi:

Haldnir voru 4 formlegir fundir í skíðagöngunefnd frá

september fram í apríl, auk nokkurra hraðfunda, fyrir einstök málefni, sem ekki voru bókaðir.

Haustfundur SKÍ var haldinn í Reykjavík 5.-6. okt. og þar átti nefndin einn fulltrúa.

Nefndin gerði árssamning við eftirfarandi þjálfara:

Yfirþjálfari Vadim Gusev, þjálfarar Veronika Lagun og Una Salvör Gunnarsdóttir sem kom ný inn í þjálfarateymið þennan veturinn.



Æfingar

Tímabilið hófst með sumaræfingum fyrir 12 ára og eldri fljótlega eftir Andrésar Andarleikana og voru æfingar með þjálfara tvisvar í viku, nema júlí. Þá fór þjálfari í sumarfrí en krakkarnir fylgdu æfingaprógrammi sjálf eftir bestu getu. Æfingarnar fóru fram utandyrá, ýmist á hjólaskíðum, á hlaupum, í sundi eða fjallgöngum.

Samæfingar voru tvær yfir sumarið. Sú fyrri í Bláfjöllum 7.-10. júní, og sú seinni hér hjá okkur á Akureyri 16.-19. ágúst. SKA lagði til þjálfara á báðar æfingar.

Haustæfingar byrjuðu fyrir yngri hóp (11 ára og yngri) 7. september á sunnudögum í íþróttahúsi Giljaskóla. Eldri hópur tók þá styrktaræfingar en hélt þess á milli áfram sínum útíæfingum. Fyrsta æfing á langþráðum snjó var svo 1. desember í Kjarnaskógi. Það var svo ekki fyrr en 8. desember sem við komumst fyrst á skíði í Hlíðarfjalli. Yngri hópur æfði þrisvar í viku en eldri hópur 4-5 sinnum. Samtals voru 39 æfingar haldnar á skíðum í Hlíðarfjalli, og 8 í Kjarnaskógi. Í 12 skipti var ekki hægt að æfa á skíðum vegna veðurs, en í 6 af þeim skiptum var hægt að taka æfingu í íþróttahúsi Giljaskóla.

Mót heima

Skíðafélagið hélt sín hefðbundnu mót þennan veturinn. Hermannsgangan var haldin þann 19. janúar í leiðinda-veðri. Engu að síður var metþátttaka sem við teljum að eigi tvær skýringar. Annars vegar er mikil aukning almennings í skíðagöngu, en hins vegar var nauðsynlegt að vera búinn að forskrá sig nokkrum vikum fyrir mót.

Akureyrarmótin voru tvö, annars vegar var keppt með hefðbundinni aðferð, og hins vegar með frjálsri aðferð. Við fengum fjölmenna heimsókn frá vinum okkar á Ólafsfirði í seinna mótið, sem gerði keppnina mjög spennandi og skemmtilegra. Vonandi getum við aukið samstarf við þá og fleiri nágrannasveitarfélög.

Andrés Önd var á sínum stað (24.-27. apríl). Í ár var skíðagöngudeild með 28 keppendur, sem er í meðallagi samanborið við undanfarin ár. Ekki mátti standa tæpara

með snjóalög þetta árið, unnið var við söltun og drenun/brúargerð á hverjum degi.

Mót Heiman

Í ár þurfti að sækja öll Bikarmót að heiman. Það fyrsta var í Bláfjöllum 1.-3. feb, annað mótið var á Ísafirði 15.-17. feb og það síðasta á Ólafsfirði 8.-10. mars. Landsmót var á Ísafirði 4.-6. apríl.

Helstu árangrar vetrarins

Ísak Stiansson Pedersson og Ragnar Gamalíel Sigurgeirsson tóku þátt í Heimsmeistaramóti í Seefeld og stóðu sig vel.

Á Skíðalandsmóti Íslands varð Karin Bjoernlinger fyrst í spretti, önnur í 5 km F og fyrst í 10 km H. Ragnar Gamalíel varð þriðji í spretti, annar í 10km F og 15km H.

Bikarmótshópurinn (13 ára og eldri) er stærri en oft áður, telur um 13-15 iðkendur og var að skila stórgóðum árangri í vetur. Unnu til fjölmargra verðlauna á öllum bikarmótum vetrarins.



Aðrir sóttir viðburðir/keppnir

Skíðagöngudeildin sendi fjóra iðkendur 13-15 ára og tvo fararstjóra á International Childrens Winter Games í Lake Placid 6.-11. jan. Þetta eru bæjarleikar þar sem þátttakendur koma frá einu bæjarfélagi í hverju landi. Stóðu krakkarnir sig mjög vel og voru Akureyri til mikillar sóma.

Farin var fjölskylduferð til Ólafsfjarðar, á útivistardag í Vaglaskógi, í Fjarðargöngu á Ólafsfirði og Orkugöngu á Húsavík.

Skíðagöngunefnd vill þakka foreldrum og aðstandendum fyrir aðstoð við mótahald og aðra viðburði í vetur, þá þökkum við þjálfurum fyrir mjög gott og óeigingjarnt starf.

F.h. Skíðagöngunefndar SKA,

Valbjörn Ægir Vilhjálmsson

Skýrsla Brettanefndar

Sara Ómarsdóttir, formaður.

Arnar Friðriksson.

Pétur Maack.

Margrét M. Róbertsdóttir.

Elín Auður Ólafsdóttir.

Leifur Sigurðsson.

Vilborg Sigurðardóttir.

Kristján Bergmann Tómasson.

Haustæfingar hófust í september í Giljaskóla. Nokkrir nýir iðkendur bættust við og má þakka aðstöðunni í Giljaskóla fyrir það. Æfingar voru vel sóttar.

Veturinn hófst seint eins og hjá öðrum. Aðstæður í fjallinu voru með eindæmum lélegar og gekk seint og illa að fá



parkið í gagnið. Iðkendur hafa séð um mest alla vinnu við að koma því upp. Forsvarsmenn brettadeildar hafa miklar áhyggjur af þessu og einnig af aðstöðuleysi deildarinnar. Það var ekki fyrr en í upphafi mars mánaðar að parkið var komið upp.

Geoff Bell var gestþjálfari hjá Brettadeildinni í 6 vikur – kom í byrjun desember og fór í lok janúar. Hans hlutverk var að kenna yngstu þjálfurum að skipuleggja æfingar og að koma til móts við þarfir yngri barnanna.

Snjóbrettamót Íslands var haldið á Akureyri og tókst mjög vel til.

Brettadeild SKA átti 3 fulltrúa í afrekshópi sem fóru í æfinga- og keppnisferðir erlendis og auk þess var í fyrsta skipti keppt á Ólympíuleikum Evrópuæskunnar á snjóbrettum.

Brettadeildin á 1 fulltrúa í A-landsliði (Baldur), 2 fulltrúa í B-landsliði (Benni og Tómas Orri) og 2 fulltrúa í afrekshóp (Birkir og Kolbeinn). Það var keppt í fyrsta sinn á snjóbrettum á Ólympíuleikum Evrópuæskunnar árið 2017 þá í boardercross (Tómas og Bjarki Jarl). Í ár var í fyrsta sinn kepp í slopestyle á Ólympíuleikum Evrópuæskunnar (Birkir, Kolbeinn, Bjarki).

Sara Ómarsdóttir formaður

Skýrsla Andrésarnefndar

Fjalar Úlfarsson, formaður.

Alma Ólafsdóttir.

Thelma Baldursdóttir.

Gísli Einar Árnason.

Una M. Eggertsdóttir.

Kristinn Magnússon.

Sigurður Grétar Guðmundsson.

Andrésarnefndin fundaði reglulega frá ágúst fram á vor. Andrésarleikar gengu vonum framár. Andrésarsjóður mun

leggja inn upphæð 700.000 í minningarsjóð Óðins Árnasonar til viðbótar við það sem fyrir er. Verður nánar kynnt í haust. Stefnt er að hugmynd að félagsheimili SKA verði að raunveruleika þegar fimmtugustu Andrésarleikarnir verða haldnir.

Fjalar Úlfarsson formaður Andrésarnefndar

Skýrsla Alpagreinanefndar

Í nefndinni:

Jón Ingvi Árnason, formaður.

Arnar Bragason.

Árni Stefánsson.

Erla Björnsdóttir.

Sigurður Guðmundsson.

Kristinn Magnússon.

Sölvi Már Sveinsson.

Nefndin hafði ekki fasta fundartíma, heldur fundaði eftir þörfum og eins og verkefni stóðu til.

Töluvert var fundað á sumarmánuðum til að ná saman þjálfarateymi. Aldursskipting hópa var óbreytt frá fyrra ári. Nefndin auglýsti eftir þjálfurum í byrjun júní og tókst vel að manna alla flokka. Vel gekk að reka deildina í vetur enda þjálfarar reynslumiklir, vel mennaðir og samviskusamnir.

Starfið hófst með haustæfingum. Skipulagðar þrekæfingar fyrir 16+ hófust í byrjun ágúst og æfðu þau fjórum sinnum í viku, útiþrek, lyftingar og crossfit. 15 ára krökkum var einnig boðin þátttaka. Þrekæfingar 12-15 ára hófust svo um miðjan ágúst og æfðu þau þrisvar í viku, fyrst og fremst útiþrek og crossfit en einnig lyftingar. Iðkendur voru misduglegir að mæta á þrekæfingar, en almennt var mæting góð. Fleiri iðkendur í elsta aldurshópnum voru einnig dugleg að sinna þrekæfingum áður en haustæfingar á vegum félagsins hófust.

Iðkendur yngri en 12 ára stunda margir aðrar íþróttir sem þeir leggja áherslu á þar til æfingar hefjast á snjó. Því voru ekki sérstakar haustæfingar fyrir yngri iðkendur alpagreina. Boðið var upp á sameiginlegar haustæfingar fyrir 12 ára og yngri með skíðagöngunni, þar sem skíðagönguþjálfarar sáu um æfingarnar.

SKA fékk í haust úthlutuðum tímum í íþróttahúsi Giljaskóla nokkrum sinnum í viku og nýttust þeir tímar vel á haustæfingum, en einnig yfir veturinn þegar lokað var í fjallinu.

Veturinn og æfingar á snjó

Nokkrir iðkendur frá SKA tóku þátt í samæfingu SKÍ á Hintertux jökli í Austurríki í október. SKA fór í æfingaferð til Noregs 15.-26. nóvember með 11 iðkendur 15 ára og eldri. Áætlað var að æfa í Geilo en sökum snjóleysis fluttu þau sig til Beitostolen og Aurdal þar sem hópurinn æfði við góðar aðstæður. Þessar breytingar á síðustu stundu leiddu því miður til þess að Noregsferðin varð nokkuð dýrari en áætlað var, einnig höfðu 16+ iðkendur áætlað að keppa á FIS mótum í ferðinni, en þeim mótum var aflýst sökum snjóleysis.

Hiti og snjóleysi var líka að stríða okkur á Akureyri í byrjun vetrar en við náðum að hefja æfingar í Hlíðarfjalli 8. Desember. Fjórir iðkendur 16+ fóru í keppnisferð til Sviss og Ítalíu í janúar þar sem þau kepptu á fjórum svig mótum. Í janúar var farið í vel heppnaða fjölskyldu- og æfingaferð til Schladming í Austurríki með iðkendur 15 ára og yngri, þar sem allur undirbúningur var í höndum nokkurra öflugra foreldra.

Aðstæður til æfinga í Hlíðarfjalli voru almennt góðar í vetur, en þó voru nokkrir kaflar þar sem veðrið var að stríða. Var því farið nokkra daga til æfinga á Dalvík. Elstu hóparnir náðu samtals um og yfir 80 æfingadögum á snjó, fyrir utan keppni, og náðu allir æfingahópar ásættanlegum fjölda æfinga á snjó. 11 iðkendur 12 ára og eldri tóku þátt í fimm morgunæfingum í Hlíðarfjalli í maí þar sem æft var við óvenju góðar aðstæður í norðurbakka.

Verkefni á vegum SKÍ

Katla Björg Dagbjartsdóttir var valin í B-landslið 2018/2019 og tók hún þátt í bæði æfinga- og keppnisverkefnum á vegum SKÍ, en hún hefur því miður einnig átt við meiðsli að stríða í vetur.

Ísland átti þrjá fulltrúa í alpagreinum á Vetrarólympíu-hátíð Evrópuæskunnar sem fram fór í Sarajevó í Bosnía-Hersegóvínu í febrúar og komu þeir allir frá SKA. Þau eru Andri Gunnar Axelsson, Aron Máni Sverrisson og Guðfinna Eir Þorleifsdóttir. Magnús Finnsson þjálfari hjá SKA var flokksstjóri og þjálfari hópsins.

Eins og sl. tímabil var aftur átak fyrir Andrés þar sem krökkum var boðið að koma til æfinga og keppa á Andrés. Átakið skilaði ágætis árangri með nýjum iðkendum í yngstu æfingahópum.

Andrésarbúðir (æfingabúðir fyrir 12-15 ára) voru haldnar í þrjá daga fram að leikunum Góð þátttaka, frá flestum skíðafélögum landsins.

Árangur iðkenda SKA á mótum í vetur

SKA er annað stigahæsta lið vetrarins í alpagreinum á bikarmótum SkÍ. SKA var stigahæsta félagið í fullorðins-flokki karla og 16-17 ára stúlkna og 16-17 ára drengja.

SMÍ – 1 verðlaun í karlaflokki og 1 verðlaun í kvenna-flokki.

Jón Óskar Andrésson 3. í svigi.

Guðfinna Eir Þorleifsdóttir 3. í svigi – bikarmeistari SkÍ.

UMÍ – góður árangur í stúlknaflokkum.

Sonja Lí Kristinsdóttir 12-13 ára 1. í svigi og st.svigi.

Eyrún Erla Gestsdóttir 12-13 ára 3. í st.svigi.

Hildur Védís Heiðarsdóttir 14-15 ára 1. í st.svigi.

Karen Júlía Arnarsdóttir 14-15 ára 2. í st.svigi.

Andrésar Andarleikar – 29 verðlaun til SKA.

Verðlaun í 10 flokkum af þeim 14 flokkum sem við áttum keppendur í.

Iðkendur SKA 7x Andrésarmeistarar.

Jón Ingvi Árnason, formaður Alpagreinanefndar



Skotfélag Akureyrar Ársskýrsla 2018

Stjórn Skotfélags Akureyrar

Formaður: Ómar Örn Jónsson.

Varaformaður: Sigurður Áki Sigurðsson.

Gjaldkeri: Finnur Steingrímsson.

Ritari: Bragi Óskarsson.

Meðstjórnandi: Davíð Hallgrímsson.

Varamenn:

Jóhann Ævarsson.

Kristbjörn Tryggvason.

Yfirlit yfir starfsemi félagsins

Margt var um að vera hjá félaginu á liðnu ári og voru haldin 33. mót í hinum ýmsu greinum, þar sem hæst að félagið tók að sér að halda fyrsta Íslandsmeistaramót sem haldi hefur verið í Compak Sporting og var það töluverð áskorun fyrir félagið þar sem þetta hefur ekki verið gert áður hér á landi og greinin svolítið óþekkt hér hvað reglur og uppsetningu valla varðar. Nico Mavrommatis ráðgjafi STÍ



fengin til að setja upp vellina með okkur og voru keppendur á þessu fyrsta móti voru 37. Það hefur ekki annar eins fjöldi tekið þátt í móti í haglagreinum í háa herrans tíð á Íslandi. Mikil gróska hefur einnig verið í Loftgreinum hjá okkur, þar eignuðumst við Íslandsmeistara í unglinga-flokki kvenna og iðkenndur okkar þar á fullri ferð uppá



við hvað getu varðar. Einnig var mikil gróska í riffil greinum hjá okkur einnig og höfum við tekið að okkur að halda Íslandsmeistaamót í 50BR nú í sumar.

Merkustu viðburðir

Sigríður L Þorgeirsdóttir varð Íslandsmeistari unglunga í loftskammbýssu
 Daniel Logi Heiðarsson varð Íslandsmeistari unglunga í Skeet

Akureyrarmeistarar 2018:

Guðlaugur Bragi Magnússon í SKEET.
 Gunnar Þór Þórarnarson í Sporting.
 Arnar Oddsson í Silhouette.
 Finnur Steingrímsson í Trap.

Kristbjörn Tryggvason í BR-VFS.

Wimol Sudde (Bubbi) í BR-50.

Þórður Ívarsson í grófir skammbýssu.

Þórður Ívarsson í Staðlaðri skammbýssu.

Þórður Ívarsson í Sportbýssu.

Skotfólk ársins 2018 eru Þórður Ívarsson í karlaflokki og Þorbjörg Ólafstóttir í kvennaflokki í flokki unglunga Daniel Logi Heiðarsson og Sóley Þórðardóttir. Einnig vert að geta þess að Guðlaugur Bragi Magnússon skaut hæðsta skor á Íslandi 120 dúfur í skeet á síðasta ári og aðeins einni dúfu frá því að jafna gamalt Íslandsmet sem Örn Valdimarsson á. Guðlaugur Bragi er einnig kominn inni landsliðshóp okkar í Skeet.

Markmið og áherslur félagsins

- Að Skotfélag Akureyrar njóti virðingar sem íþróttafélag sem leggur áherslu á góða aðstöðu fyrir þá sem vilja leggja stund á skotfimi sem íþrótt.
- Að starfsemi félagsins njóti virðingar almennings, yfirvalda og íþróttahreyfingarinnar. Félagsmenn sem koma fram fyrir hönd félagsins eru ávalt til fyrirmyndar hvað varðar snyrtimennsku og þróðmannlega framkomu.
- Félagið haldi áfram að byggja upp öflugt unglunga-starf sem er öðrum til fyrirmyndar og í samræmi við lög og reglur.
- Félagið eigi ávallt íþróttafólk í fremstu röð.

Ómar Örn Jónsson formaður Skotfélags Akureyrar



Skotfélag Akureyrar Ársskýrsla 2019

Stjórn Skotfélags Akureyrar

Formaður: Ómar Örn Jónsson.
 Varaformaður: Sigurður Áki Sigurðsson.
 Gjaldkeri: Finnur Steingrímsson.
 Ritari: Bragi Óskarsson.
 Meðstjórnandi: Davíð Hallgrímsson.

Varamenn:

Jóhann Ævarsson.
 Kristbjörn Tryggvason.

Yfirlit yfir starfsemi félagsins

Mikið var að gerast hjá félaginu að vanda þetta árið og haldin 33. mót í hinum ýmsu greinum. Þar hæst að félagið tók að sér að halda tvö 200 dúfna Landsmót í Compak Sporting, Íslandsmeistaramót í Skeet og 50 BR. Mikil gróska hefur einnig verið í Loftgreinum hjá okkur og var haldið Landsmót sem þótti takast vel. Þar eignuðumst við Íslandsmeistara í unglingaflokki kvenna og



iðkenndur okkar þar á fullri ferð uppá við hvað getu varðar. Einnig var mikil gróska í riffil greinum hjá okkur.

Merkustu viðburðir

Íslandsmeistarar 2019:

Daniel Logi Heiðarsson varð Íslandsmeistari unglunga í Skeet.

Sóley Þórðardóttir í Loftskammbýssu og BR50 Sporter unglinga.

Kristbjörn Tryggvason í BR50 Sporter.

Aron Vikar Pétursson í BR50 léttur varmit.

Finnur Steingrímsson í Benchrest (jöfnun á 20 ára gömlu íslandsmeti).

Íslandsmeistarar í liðakeppni stúlkna í loftríffli.

Íslandsmeistarar í liðakeppni stúlkna í loftskammbýssu.

Íslandsmeistarar í liðakeppni kvenna í loftskammbýssu.

Akureyrarmeistarar 2019:

Guðlaugur Bragi Magnússon í Skeet.

Gunnar Þór Þórnarson í Sporting.

Finnur Steingrímsson í Trap og BR50 varmit.

Kristbjörn Tryggvason í BR50 Sporter.

Þórður Ívarsson í grófri skammbýssu.

Þórður Ívarsson í Staðlaðri skammbýssu.

Þórður Ívarsson í Sportbýssu og loftríffli.

Þorbjörg Ólafsdóttir í Loftskammbýssu kvenna.

Rakel Arnþórsdóttir í loftskammbýssu og liftríffil unglinga.

Sóley Þórðardóttir – Silhouette.

Einnig varð Sigurður Áki Sigurðsson – Norðurlandsmeistari í Skeet

Skotfólk ársins 2019 eru Þórður Ívarsson í karlaflokki og Þorbjörg Ólafsdóttir í kvennaflokki í flokki unglinga eru það Daníel Logi Heiðarsson og Sóley Þórðardóttir.



Markmið og áherslur félagsins

- Að Skotfélag Akureyrar njóti virðingar sem íþróttafélag sem leggur áherslu á góða aðstöðu fyrir þá sem vilja leggja stund á skotfimi sem íþrótt.
- Að starfsemi félagsins njóti virðingar almennings, yfirvalda og íþróttahreyfingarinnar. Félagsmenn sem koma fram fyrir hönd félagsins eru ávalt til fyrirmyndar hvað varðar snyrtimennsku og þrúðmannlega framkomu.
- Félagið haldi áfram að byggja upp öflugt unglingastarf sem er öðrum til fyrirmyndar og í samræmi við lög og reglur.
- Félagið eigi ávallt íþróttafólk í fremstu röð.

Ómar Örn Jónsson formaður Skotfélags Akureyrar



Stofnað 1962

Sundfélagið Óðinn Ársskýrsla 2018

Sundfélagið Óðinn hélt aðalfund sinn í Teriunni í Höllinni 14. maí 2018. Einar Hólm Davíðsson og Ómar Kristinsson gáfu ekki kost á sér til frekari stjórnarsetu, þeirra í stað komu Kristjana Pálsdóttir og Vilhjálmur Ingimarsson. Hildur Friðriksdóttir var endurkjörin formaður á fundinum. Önnur embætti skipa, Halla Björk Garðarsdóttir, gjaldkeri, Arnar Logi Björnsson, ritari, Kolbrún Sigurgeirsdóttir, varaformaður, Lísu Björk Gunnarsdóttir, meðstjórnandi, Kristjana Pálsdóttir, meðstjórnandi og Vilhjálmur Ingimarsson, meðstjórnandi.



Uppskeruhátíð fyrir árið 2017

Árið hófst að venju með uppskeruhátíð fyrir árið sem leið. Hún var haldin hátíðleg laugardaginn 6. janúar í Brekkuskóla. Þar var farið yfir árangur liðins árs og sundmenn heiðraðir. Þeir iðkendur sem settu Akureyarmet og unnu til Íslandsmeistaratitla fengu viðurkenningar fyrir frábæran árangur. Þá fengu yngri iðkendur viðurkenningar fyrir ástundun og mestu framfarir. Félagið hélt uppteknum hætti og tilnefndi sundkonu og sundkarl félagsins. Urðu Bryndís Rún Hansen og Snævar Atli Halldórsson hlutskörpust að þessu sinni.

Helstu mót

Félagið sendi iðkendur á fjölda móta á árinu 2018. Sundárið hófst á Nýársmóti ÍF þar sem að Óðinn átti nokkra fulltrúa. Stuttu síðar var haldið á Reykjavík International Games sem er alþjóðlegt mót haldið í Laugardalslaug. Þar hlutu iðkendur Óðins tvenn bronsverðlaun. Því næst var ferðinni haldið á Gullmót KR en þangað heldur myndarlegur hópur ár hvert frá félaginu. Alls tóku 43 iðkendur þátt frá félaginu á mótinu og unnu samtals til 17 verðlauna. Á sama tíma fóru iðkendur félagsins með skilgreinda fötlun á mót í Malmö. Alls átti félagið sex iðkendur á mótinu og rökuðu þeir inn verðlaunum. Um svipað leiti hélt Sundfélagið Óðinn sitt árlega Gullmót fyrir yngstu hópana. Var það haldið í Glerárlaug að venju. Þessi skemmtilega hefð hefur reynst vel og setur skemmtilegan svip á sundár þeirra hópa sem taka þátt.

Slík má líka segja um árlegt Páskamót. Allir þátttakendur fá verðlaun fyrir góðan árangur. Til viðbótar við mótin er sundár krakkanna brotið upp með árlegum Sjóræningjadegi og Jólasundi. Í apríl byrjun hélt félagið til Hafnarfjarðar og tók þátt í Ásvallamóti SH. Sóttu iðkendur félagsins 15 verðlaun á mótið sem var gott veganesti fyrir Íslandsmótið í 50 m laug sem haldið var í Laugardalslaug undir lok sama mánaðar.

Þar höfðu 17 keppendur unnið sér þátttökurétt. Hlaut félagið þrenn verðlaun á mótinu. Samhliða mótinu fór ÍM50 fatlaðra fram á sama tíma. Þar tóku þrír iðkendur þátt undir merkjum Óðins. Þeir nældu sér í 14 verðlaun sem verður að teljast frábær árangur. Undir máí lok fór Ránarmótið fram. Þetta árið fór það fram í Sundhöll Siglufjarðar vegna framkvæmda í lauginni á Dalvík. Þar stigu margir sundmenn sín fyrstu skref á mótum og öðluðust dýrmæta keppnisreynslu. Í júníbyrjun var haldið á Akranesleikana. Þar mættu 43 galvaskir iðkendur og unnu til 53 verðlauna og höfðu í 3. sæti í stigakeppni liða. Þar að auki vann félagið sér inn Brosbikarinn fyrir þrúðasta liðið. Seinasta sundmót sundársins var að venju Aldursflokkameistaramót Íslands (AMÍ). Mótið er fyrir alla yngri sundmenn sem ná tilskildum lágmarkum á mótið. Að þessu sinni var það haldið á Akureyri. Þar tóku 29 sundmenn þátt og hlutu samtals 11 verðlaun.

Næsta sundár byrjaði með Sprengimóti Óðins um miðjan september. Var góð mæting annarra félaga á mótið en sundmenn frá Óðni, Fjölni, ÍA, Völsungi, Ægi og Rán öttu þar kappni. Var almenn ánægja með framkvæmd mótsins. Eftir nokkurra ára pásu frá Bikarkeppni SSÍ var ákveðið að mæta með þrjár sveitir á mótið, tvær í kvennadeild og eina í karladeild. Allar sveitirnar tóku þátt í 2. deild og var frammistaðan frábær. A-sveit kvenna gerði sér lítið fyrir og vann sér inn þátttökurétt í 1. deild að ári með sigri í 2. deild. Í október var haldið á Extramót SH þar sem 26 iðkendur unnu til jafnmargra verðlauna. ÍM ófatlaðra og ÍM fatlaðra í 25 m laug var haldið samtímis líkt og í 50m laug. Alls fóru 18 iðkendur á mótið og unnu til 13 verðlauna, þar af níu í flokki fatlaðra. Desembermót Óðins var haldið 8. desember. Heldur óvenjulegt var um að lítast á bakka sundlaugarinnar þar sem ekkert frost var að þessu sinni. Á mótið mæta jafnan margir iðkendur og er mikilvægt fyrir yngri iðkendur að hafa slíkt mót í heimabyggð til þess að geta tekið þátt og öðlast keppnisreynslu.



Mótahald Óðins

Félagið hélt þrjú mót á árinu 2018. AMÍ í júní sem var vel sótt af liðum og aðstandendum víða að af landinu. Þá hélt félagið tvö árleg mót sín. Annarsvegar Sprengimót Óðins í september og Desembermótið í desember. Góð þátttaka var á mótum félagsins sem er ómetanlegt fyrir félagið og iðkendur þess.

Almennt um starfið

Líkt og undanfarin ár var árangur iðkenda frábær og margar góðar ferðir gerðar á mót. Þar að auki var að sjá miklar framfarir iðkenda á æfingum sem skiluðu sér svo sannarlega. Þjálfarar félagsins unnu gott starf á árinu, líkt og fyrr ár. Það er ómetanlegt fyrir félagið að hafa gott þjálfarateymi til að sinna þjálfun og leitast félagið eftir því að hafa vel menntaða einstaklinga í öllum hlutverkum. Þar að auki tekur félagið þátt í þjálfaramenntun iðkenda og þjálfara eftir fremsta megni bæði með kvatningu og fjárútlátum eftir tilvikum. Iðkendur félagsins eru í stöðugri sókn og mikill efniviður til staðar innan félagsins. Efnilegir sundmenn eru að vaxa úr grasi innan félagsins og er metnaður félagsins að þeir standi jafnfætis jafnöldrum og keppinautum sínum á mótum og í keppni.

Þrátt fyrir að árangur iðkenda félagsins hafi á árinu verið frábær má ekki líta framhjá því að núverandi aðstaða félagsins er sprungin. Þeir hópar sem æfa í Glerárlaug eru sífellt vaxandi auk þess sem brottfall úr þeim hópi er töluvert þegar kemur að því að færa sig úr innilaug í útilaug þegar iðkendurnir eldast. Stjórn, þjálfarar og aðrir sem koma að félaginu mun halda áfram baráttu sinni fyrir yfirbyggðri 50m keppnislaug sem myndi verða mikil búbot fyrir félagið. Á það við um alla aldurshópa iðkenda, hvort sem er fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref eða afreksmenn. Slík laug myndi einnig bæta aðstöðu fyrir almenning til muna þar sem æfingar félagsins myndi færa inn og búa til aukið rými í núverandi laug auk þess sem almenningur hefði aðgang að innilauginni utan æfingatíma. Þá myndi það jafnframt hafa góð áhrif á skólasund í bænum þar sem hægt væri að færa það inn.

Innra starf félagsins verður þó áfram megin áhersla félagsins. Árangur félagsins er ekki metinn í gullpeningum og metum heldur því hvernig við undibúum iðkendurna fyrir framtíðina, hvort sem er sem íþróttamenn eða einstaklinga. Er það eitt af meginmarkmiðum félagsins. Önnur félög horfa á faglegan árangur félagsins með aðdáun þegar tekið er tillit til þröngrar aðstöðu félagsins.



Sundfélagið Óðinn Ársskýrsla 2019

Aðalfundur Sundfélagsins Óðins var haldinn í Teríunni í Íþróttahöll Akureyrar þann 10. apríl 2019. Miklar breytingar urðu á stjórn félagsins. Kolbrún Sigurgeirsdóttir, Kristjana Pálsdóttir og Lísu Björk Garðarsdóttir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu auk þess sem Hildur Friðriksdóttir, formaður, gaf ekki kost á sér áfram. Arnar Logi Björnsson bauð sig einn fram til formanns. Í önnur laus sæti voru kosin Finnur Víkingsson, Bergdís Ösp Bjarkadóttir, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir og Kristjana Kristjánsdóttir. Stjórn félagsins árið 2019-2020 skipa því Arnar Logi Björnsson, formaður, Halla Björk Garðarsdóttir, gjaldkeri, Kristjana Kristjánsdóttir, ritari, Vilhjálmur Ingimarsson, varaformaður og meðstjórnendurnir Bergdís Ösp Barkardóttir, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir og Finnur Víkingsson. Þá var Anna Guðrún Árnadóttir kosin varamaður í stjórn félagsins.

Uppskeruhátíð sundársins 2018

Líkt og undanfarin ár hófst árið 2019 með uppskeruhátíð fyrir árið sem leið. Þar koma iðkendur og fjölskyldur þeirra saman til að fagna árangri liðins árs. Hún var haldin í sal Lundaskóla 11. janúar 2019. Það voru iðkendur sundskólans heiðraðir, yngri iðkendur fengu ástundunar- og framfaraviðurkenningar auk þess sem eldri iðkendur fengu afreksviðurkenningar. Þá voru Elín Kata Sigurgeirsdóttir og Snævar Atli Halldórsson útnefnd sundkona og sundkarl ársins.

Helstu mót og viðburðir

Fyrsta mót ársins að þessu sinni var Reykjavík International Games, RIG. Mótið er sterkt aðþjóflegt mót þar sem keppendur koma víða að. Félagið átti nokkurn fjölda iðkenda á mótinu og vann til þriggja silfuverðlauna á mótinu. Árlegt Gullmót Óðins var haldið í Glerárlaug í byrjun febrúar. Þar mæta allir iðkendur sundskólans og synda fyrir framan áhorfendur. Er þetta mikilsmetið uppbrot á sundárinu ásamt því að Páskamótið, Sjóráningjasundið og Jólasundið setja mikinn svip á sundár yngstu iðkendanna. Næsta verkefni ársins var Gullmót KR. Þangað mætti 40 manna hópur iðkenda og

unnu alls til 13 verðlauna. Um miðjan febrúar fór fram ein helsta fjáröflun félagsins þegar Sólarhringssund félagsins fór fram. Þar mæta flestir hópar í Akureyrarlaug og synda boðsund í heilan sólarhring. Að þessu sinni tóku Höfrungar, Krókódílar, Krossfiskar, Framtíðar-, Úrvals- og Afrekshópur þátt ásamt þjálfurum, stjórnarmeðlimum og foreldrum. Í mars var haldið á Ásvallamót SH í Hafnarfirði. Iðkendur félagsins stóðu sig eins og hetjur. 31 iðkandi mætti á mótið og nældu sér í 15 verðlaun á mótinu. Í apríl byrjun ÍM50 var haldið í Laugardalslaug. 17 keppendur höfðu unnið sér inn þátttökurétt á mótinu og unnu til átta verðlauna. Tveim vikum síðar fór ÍM50 fatlaðra fram. Þar tóku tveir iðkendur þátt á vegum Óðins. Stóðu þær sig frábærlega en þær syntu hvor um sig tvær greinar.

Yfir páskana var farið í æfingarbúðir til Sabadell á Spáni. Þrátt fyrir smávægilega örðuleika í upphafi ferðar skemmtu iðkendur sér vel og mættu tvíefldir til baka, tilbúnir í komandi átök. Lionsmót Ránar var haldið 11. maí á Dalvík. Þar voru margir iðkendur félagsins að stíga sín fyrstu skref í keppni og er það ómetanlegt fyrir yngstu keppnishópa félagsins. Akranesleikarnir fóru fram mánadámótin maí/júní. 29 sundmenn mættu og komu aftur heim með 41 verðlaun í heildina auk þess sem Brosbikarinn vannst annað árið í röð. Aldursflokkameistaramót Íslands fór fram í Reykjanesbæ sumarið 2019. Þangað fór 23 manna hópur og komust sex iðkendur á verðlaunapall með alls 11 verðlaun. Sprengimóti Óðins var alýst haustið 2019

og var farið í æfingarbúðir á Laugar þess í stað. Þangað mættu iðkendur úr Framtíðar-, Úrvals- og Afrekshópi. Þar fóru þjálfarar yfir markmiðasetningu og æfðu grimmt með hópnum. Með í för voru nokkrir iðkendur úr Fjölni og Völsungi. Extramót SH var um miðjan október. Á mótinu unnust 11 verðlaun og tóku 26 iðkendur þátt frá Óðni. ÍM í 25 m laug var haldið í nóvember og höfðu 11 keppendur unnið sér inn þátttökurétt. Margir náðu góðum bætingum á mótinu auk þess sem ein bronsverðlaun komu með heim. Seinnar í nóvember var í fyrsta sinn farið á Fjölnismótið. Þar gafst iðkendum í yngri keppnishópum félagsins kostur á að fara í keppnisferð á vegum félagsins.



Mótahald Óðins

Félagið hélt engin mót á árinu. Fyrir það fyrsta flakkar AMÍ á milli landshluta og er ýmist annað eða þriðja hvert ár á Akureyri. Sprengimótinu verð að fresta vegna óviðráðanlegra orsaka. Þá reyndist ekki unnt að halda Desembermótið þetta árið þar sem miklar frosthörkur gerðu allt mótahald ómögulegt í Akureyrlaug og er ekki boðlegt að bjóða iðkendum upp á að standa á ráspalli þegar frost er svona mikið. Þar að auki þolir tæknibúnaður illa að standa úti í frosti.

Almennt um starfið

Árið var mjög viðburðaríkt og á mörgu að taka. Mikil endurnýjun varð í stjórn félagsins sem hefur í för með sér breytingar eins og gefur að skilja. Eitt af fyrstu verkum nýrrar stjórnar var að fara á fullt í leit af nýjum yfirþjálfara þar sem Ragnheiður Runólfsdóttir, Ragga, hafði tilkynnt féluginu að hún myndi ekki halda áfram. Úr varð að Ingi Þór Ágústsson var ráðinn sem yfirþjálfari í júní og Pétur Örn Birgisson var fenginn til að vera honum innan handar. Með nýjum þjálfurum koma nýjar áherslur og hefur liðið haldið áfram að vaxa og dafna ofan á grunninn sem Ragga skildi eftir við starfslok.

Á sundárinu hefur borið virkilega á þeim annmörkum sem eru á núverandi aðstöðu félagsins. Aldrei hefur þurft að fella niður jafn margar æfingar og haustið/veturinn 2019. Þar spilar inn í mikil frostið og hafði það jafnframt áhrif á mótahald félagsins þegar Desembermót Óðins féll niður. Þá er meðal aldur félagsins sífellt að lækka þar sem eldri iðkendur sem huga að frekari frama í sundíþróttinni fara til annarra bæjarfélaga eða landa til þess að komast í betri aðstöðu. Þá eru allir tímar sem féluginu stendur til boða fyrir sundskólann löngu orðnir yfirfullir og hefur farið svo að laugartími iðkenda minnkar til þess að hægt sé



að koma fleiri iðkendum fyrir í einhverja sundkennslu. Þetta á við um bæði Glerárlaug og Akureyrlaug.

Félagið fékk í fyrsta sinn úthlutað öllum brautum sundlaugarinnar í Akureyrlaug og varð það til að bæta aðstöðu félagsins. Það breytir því þó ekki að þörfin fyrir 50 m yfirbyggða sundlaug er ennþá til staðar. Sundárið skiptist í tvö tímabil. Fyrri helmingur þess fer fram í 25 m laug og síðari helmingurinn í 50 m laug. Þar af leiðandi gefst iðkendum félagsins ekki kostur á því að æfa í sambærilegri laug og keppt er í hálf tímabilið. Af þeim sökum verður stærsta markmið félagsins, líkt og fyrri ár, að berjast fyrir bætri aðstöðu.

Félagið leggur mikið upp úr því að hafa menntaða þjálfara í öllum þjálfarastöðum og er sífellt að leita leiða til að bæta þekkingu þeirra þjálfara sem sinna þjálfun fyrir félagið. Til að mynda tekur félagið þátt í kostnaði við þjálfaranámskeið fyrir þá sem því óska eftir. Þá er markmið félagsins ávallt að styrkja iðkendur til frambúðar sem einstaklingar hvort sem þeir haldi áfram að stunda sundíþróttina af krafti eða ekki. Viljinn til að koma öflugum einstaklingum út í samfélagið er mikill enda skila slíkir aðilar oft af sér góðu starfi fyrir íþróttahreyfinguna með einhverju móti þegar fram líða stundir.



Stofnað 1937

Svifflugfélag Akureyrar Ársskýrsla 2018

Stjórn:

Sigtryggur Sigtryggsson, formaður.
Jónas Hallgrímsson, varaformaður.
Baldur Þorsteinsson, gjaldkeri.
Jón Magnússon, ritari.
Bragi Snædal, meðstjórnandi.

Varamenn:

Gunnar Ingi Láruson.
Sindri Ólafsson.

Staða svifflugs á Akureyri

Árið 2012 urðu mikil umskipti á starfi félagsins. Þá lagðist af hefðbundin svifflugstarfsemi á Melgerðismelum sem

stunduð hefur verið samfelt frá stofnun félagsins 1937. Þess í stað var keypt dýr mótorsviffluga sem er blendingur af flugvél og svifflugu. Það var fækkun meðlima og almennt tímaleysi félagsmanna sem gerði þessa umbreytingu nauðsynlega. Mótorsvifflugan er gerð út frá Akureyrlflugvelli. Félagsmenn geta skroppið í flug þegar þeim hentar en þurfa ekki að treysta á hópinn eins og áður var. Mótorsvifflugan er talsvert þyngri og klunnalegri en gömlu rennilegu svifflugurnar, en þó er hægt að svífa talsvert á henni með dautt á mótór þegar uppstreymi er nægjanlega sterkt. Hefðbundið svifflug á Sandskeiði lifir enn góðu lífi og því höfum við norðlendingar möguleika á að fara á Sandskeið og rifja upp gamla takta.

Enn lifir draumurinn um að geta iðkað svifflug norðanlands á hreinræktuðri svifflugu með fulla svifeiginleika.

Miklar framfarir hafa verið í þróun svifflugna með léttum rafmótor, þær eru enn sem komið er mjög dýrar, en við fylgjumst með þróuninni með opnum hug.

Starfsemin sumarið 2018

Vel viðraði til flugs um sumarið og var talsvert flogið á mótorsvifflugunni, bæði mót-orflug og svifflug, þar sem drepíð er á mót-or og svifið um í uppstreymi. Suð-vestan átt gefur jafnan bestu svifflugskilyrðin í Eyja-firði, þá skriður vindur upp hlíðarnar og hægt að sviffljúga utan í fjallshlíðunum. Auk þess myndast oft fjallabylgjur hlémegin við fjöllin. Í Garðsárdal eru sérstaklega góð skilyrði til bylgju-flugs. Allgóð flug náðust sumarið 2018 við þessi skilyrði.

Samgangur við vélflugmenn er talsverður og hefur aukist eftir að félagið umbreyttist við kaup á mótorsvifflugum. Svifflugmenn taka jafnan þátt í árlegri flughátíð sem haldin er á Akureyri og Melgerðismelum um Jónsmessu og tókst hún ágætlega sumarið 2018.



Góðir gestir á ferð

Eins dauði er annars brauð. Sumarið var með afbrigðum votviðrasamt og leiðinlegt á suðvesturhorninu. Annað árið í röð flúðu sunnlendingar norður til okkar með eina mjög góða tveggja manna svifflugum og voru með hana hér í hálf-an mánuð. Nýttum við norðlendingar margir tækifærið og skruppum í flug með sunnlenskum félögum okkar á þeirra kostagrip.



Stofnað 1937

Svifflugfélag Akureyrar Ársskýrsla 2019

Stjórn:

Sigtryggur Sigtryggsson, formaður.
Jónas Hallgrímsson, varaformaður.
Baldur Þorsteinsson, gjaldkeri.
Jón Magnússon, ritari.
Bragi Snædal, meðstjórnandi

Varamenn:

Gunnar Ingi Láruson.
Sindri Ólafsson.

Starfsemin sumarið 2019

Veðurfarið sumarið 2019 var þveröfugt við sumarið 2018. Nú var einmuna blíða fyrir sunnan og mikil aukning í flugi hjá félögum okkar á Sandskeiði, en kalsalegt veður nær allt sumarið hjá okkur fyrir norðan. Mótorsvifflugan okkar flaug minna en áður. Það var mikið lán að á þessu leiðinda sumri var reyndar prýðilegt veður um jónsmessu-helgina þegar árleg flughátíð er haldin hér fyrir norðan og gátu vélflugmenn og svifflugmenn notið veðurbliðunnar. Suðvestan-áttin með sínum fjallabylgjum lét lítið sjá sig allt sumarið en auðvitað reyndu einstaka menn að grípa tækifærið og glíma við uppstreymið þá daga sem færi gafst. Um miðjan júlí flaug formaður félagsins á mótorsvifflugunni suður á Hellu og tók þátt í flughátíð sem þar var haldin.

Hitauppstreymi frá Vaðlaheiðargöngum?

Síðla sumars var reyndur svifflugmaður að rembast við svifflug í veikun uppstreymi. Hann þurfti að „svindla“ og setja mótórin gang af og til. En allt í einu finnur hann allsterkt hitauppstreymi og flýgur hring eftir hring yfir sama blettinum í hátt í klukkutíma. Eftir flugið rann það upp fyrir honum að þetta hlýtur að hafa verið hitaupp-



streymi frá gangnamunna Vaðlaheiðarganga. Það passar við staðsetningu, vindstyrk og stefnu. Ekki eru allir trúðir á þessa skýringu svo nú er um að gera að sannreyna þessa tilgátu næsta sumar.

Norrænt svifflugþing í Laugardal

Á hverju hausti er haldið sameiginlegt þing norrænu svifflugsambandanna. Þingið færir milli norðurlandanna eftir fastri röð og haustið 2019 var röðin aftur komin að Íslandi. Þingið var haldið í húsakynnum ÍSÍ helgina 6.-8. september og tóks mjög vel. SFA átti tvo fulltúa.

Hvar eru konurnar?

Allt frá upphafi svifflugs í heiminum hafa svifflugkonur verið miklu færri en karlar. Eins er það á Íslandi. Nú er sænska svifflugsambandið búið að fá gult, eða eiginlega rauðgult spjald frá sænsku Íþróttahreyfingunni. Þeim verður einfaldlega sparkað útúr Íþróttasambandi Svíþjóðar ef þeim tekst ekki að jafna kynjahlutföllin sómasamlega á fáeinum árum. Það þarf að koma til kraftaverk ef þetta á að takast. Þess má að lokum geta að fyrir ári síðan var kona í fysta sinn kjörinn formaður Svifflugfélags Íslands og þykir hún hafa staðið sig prýðilega og blásið nýjum krafti í svifflugstarfið.



Stofnað 1988

Ungmennafélag Akureyrar Ársskýrsla 2018

Ungmennafélag Akureyrar, var stofnað 5. apríl 1988 og voru stofnfélagar tæplega 60. Tilgangur félagsins er að efla frjálsar íþróttir á Akureyri, þroska félagsanda og stuðla að heilbrigðu lífni. Í dag eru virkir iðkendur í frjálsum íþróttum um 80 og rúmlega 100 í langhlaupadeild.

Aðalstjórn kosin á aðalfundi 2018:

Þórhallur Músson, formaður.
Hjalti Jónsson, varaformaður.
Anna Krístrún Sigurpálsdóttir, gjaldkeri.
Elsa María Guðmundsdóttir, ritari.
Árný Þóra Ármannsdóttir, meðstjórnandi.
Hafðís Sigurðardóttir, meðstjórnandi/fulltrúi iðkenda.

Skoðunarmaður reikninga:

Guðmundur Víðir Gunnlaugsson.

Stjórn Langhlaupadeildar:

Rannveig Oddsdóttir, formaður.
Sara Dögg Pétursóttir, meðstjórnandi.
Anna Berglind Pálmadsdóttir, meðstjórnandi.
Anton Örn Brynjarsson, meðstjórnandi.

Fundahöld

Aðalfundur

Aðalfundur UFA var haldinn miðvikudaginn 13. febrúar 2019 í kaffiteríu Íþróttahallarinnar á Akureyri og voru fundargestir um 40. Fundarstjóri var Ómar Kristinsson, fundarritari var Elsa María Guðmundsdóttir. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf. Gestur fundarins var Haukur Valtýsson formaður UMFÍ og ávarpaði hann fundinn. Úr stjórn gengu Anna Krístrún Sigurpálsdóttir og Árný Þóra Ármannsdóttir. Ný stjórn var kosin og hana skipa: Þórhallur Músson, Hjalti Jónsson, Elsa María Guðmundsdóttir, Jóna Jónsdóttir og Sigurður Magnússon. Í varastjórn

voru kosin Jón Kjartan Jónsson og Rósa Dagný Benjamínsdóttir.

Stjórnarfundir

Stjórnarfundir voru 10 talsins á milli aðalfunda félagsins. Þá voru fjölmörg mál rædd og afgreidd með hjálp samfélagsmiðla. Stjórnarfundir fóru að mestu fram í Hamri en nokkrir fóru einnig fram á Bláu könnunni til tilbreytingar.

Starf stjórnar

Stjórn UFA sér um daglegan rekstur félagsins. Fá aðstöðu til æfinga inni og úti, útbúa æfingatöflu í samráði við þjálfara, ráða þjálfara, ákveða og innheimta æfingagjöld, greiða laun þjálfara, skipuleggja mót á vegum UFA og ferðir á önnur mót sem iðkendur sækja, sækja um styrki til fyrirtækja, skila inn skýrslum til FRÍ, UMFÍ og ÍBA. Einnig heldur stjórnin úti heimasíðu og sér um að uppfæra hana, sækir fundi og þing ÍBA, FRÍ og UMFÍ. Stjórnin sér um alla áætlanagerð og um að halda mót FRÍ og UMFÍ og að halda félaginu inni sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Stjórn óskar eftir kaupum og endurnýjun á áhöldum, dýnum og fleira fyrir frjálsíþróttavöllinn og Bogann til æfinga og keppni. Stjórnin sér einnig um að fá sjálfbóðaliða á mót, foreldraráð, mótanefndir, meistaraflokksráð, Gautaborgarnefnd o.fl.

Þjálfaramál

Unnar Vilhjálmsson, Guðmundur Hólmar Jónsson og Arnar Vilhjálmsson höfðu yfirumsjón með inniæfingum veturinn 2017-2018 og nutu einnig aðstoðar eldri iðkenda. Unnar Vilhjálmsson og Guðmundur Hólmar Jónsson höfðu yfirumsjón með útiæfingum á Þórsvelli sumarið 2018 og nutu auk þess aðstoðar Sonju Sif Jóhannsdóttir, Kolbeins Haðar Gunnarssonar og fleiri. Veturinn 2018-2019 eru það svo Unnar, Guðmundur Hólmar og Arnar sem hafa yfirumsjón með æfingum í Boganum.



UFA dagurinn

UFA dagurinn var haldinn að venju við Hamar og samhliða honum var haldið innannfélagsmót á Þórsvelli.

Mót

UFA hélt 3 mót á árinu. 2 inni og 1 úti. Í apríl var Akureyrarmótið innannhúss haldið í Boganum og voru keppendur 106 talsins. Akureyrarmótið utanhúss var haldið í júlí og mættu 85 keppendur til leiks en samhliða mótinu var haldið Íslandsmót fatlaðra. Í Nóvember var svo haldið Minningarmót Ólivers en þar mættu 116 keppendur til leiks. Iðkendur á vegum UFA tóku svo að vanda þátt í öllum helstu frjálssípróttamótum á árinu innan sem utanhúss. Íslandsmót, bikarmót, fjölþrautamót auk unglingalandsmóts UMFÍ. Langhlaupadeildin var einnig iðinn við kolann og meðlimir hennar fjölmenntu á fjölmörg hlaup bæði innanlands og utan. Mjög góður árangur náðist í Laugavegshlaupinu, UFA á Íslandsmeistara kvenna bæði í hálfu og heilu maraþoni auk mjög góðs árangurs nokkurra einstaklinga í sk ofurhlaupum. Báðar deildir standa saman að nokkrum hlaupum yfir árið ss. Gamlárshlaupinu, 1.mai hlaupinu og Akureyrarhlaupinu sem jafnframt er Íslandsmót í hálfmaraþoni.

Íslandsmeistarar UFA 2018 voru 16 með 38 titla samanlagt:

Hafðís Sigurðardóttir. Langstökk innan og utanhúss og 30-34 ára. 100 m 30-34 ára. Þristökk utanhúss.
Gunnar Eyjólfsson. Langstökk innannhúss.
Raguel Pino Alexanderson. 200 m hlaup, 400 m hlaup, 60 m grind og langstökk innannhúss. Hástökk, Stangarstökk, langstökk og þristökk utanhúss.

Tugþraut 16-17 ára:

Sara Ragnheiður Kristjánsdóttir 60 m hlaup, 200 m hlaup og langstökk innannhúss.
Sunna Þórhallsdóttir hástökk innannhúss.
Hrönn Kristjánsdóttir 200 m boðhlaup innannhúss.
Selma Hrönn Elvarsdóttir 200 m boðhlaup innannhúss.
Katrín Dóra Jónsdóttir 200 m boðhlaup innannhúss.
Sigurlaug Anna Sveinsdóttir 200 m boðhlaup innannhúss.
Andrea Björg Hlynsdóttir 60 m grind innannhúss.
Róbert Mackay 60 m innannhúss, 60 m og langstökk utanhúss.
Anna Sofia Rappich 60 m, 200 m, langstökk og hástökk innannhúss.

35-39 ára:

Heiðrún Sigurðardóttir, langstökk og kúluvarp.

55-60 ára:

Unnar Vilhjálmsson, kúluvarp.

35-39 ára:

Guðmundur Hólmar Jónsson, kúluvarp og spjótkast.
Anna Berglind Pálmadóttir, maraþon og hálfmaraþon.

Landsliðsmenn UFA 2018:

Hafðís Sigurðardóttir.
Raguel Pino Alexanderson.
Þorbergur Ingi Jónsson.
Anna Berglind Pálmadóttir.
Rannveig Oddsdóttir.
Sigríður Einarsdóttir.

Íslandsmet 2018:

Baldvin Magnússon Aldursflokkamet í 3000 m hlaupi.

Viðurkenning fyrir vel unnin störf fyrir UFA, veitt á aðalfundi 2019:

Sigurður Magnússon.



Stofnað 1988

Ungmennafélag Akureyrar Ársskýrsla 2019

Ungmennafélag Akureyrar, var stofnað 5. Apríl 1988 og voru stofnfélagar tæplega 60. Tilgangur félagsins er að efla frjálsar íþróttir á Akureyri, þroska félagsanda og stuðla að heilbrigðu lífni. Í dag eru virkir iðkendur í frjálsum íþróttum um 80 og rúmlega 100 í langhlaupadeild.

Aðalstjórn kosin á aðalfundi 2019:

Þórhallur Músson, formaður.
Hjalti Jónsson, varaformaður.
Jóna Jónsdóttir, gjaldkeri.
Elsa María Guðmundsdóttir, ritari.
Sigurður Magnússon, meðstjórnandi.
Hafðís Sigurðardóttir, meðstjórnandi/fulltrúi iðkenda.

Skoðunarmaður reikninga:

Guðmundur Viðir Gunnlaugsson

Stjórn Langhlaupadeildar:

Rannveig Oddsdóttir, formaður.
Sara Dögg Pétursdóttir, meðstjórnandi.
Anna Berglind Pálmadóttir, meðstjórnandi.
Anton Örn Brynjarsson, meðstjórnandi.

Fundahöld

Aðalfundur

Aðalfundur UFA var haldinn miðvikudaginn 19. febrúar 2020 í kaffiteríu Íþróttahallarinnar á Akureyri og voru fundargestir um 25. Fundarstjóri var Sigurður Magnússon, fundarritari var Elsa María Guðmundsdóttir. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf. Úr stjórn gengu Þórhallur Músson, Hjalti Jónsson og Sigurður Magnússon. Ný stjórn var kosin og hana skipa: Elsa María Guðmundsdóttir, Jóna Jónsdóttir, Rósa Dagný Benjamínsdóttir og Kristín Sóley Björnsdóttir. Í varastjórn voru kosin Jón Kjartan Jónsson og Kristín Sóley Björnsdóttir.

Stjórnarfundir

Stjórnarfundir voru 8 talsins á milli aðalfunda félagsins. Þá voru fjölmörg mál rædd og afgreidd með hjálp samfélagsmiðla. Stjórnarfundir fóru að mestu fram í Hamri en nokkrir fóru einnig fram á Bláu könnunni til tilbreytingar.

Starf stjórnar

Stjórn UFA sér um daglegan rekstur félagsins. Fá aðstöðu til æfinga inni og úti, útbúa æfingatöflu í samráði við þjálfara, ráða þjálfara, ákveða og innheimta æfingagjöld, greiða laun þjálfara, skipuleggja mót á vegum UFA og ferðir á önnur mót sem iðkendur sækja, sækja um styrki til fyrirtækja, skila

inn skýrslum til FRÍ, UMFÍ og ÍBA. Einnig heldur stjórnin úti heimasíðu og sér um að uppfæra hana, sækir fundi og þing ÍBA, FRÍ og UMFÍ. Stjórnin sér um alla áætlanagerð og um að halda mót FRÍ og UMFÍ og að halda félaginu inni sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Stjórn óskar eftir kaupum og endurnýjun á áhöldum, dýnum og fleira fyrir frjálsíþróttavöllinn og Bogann til æfinga og keppni. Stjórnin sér einnig um að fá sjálfbóðaliða á mót, foreldraráð, mótanefndir, meistaraflokksráð, Gautaborgarnefnd o.fl.

Þjálfaramál

Unnar Vilhjálmsson, Guðmundur Hólmar Jónsson og Arnar Vilhjálmsson höfðu yfirumsjón með inniæfingum veturinn 2018-2019 og nutu einnig aðstoðar eldri iðkenda. Unnar Vilhjálmsson og Guðmundur Hólmar Jónsson höfðu yfirumsjón með útiæfingum á Þórsvelli sumarið 2019. Í lok sumars lauk Guðmundur Hólmar störfum fyrir UFA og í stað hans var Guðmundur Daði Kristjánsson ráðinn sem aðalþjálfari meistaraflokks. Veturinn 2019-2020 eru það því Unnar, Guðmundur Daði og Arnar sem hafa yfirumsjón með æfingum í Boganum.

UFA dagurinn

UFA dagurinn var haldinn að venju við Hamar og markar upphaf sumarvertíðarinnar.

Mót

UFA hélt 3 mót á árinu. 2 inni og 1 úti. Í apríl var Akureyrarmótið innannhúss haldið í Boganum og voru keppendur 96 talsins. Akureyrarmótið utanhúss var haldið í ágúst samhliða íslandsmótinu í fjölþrautum, íslandsmótinu í 10.000 m hlaupi og íslandsmóti öldunga og mættu alls 144 keppendur til leiks og má segja að þetta hafi verið stærsti viðburðurinn í frjálsum íþróttum á Akureyri á árinu. Í nóvember var svo haldið Minningarmót Ólivers en þar mættu 80 keppendur til leiks. Iðkendur á vegum UFA tóku svo að vanda þátt í öllum helstu frjálsíþróttamótum á árinu innan sem utanhúss. Íslandsmót, bikarmót, fjölþrautamót auk unglingalandsmóts UMFÍ.

Langhlaupadeildin var einnig iðinn við kolann og meðlimir hennar fjölmenntu á fjölmörg hlaup bæði innanlands og utan. Mjög góður árangur náðist í Laugavegshlaupinu og sigruðu Þorbergur Ingi og Anna Berglind Pálmadóttir hlaupið með glæsibrag. Þorbergur eftir að hafa hlaupið það tvisvar því hann hafði hlaupið úr Þórsmörk í Landmannalaugar nóttina fyrir hlaupið. Auk þeirra tóku 16 aðrir hlauparar frá UFA þátt í hlaupinu. UFA átti 3 landsliðsmenn í fjallahlaupum en það voru þau Þorbergur Ingi Jónsson,



Anna Berglind Pálmadóttir og Rannveig Oddsdóttir. Fóru þau öll til Portugal í júní til að keppa fyrir Íslands hönd á heimsmeistaramótinu í fjallahlaupum. Báðar deildir standa saman að nokkrum hlaupum yfir árið ss. Gamlárshlaupinu, 1. maí hlaupinu og Akureyrarhlaupinu sem jafnframt er Íslandsmót í hálfmarafoni.

Íslandsmeistarar UFA 2018 voru 16 með 35 titla samanlagt en þeir eru ásamt fjölda titila:

Hafðís Sigurðardóttir, 2 greinar.
 Gunnar Eyjólfsson, 1 grein.
 Ragúel Pino Alexandersson, 2 greinar.
 Kolbrá Svanlaugsdóttir, 1 grein.
 Andrea Björg Hlynisdóttir, 2 greinar.
 Selma Hrönn Elvarsdóttir, 2 greinar.
 Róbert Mackey, 2 greinar.
 Birnir Vagn Finnsson, 2 greinar.
 Dagur Máni Guðmundsson, 1 grein.
 Elena Soffía Ómarsdóttir, 1 grein.
 Guðmundur Hólmur Jónsson, 5 greinar.
 Ágúst Bergur Kárasón, 12 greinar.
 Gunnar Kristinn Jóhannsson, 11 greinar.
 Sigurður Gestsson, 1 grein.
 Jóhann Sigursteinn Björnsson, 1 grein.
 Unnar Vilhjálmsón, 5 greinar.
 Anton Örn Brynjarsson, 1 grein.
 Rannveig Oddsdóttir, 5 greinar.
 Anna Sofía Rappich, 7 greinar.

Anna Berglind Pálmadóttir, 8 greinar.
 Kristín Halldóra Kristjánsdóttir, 1 grein.
 Sigríður Björg Einarsdóttir, 5 greinar.
 Heiðrún Jóhannsdóttir, 1 grein.
 Sonja Sif Jóhannsdóttir, 3 greinar.
 Andri Teitsson, 4 greinar.
 Haukur Pálmason, 2 greinar.
 Helgi Rúnar Pálsson, 5 greinar.
 Birkir Baldvinsson, 1 grein.
 Sandra Ásgrímsdóttir, 7 greinar.
 Sigrún Lóa Kristjánsdóttir, 1 grein.
 Rósa Dagný Benjamínsdóttir, 1 grein.
 Björk Pálmadóttir, 2 greinar.
 Guðrún Nybjörg Svanlaugsdóttir, 1 grein.
 Eygló Ævarsdóttir, 3 greinar.

Landsliðsmenn UFA 2019:

Hafðís Sigurðardóttir, frjálssar íþróttir.
 Rannveig Oddsdóttir, utanvegahlaup.
 Anna Berglind Pálmadóttir, utanvegahlaup.
 Þorbergur Ingi Jónsson, utanvegahlaup.



Stofnað 1964

Ungmennafélagið Narfi Ársskýrsla 2018-2019

Ársskýrsla 2018

Árið 2018 var enginn stjórnarmaður búsettur í Hrísey þar sem ekki hafði tekist að fá nýtt fólk í stjórn. Starfsemin var því í algjöru lágmarki.

Yfir vetrartímann hafði Tinna Lind umsjón með leikjafélaga fyrir leikskólabörn einu sinni í viku.

Keypt var notað þrekhlól fyrir ræktina í íþróttamiðstöðinni af líkamsræktarstöðinni Bjargi á Akureyri.

Ákveðið var að leyfa nemendaráði Hríseyjarskóla að sjá um jólapóst á þorláksmessu.

Árlegt jólaball félagsins var haldið 26. desember þar sem gestir dónsuðu í kringum jólatré, fengu heimsókn og góðgæti frá jólasveinum og gæddu sér á kaffi, djús og vöfflum. Þökkum við þeim sem aðstoðuðu við framkvæmdina kærlega fyrir sitt framlag.

Dagatal félagsins fyrir árið 2019 með myndum frá Hrísey var gefið út og haft til sölu í Hríseyjarbúðinni.

Stjórn félagsins skipa Hrund Teitsdóttir, Ingólfur Sigfússon og Steinunn Bjarnadóttir.

Ársskýrsla 2019

Ungmennafélagið Narfi starfaði af fullum krafti þetta árið. Á vorönn stóð Tinna Lind fyrir íþróttatímum fyrir börn á leikskólaaldri og færum við henni þakkir fyrir það. Í upphafi sumars var keyptur pannavöllur, fótboltar og ný net í mörkin upp á stóra velli. Við höldum upp á þjóðhátíðardaginn í kulda og rigningu þar sem hið árlega víðavangshlaup var á sínum stað og grillaðar voru pylsur á hátíðarsvæðinu. Að þessu sinni var ákveðið að keppa í minigolfi og fótbolta á nýja pannavellinum og voru margir áhugasamir að prófa og vera með. Sambærilegt mót var haldið á Hríseyjarhátíðinni og var þáttaka góð bæði í yngri og eldri flokki. Sigurvegarar voru verðlaunaðir með gjafabréfum í Hríseyjarbúðinni.

Í júlí auglýsti félagið hjólaferðir fyrir börn þrjá daga í röð, eldri og yngri hópur og hafði Christian Freyr umsjón með hjólaferðunum. Félagið auglýsti Unglingalandsmót UMFÍ og greiddi mótsgjald fyrir iðkendur sína sem lögðu leið sína á Höfn í Hornafirði.

Sundátak var haldið á haustmánuðum. Þáttakendur áttu að synda hið minnsta 200 metra í hvert sinn í fullorðinsflokki en 50 metra í barnaflokki. Alls syntu rúmlega 30 þátttakendur um 43 kílómetra, sem er lengra en sjóleiðin frá Hrísey til Akureyrar. Veglegir vinningar voru dregnir út, bæði í barna og fullorðinsflokki.

Að loknu sundátaki hófust æfingar vetrarsins og er stjórnin í skýjunum með góða mætingu á æfingar. Hrund og Dísella sáu um íþróttaskóla fyrir börn á leikskólaaldri

alla þriðjudaga, í lok hvers tíma var boðið upp á ávaxta-stund. Íþróttatímar fyrir fullorðna voru einnig á þriðjudögum. Á fimmtudögum voru Ingólfur og Christian með Krakkafjör fyrir 6.-10. ára börn og stofnuð var félagsmiðstöðin Draumur fyrir 11.-16. ára í umsjón Díönu og Ingólfs. Sótt var um styrki fyrir félagsmiðstöðina og fékk félagið úthlutanir frá Menningar- og viðurkenningsjóði KEA og Samfélagsstyrk Norðurorku. Fjárfest var í sjónvarpi ásamt leikjatölvu, fylgihlutum og hreyfitölvuleiknum Just Dance sem naut mikilla vinsælda hjá unga fólkinu. Ýmis borðspil voru keypt auk þess sem félagsmiðstöðin fékk fússball spilaborð frá Stefnu ehf að gjöf. Færum við KEA, Norðurorku og Stefnu ehf kærlega fyrir stuðninginn.

Um miðjan desember bauð félagið krökkunum í Hrísey til Akureyrar í bíó á myndina Frozen 2.

Í lok árs gaf félagið út dagatal til styrktar félaginu með myndum frá Hrísey. Tekið var á móti jólapósti á Þorláksmessu og sáu nokkrir jólasveinar um útbörð á þeim líkt og hefð er orðin fyrir. Árleg jólatrésskemmtun félagsins var haldin annan dag jóla þar sem dans var í kringum jólatré í íþróttamiðstöðinni, jólasveinar mættu á svæðið, dónsuðu með og gáfu börnunum góðgæti. Boðið var upp á vöfflur að dansi loknum.

29. og 30. desember stóð félagið fyrir Jólaþjófi í íþróttamiðstöðinni. Fyrri daginn var boðið upp á badminton fyrir fullorðna, Just dance og íþróttir í sal fyrir 11-16 ára fyrr daginn og seinni daginn fótbolta fyrir fullorðna, Just dance og íþróttir í sal fyrir 10 ára og yngri. Mæting fór fram úr okkar björtustu vonum á alla þessa viðburði, þurftum við að tvískipta badminton hópnum þannig að sumir voru í Just dance og fússball meðan hinir voru í badminton og í fótboltanum náðist í þrjú lið. Mikil ánægja var með framtíð og allar líkur á að þetta verði endurtekið að ári.

Færum við þeim sem hafa lagt sitt að mörkum í þágu félagsins okkar bestu þakkir.

Stjórn

Stjórn félagsins skipa Hrund Teitsdóttir, formaður, Ingólfur Sigfússon, gjaldkeri og Díana Björg Sveinbjörnsdóttir, ritari.



Stofnað 1944

Íþróttabandalag Akureyrar

Ársskýrsla 2018

Síðasta ársþing ÍBA var haldið þann 23. apríl 2018 og var það 63. ársþing bandalagsins. Geir Kristinn Aðalsteinsson var endurkjörinn formaður og var ásamt stjórn kjörinn til tveggja ára. Á fyrsta stjórnarfundinum eftir ársþing skipti stjórn með sér verkum sem hér segir:

Formaður, Geir Kristinn Aðalsteinsson.
Varaformaður, Hrafnhildur Guðjónsdóttir.
Gjaldkeri, Ármann Ketilsson.
Ritari, Inga Stella Pétursdóttir.
Meðstjórnandi, Erlingur Kristjánsson.
Varamenn stjórnar eru:
Hörður Sigurharðarson og Ómar Kristinsson.

Utan 63. Ársþings ÍBA voru stjórnarfundir 12 talsins og auk þess voru haldnir tveir formannsfundir.

Aðstaða aðildarféлага ÍBA

Íþróttamannvirki bæjarins eru sjö íþróttahús, fjórar sundlaugar, skíðasvæðið í Hlíðarfjalli, knattspyrnuhöll, reiðhöll, skautahöll, tvær stúkubyggingar og bærinn kemur einig að rekstri knattspyrnugrasvalla, golfvallar og akstursvæðis í formi rekstrarstyrks. Styrkir Akureyrarbæjar í formi húsaleigu til aðildarféлага ÍBA námu 381 milljón á árinu og fyrir það er ÍBA afar þakklát fyrir, sem og önnur framlög sem bærinn veitir íþróttahreyfingunni á Akureyri ár hvert.

Um áramót voru skrifstofur ÍBA, ÍSÍ og SKÍ fluttar frá Glerárgötu upp í Íþróttahöll sem hafa gefið aðildarfélögum ÍBA mun betra aðgang að fundaraðstöðu fyrir minni sem stærri fundi.

Í Hlíðarfjalli var sumaropnun um helgar í Fjarkanum fyrir fjallahjólreiðamenn og göngufólk. Reynslan og nýtingin var góð og verður verkefninu fram haldið sumarið 2019. Jarðvegsframkvæmdir vegna nýrrar notaðrar stóla-lyftu hófust í Hlíðarfjalli sumarið 2018. Ekki tókst að ljúka framkvæmdum og uppsetningu lyftunnar árið 2018 og verður stefnt að klára verkið 2019-2020.

Framkvæmdir við nýtt gólf í íþróttasal Íþróttamiðstöðvar Glerárskóla frestuðust um ár en skipt var um körfuboltakörfur í salnum.

Í Íþróttamiðstöð Giljaskóla var sett upp nýtt anddyri inn í Íþróttamiðstöðina.

Nýir skor- og tímaklukkuskjáiir voru settir upp í Íþróttahöllinni og í Skautahöllinni.

Um sumarið fékk Hnefaleikafélag Akureyrar úthlutað norðursal Íþróttahúss Laugargötu undir sína starfsemi.

Annað úr starfinu

Í tölfræðiriti ÍSÍ 2018 kemur fram að alls voru 7.295 iðkanir skráðar hjá aðildarfélögum ÍBA árið 2017 sem er 3% minnkun á milli ára, þar af voru 62% karlar og 38% konur. Fjöldi iðkana 15 ára og yngri innan vébanda ÍBA var samtals 3.356, þar af voru 54% drengir og 46% stúlkur. Fjöldi iðkana 16 ára og eldri var samtals 3.939, þar af voru 69% karlar og 31% konur.

Í upphafi árs 2018 hækkaði frístundastyrkur fyrir 6-17 ára börn á Akureyri í 30.000 kr. Nýting frístundastyrksins var tæp 79% árið 2018.

Ný íþróttastefna Akureyrarbæjar og ÍBA var samþykkt í bæjarráði í febrúar 2018. Íþróttastefnan á að vera leiðarljós og aflvaki fyrir bæjaryfirvöld, forystumenn íþróttahreyfingarinnar og aðra íbúa til framfara og góðra verka á sviði íþróttamála og lýðheilsu. Á grundvelli hennar mun frístundaráð og stjórn ÍBA byggja aðgerðaáætlanir sínar til lengri og skemmri tíma. Nýr framkvæmdastjóri, Helgi Rúnar Bragason, er ráðinn í fullt starf.

Aðildarfélög ÍBA standa fyrir og koma að mörgum fjölbreyttum árlegum íþróttaviðburðum í íþróttamannvirkjum bæjarins, s.s. knattspyrnumótum innanhús sem úti, Andrésar Andarleikunum, Arctic Open og Akureyrarhlaupi. Af öðrum íþróttaviðburðum ársins ber helst að nefna að Bikarmót SKÍ á gönguskiðum fór fram í Hlíðarfjalli í febrúar, öldungablakmót BLÍ fór fram á Akureyri í lok apríl þar sem spilað var í KA heimilinu og í Boganum. Aldursmeistaramót Íslands í sundi fór fram í Sundlaug Akureyrar í júní. Í september var haldið Norðurlandamót í lyftingum í Íþróttahöllinni.

Nokkur íþróttafélög fögnuðu stórafmæli á árinu 2018; KA varð 90 ára, Léttir varð 90 ára, Eik varð 40 ára og UFA 30 ára.

Allan maímánuð var í gangi íþróttaviðburðurinn *Akureyri á iði* en íþróttafélög bæjarins ásamt fleirum aðilum buðu þá upp á fjölmarga viðburði þar sem bæjarbúum og gestum gafst tækifæri til hreyfingar, öllum að kostnaðarlausu. Aðildarfélög ÍBA og Kraftur perla saman í Íþróttahöllinni til styrktar Krafts og hátt í 600 Akureyringar mættu og peruðu 2.302 armbönd.

Í samstarfi við íþróttadeild Akureyrarbæjar og ÍSÍ stóð ÍBA fyrir fræðslufyrirlestri um markmiðasetningu með Sigga Ragga í desember sem haldinn var í Háskólanum á Akureyri fyrir iðkendur og foreldra.

Í tilefni af vali Íþróttamanns Akureyrar 2018 var skipuð nefnd sem sá um undirbúning og framkvæmd athafnanna. Nefndina skipuðu Inga Stella Pétursdóttir frá ÍBA, Ingvar Már Gíslason frá KA, Sigurður Skúli Eyjólfsson

frá GA, Þorgils Sævarsson frá Þór og Hildur Friðriksdóttir frá Óðni. Styrktaraðilar voru Akureyrarbær, Höldur, Blómaval, Ferðaskrifstofa Akureyrar, Flugskóli Akureyrar, Icelandair, Sportver og Gullsmiðir Sigtryggur og Pétur.

Á athöfninni Íþróttamaður Akureyrar voru Viktor Samúelsson og Hulda B. Waage, bæði úr Kraftlyftingarfélagi Akureyrar, útnefnd íþróttakarl og íþróttakona Akureyrar 2018. Á sömu athöfn voru Árna Óðinssyni,

fyrirverandi formanni Þórs, og Hrefnu G. Torfadóttur, fyrirverandi formanni KA, veittar heiðursviðurkenningar Frístundaráðs Akureyrar.

Fjöldi Íslandsmeistara voru 190 talsins á árinu 2018 og 108 einstaklingar tóku þátt í landsliðsverkefnum.

Stjórn og formaður ÍBA,

Geir Kristinn Aðalsteinsson



Stofnað 1944

Íþróttabandalag Akureyrar Ársskýrsla 2019

Stjórn ÍBA hélt 10 stjórnarfundir og tvo formannafundi á árinu.

Aðstaða aðildarfélaga ÍBA

Styrkir Akureyrarbæjar í formi húsaleigu til aðildarfélaga ÍBA námu 597 milljón á árinu 2019 skv. upplýsingum frá deildarstjóra íþróttamála Akureyrarbæjar. Það ásamt öðrum framlögum Akureyrarbæjar til íþróttamála er ÍBA afar þakklát fyrir enda nauðsynleg til þess að við getum haldið úti okkar öfluga forvarnar- og afreksstarfi í Íþróttabænum Akureyri.

Í júní hófust framkvæmdir að endurnýjun íþróttahúss Glerárskóla. Skipt var um þak á íþróttahúsinu og allt innra byrði íþróttasalarins endurnýjað, þ.m.t. sett nýtt parketgólf. Einnig voru sett tvenn ný salerni á ganginn inn í íþróttasalinn.

Um sumarið var settur upp nýr skor- og tímaklukku-skjár í Íþróttahúsi Lundarskóla.

Utanhúss hjólréiðabraut var sett upp á skólalóð Oddeyrarskóla.

Pílueld Þórs fékk úthlutað suðursal Íþróttahúss Laugargötu fyrir sína starfsemi.

Í Hlíðarfjalli voru 26 sumaropnundagar um helgar í Fjarkanum fyrir fjallahjólréiðamenn og aðra gesti sem voru samtals 2.801 sumarið 2019. Uppsetning og jarðvegs-framkvæmdir vegna nýrrar notaðrar stólalyftu hófust að nýju í Hlíðarfjalli um sumarið og var ekki lokið í árslok 2019.

Annað úr starfinu

Í tölfræðiriti ÍSÍ 2019 kemur fram að alls voru 8.380 iðkanir skráðar hjá aðildarfélögum ÍBA árið 2018 sem er 15% hækkun á milli ára, þar af voru 61% karlar og 39% konur. Fjöldi iðkana 15 ára og yngri innan vébanda ÍBA var samtals 4.271, þar af voru 55% drengir og 45% stúlkur. Fjöldi iðkana 16 ára og eldri var samtals 4.079, þar af voru 68% karlar og 32% konur.

Í upphafi árs 2019 hækkaði frístundastyrkur fyrir 6-17 ára börn á Akureyri upp í 35.000 kr. Nýting frístundastyrks var tæp 80% árið 2019.

Í janúar fór 21 keppandi á vegum ÍBA og Akureyrarbæjar til að keppa í íshokki, listhlaupi á skautum og skíðagöngu á International Childrens Winter Games í Lake Placid í Bandaríkjunum.

Ný og glæsileg heimasíða ÍBA kom í loftið í byrjun árs og ÍBA fagnaði 75 ára afmæli í árslok og varð á sama tíma Fyrirmyndarhérað ÍSÍ með formlegri innleiðingu á m.a. nýjum stefnum bandalagsins ásamt siðareglum og hegðunarviðmiðum. Einnig var skipurit og hlutverk ÍBA yfirfarin og skilgreint betur í nýrri handbók sinni.

Aðildarfélög ÍBA standa fyrir og koma að mörgum fjölbreyttum árlegum íþróttaviðburðum í íþróttamannvirkjum bæjarins, s.s. knattspyrnumótum innanhús sem úti, Andrésar Andarleikunum, Arctic Open og Akureyrarhlaupi.

Af íþróttaviðburðum sem eru ekki endilega árlegir viðburðir á Akureyri má nefna að í mars fór fram Unglingameistaramót Íslands á skíðum og bikarmót SKÍ á snjóbrettum í Hlíðarfjalli, í júlí fór fram Íslandsmeistaramótið í Fjallabruni (Downhill) í Hlíðarfjalli og í ágúst fór fram Íslandsmeistaramót í Skeet á skotvelli Skotfélags Akureyrar.

74. Íþróttapið ÍSÍ var haldið 3.-4. maí 2019 og átti ÍBA fimm fullrúa á þinginu. Slík þing eru haldin annað hvert ár og sátu framkvæmdastjóri og tveir af stjórnarmönnum ÍBA ásamt fulltrúa frá KA og SA þingið að þessu sinni.

Allan maímánuð var í gangi íþróttaviðburðurinn *Akureyri á iði* en íþróttafélög bæjarins ásamt fleirum aðilum buðu þá upp á fjölmarga viðburði þar sem bæjarbúum og gestum gafst tækifæri til hreyfingar, öllum að kostnaðarlausum.

Í samstarfi við íþróttadeild Akureyrar og ÍSÍ stóð ÍBA fyrir fræðslufyrirlestri í maí um næringu og árangur í íþróttum fyrir iðkendur og foreldra með Geir Gunnari Markússyni og svo þrjá fyrirlestira í september um jákvæð samskipti í íþróttum fyrir iðkendur, þjálfara og foreldra

með Pálmari Ragnarssyni sem haldnir voru í Háskólanum á Akureyri. Einnig var haldinn fræðslufyrirlestur af Lyfjaeftirliti Íslands ásamt grunn- og framhaldsnámskeið í Nóra og Felix í ágúst og október.

Nýjir og endurbættir rekstrarsamningar voru gerðir á árinu við Þór, KA, Létti, SA og GA um rekstur íþróttamannvirkja á félagssvæðum þessara félaga. Að auki voru gerðir þjónustusamningar við áðurnefnd íþróttafélög og Fimleikafélag Akureyrar, en slíkir samningar er nýbreyttir og fela í sér beinan fjárstyrk til að efla faglegt starf íþróttafélaganna. Í gegnum samstarfssamning við Akureyrarbæ úthlutaði ÍBA rekstrarstyrkjum til sinna aðildarfélaga sem eru ekki með þjónustusamning við Akureyrarbæ.

Í tilefni af vali íþróttamanns Akureyrar 2019 var skipuð nefnd sem sá um undirbúning og framkvæmd athafnarinna. Nefndina skipuðu Inga Stella Pétursdóttir og Hrafnhildur Guðjónsdóttir frá ÍBA, Ingvar Már Gíslason

frá KA, Jón Stefán Jónsson frá Þór og Ólöf Björg Sigurðardóttir frá SA. Styrktaraðilar voru Akureyrarbær, Höldur, Ferðaskrifstofa Akureyrar, Sportver, Blómabúð Akureyrar, Rub23, Greifinn, Strikið, Lemon, Hamborgarafabrikkan og Gullsmiðir Sigtryggur og Pétur.

Á athöfninni Íþróttamaður Akureyrar voru Viktor Samúelsson úr Kraftlyfingarfélagi Akureyrar og Aldís Kara Bergsdóttir úr listhlaupadeild Skautafélags Akureyrar, útnefnd íþróttakarl og íþróttakona Akureyrar 2019. Þá var Jóhannesi Kárasyni veitt heiðursviðurkenning frístundaráðs fyrir mikið starf í þágu skíðagönguþróttarinnar á Akureyri.

Fjöldi Íslandsmeistara voru 311 talsins og 117 einstaklingar tóku þátt í landsliðsverkefnum á árinu 2019.

Stjórn og formaður ÍBA,

Geir Kristinn Aðalsteinsson



Stofnað 1944

Íþróttabandalag Akureyrar


Ársreikningur 2018


Skýrsla og áritun stjórnar og skoðunarmanna


Stjórn Íþróttabandalags Akureyrar, staðfestir hér með ársreikning bandalagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.


Akureyri, 6. apríl 2020


Geir Kristinn Aðalsteinsson, formaður


Hrafnhildur Guðjónsdóttir, varaformaður


Ármann Ketilsson, gjaldkeri



Inga Stella Pétursdóttir, ritari


Erlingur Kristjánsson, meðstjórnandi

Við undirritaðir skoðunarmenn Íþróttabandalags Akureyrar höfum yfirfarið ársreikning bandalagsins fyrir árið 2018. Skoðun okkar hefur ekki gefið tilefni til athugasemda og leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Akureyri, 2. apríl 2020


Sveinn Torfi Pálsson


Guðmundur Bjarnar Guðmundsson

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur			
Rekstrarframlag Akureyrarbæjar		18.500.004	14.823.996
Lottó frá ÍSÍ		16.947.619	17.035.633
Framlag frá ÍSÍ		2.540.761	2.858.974
Framlag frá Getraunum		852.865	838.680
Rekstrar/afreksstyrkir Akureyrarbær		16.700.000	0
		<u>55.541.249</u>	<u>35.557.283</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld		14.445.654	5.459.540
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1	2.529.718	844.630
Úthlutun til aðildarféлага v/ lottó og styrkja		33.647.622	15.399.123
Annar rekstrarkostnaður	2	5.911.960	7.020.895
		<u>56.534.954</u>	<u>28.724.188</u>
Tap (hagnaður) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(	993.705)	6.833.095
Vaxtatekjur		394.821	349.508
Vaxtagjöld	(	151)	171
		<u>394.972</u>	<u>349.337</u>
Tap (hagnaður) ársins	(	598.733)	7.182.432

Eignir	2018	2017
--------	------	------

VELTUFJÁRMUNIR

LÍ söguritun	6.351.060	6.224.556
Bankainnstæður.....	16.733.269	10.091.742
Veltufjármunir	<u>23.084.329</u>	<u>16.316.298</u>
Eignir	<u>23.084.329</u>	<u>16.316.298</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Eigið fé frá fyrra ári	9.956.246	9.124.874
Tap (Hagnaður) ársins	(598.733)	7.182.432
Eigið fé	<u>9.357.513</u>	<u>16.307.306</u>

Skuldir

Skammtímaskuldir		
Óúthlutað úr afrekssjóði	7.000.000	0
Skuldbinding vegna LÍ söguritun	6.351.060	0
Ógreitt vegna launa.....	0	3.278
Ýmsar skammtímaskuldir.....	375.756	5.714
	<u>13.726.816</u>	<u>8.992</u>
Skuldir	<u>13.726.816</u>	<u>8.992</u>
Eigið fé og skuldir	<u>23.084.329</u>	<u>16.316.298</u>



Stofnað 1944

Íþróttabandalag Akureyrar

Ársreikningur 2019

Skýrsla stjórnar

Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA) er héraðssamband íþróttafélaga á Akureyri. ÍBA gætir hagsmuna íþróttahreyfingarinnar á Akureyri gagnvart opinberum aðilum og vinnur að styrkingu og uppbyggingu íþróttastarfsemi héraðsins. Skráð eru 22 aðildarfélög innan ÍBA og yfir 40 íþróttagreinir eru í boði fyrir iðkendur.

Rekstur ÍBA var með svipuðu móti á árinu 2019 og árið áður. Heildartekjur bandalagsins á árinu 2019 námu kr. 61,4 millj. samanborið við kr. 55,5 millj. árið 2018. Hagnaður ársins nam kr. 1,4 millj. í samanburði við kr. 0,6 millj. í tap árið 2018. Heildareignir námu í árslok kr. 21,4 millj. og eigið fé var um kr. 10,7 millj.

Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að rekstur bandalagsins verði með svipuðu móti á árinu 2020 eins og hann var á árinu 2019.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi meðferð á rekstrarniðurstöðu ársins.

Það er álit stjórnar ÍBA að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu bandalagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn ÍBA og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning bandalagsins fyrir árið 2019 með áritun sinni.

Akureyri, 6. apríl 2020

Stjórn:

Guðni K. Atalsteinn
Ólafur Kristjánsson
Ermundur Kili
Hrafnh. Guðjónsson
Ingvi Skuli Petursson

Framkvæmdastjóri:

Helgi R. Björgason

Áritun skoðunarmanna ÍBA

Við undirritaðir skoðunarmenn Íþróttabandalags Akureyrar höfum yfirfarið ársreikning bandalagsins fyrir árið 2019. Skoðun okkar hefur ekki gefið tilefni til athugasemda og leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Akureyri, 2. apríl 2020

Steinn Pálsson
Ermundur Kristjánsson

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Rekstarframlag frá Akureyrarbæ		20.498.472	18.500.004
Styrkir og önnur framlög	3	39.866.590	37.041.245
Aðrar tekjur		997.763	0
		<u>61.362.825</u>	<u>55.541.249</u>
Rekstrargjöld	4		
Úthlutanir til aðildarféлага		40.829.633	37.647.618
Laun og tengd gjöld		13.549.208	14.445.654
Annar rekstrarkostnaður		5.879.210	4.441.682
		<u>60.258.051</u>	<u>56.534.954</u>
Rekstrarhagnaður (tap)		1.104.774	(993.705)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		258.763	394.821
Vaxtagjöld og verðbætur		(3.301)	(151)
		<u>255.462</u>	<u>394.972</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>1.360.236</u>	<u>(598.733)</u>

Eignir	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Veltufjármunir			
Afrekssjóður Akureyrar		4.611.440	7.000.647
Lí söguritun		5.473.890	6.351.060
Handbært fé		11.282.425	9.732.622
		<u>21.367.755</u>	<u>23.084.329</u>
Eignir samtals		<u>21.367.755</u>	<u>23.084.329</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé	5		
Eigið fé frá fyrra ári		9.357.513	9.956.246
Hagnaður (tap) ársins		1.360.236	(598.733)
		<u>10.717.749</u>	<u>9.357.513</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Óúthlutað úr afrekssjóði		4.600.000	7.000.000
Skuldbinding vegna Lí söguritun		5.473.890	6.351.060
Ógreitt vegna launa		492.244	0
Aðrar skammtímaskuldir		83.872	375.756
		<u>10.650.006</u>	<u>13.726.816</u>
Skuldir samtals		10.650.006	13.726.816
Eigið fé og skuldir samtals		<u>21.367.755</u>	<u>23.084.329</u>

Lög Íþróttabandalags Akureyrar

1 gr.

Íþróttabandalag Akureyrar skammstafað ÍBA er héraðssamband íþróttafélaga á Akureyri. Það starfar samkvæmt lögum ÍSÍ og íþróttalögum nr. 64 frá 1998.

2 gr.

Hlutverk ÍBA er:

1. Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð er stofnuð eru fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
2. Að annast samstarf um íþróttamál við bæjaryfirvöld.
3. Að varðveita og skipta á milli félaganna því fé sem til þess hefur verið veitt.
4. Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
5. Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðsins.
6. Að staðfesta lög aðildarfélaga.
7. Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á réttum tíma skal stjórn ÍBA ef þörf krefur boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.
8. Að skipa nefnd sem sér um framkvæmd á kosningu á Íþróttamanni Akureyrar.

3 gr.

Öll félög á Akureyri sem hafa íþróttir að megin markmiði eiga rétt á að gerast aðilar að ÍBA, enda fullnægi þau þeim skilyrðum sem á hverjum tíma gilda í lögum ÍBA og ÍSÍ.

4 gr.

Óski félag eftir að gerast aðili að ÍBA, skal það senda stjórn þess umsókn sína ásamt lögum félagsins, skýrslu um stofndag og ár, stjórn þess og tölu félagsmanna.

Uppfylli félagið inntökuskilyrði þessara laga, öðlast það réttindi í ÍBA eftir að aðild þess hefur verið samþykkt af stjórn ÍBA. Ennfremur öðlast félagið keppnisrétt hjá ÍSÍ eftir að sambandið hefur staðfest inntöku í ÍBA. Stofnfund félagsins skal auglýsa með a.m.k. viku fyrirvara á sannanlegan hátt. Til þess að öðlast full réttindi sem aðildarfélag í ÍBA þ.m.t. aðgang að íþróttamannvirkjum og styrkjum, sem ÍBA veitir, þarf félagið að senda inn fjárhagsáætlanir og halda aðalfundi í samræmi við lög þess. Aðlögunartími til þess að öðlast slík réttindi skal vera 3 ár.

5 gr.

Aðildarfélög og sérráð skulu senda ársskýrslu til ÍBA fyrir 1. mars og starfsskýrslu til ÍSÍ fyrir 15. apríl ár hvert. Félög og sérráð skulu í ársskýrslu tilgreina aðalstjórn, stjórn deilda og nefnda ásamt sögulegu yfirliti yfir starfið.

6 gr.

Félög og sérráð sem ekki hafa sent tilskilin gögn sbr. 5.gr. eða ekki haldið aðalfundi sína á réttum tíma missa atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi ÍBA og missa einnig rétt til að tilnefna fulltrúa á ÍSÍ þing. Komi til þessa er stjórn ÍBA heimilt að fella niður styrk til viðkomandi aðila. Líði annað ár svo að félag geri ekki skil á skýrslum og reikningum eða ekki haldið aðalfund á réttum tíma skal stjórn ÍBA tilkynna félaginu að því hafi verið vikið úr ÍBA.

7 gr.

Félag getur misst öll réttindi sín innan ÍBA um stundarsakir ef það brýtur landslög um íþróttamál, lög og reglur eða ákvæði ÍBA, lög sambanda sem ÍBA er meðlimur í svo og leikreglur ÍSÍ og öðlast þau ekki aftur fyrr en það hefur fullnægt settum refsíákvæðum.

8 gr.

Leggi félag innan ÍBA niður starfsemi, skulu eigur þess renna til ÍBA (eða bæjarsjóðs Akureyrar hafi félagið hlotið framkvæmdarstyrk frá Akureyrarbæ).

9 gr.

Þing ÍBA skal halda annað hvert ár, eigi síðar en 30. apríl, og fer það með æðstu stjórn ÍBA.

Átta vikum fyrir þing skal stjórn ÍBA tilnefna 3. manna uppstillinganefnd.

Þingboð ásamt tillögu um lagabreytingar ef einhverjar eru skal senda aðildarfélögunum skriflega með 4 vikna fyrirvara.

Þau mál sem aðilar ÍBA óska eftir að verði á dagskrá skulu berast stjórn bandalagsins í síðasta lagi tveimur vikum fyrir þing.

Viku fyrir þing skal aðilum send ársskýrsla, skoðaðir reikningar, kjörbréf og skrá yfir fulltrúafjölda þann sem heimilt er að senda á ársþingið. Ennfremur þær tillögur sem ákveðið hefur verið að leggja fyrir þingið.

Ársþing ÍBA er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

10 gr.

Hvert aðildarfélag hefur rétt á að senda fulltrúa á þing ÍBA. Skal tala fulltrúa miðuð við fjölda félagsmanna skv. síðustu ársskýrslu þannig að félag með:

- 1 - 100 félagsmenn hljóti 2 fulltrúa.
- 101 - 250 félagsmenn hljóti 3 fulltrúa.
- 251 - 400 félagsmenn hljóti 4 fulltrúa.
- 401 - 550 félagsmenn hljóti 5 fulltrúa.
- 551-700 félagsmenn hljóti 6 fulltrúa.
- 701 og fleiri félagsmenn hljóti 7 fulltrúa.

11 gr.

Á þingi ÍBA eiga sæti með atkvæðisrétti fulltrúar þeir sem aðildarfélög ÍBA hafa kjörið til þings skv. 10 gr. sbr. þó 6 og 7 gr. svo og tveir fulltrúar frá hverju virku sérráði á bandalagssvæðinu.

Fulltrúar aðildarfélaga og sérráða innan ÍBA hafa einir atkvæðisrétt eða varamenn þeirra. Enginn fulltrúi má fara með meira en eitt atkvæði. Fulltrúi getur því aðeins farið með atkvæði, að hann hafi lagt fram kjörbréf sitt og að það hafi verið staðfest af þinginu.

Rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti hafa auk stjórnar ÍBA, framkvæmdastjórn ÍSÍ, íþróttfulltrúi ríkisins, íþróttfulltrúi Akureyrarbæjar og fulltrúi frá Vetrar-íþróttamiðstöð Íslands.

12 gr.

Dagskrá þingsins skal vera þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
3. Kosning þingforseta, þingritara og varamanna þeirra.
4. Ársskýrslur stjórnar og sérráða ræddar svo og reikningar þeirra og atkvæði greidd um þá.
5. Fyrri umræða um lagabreytingum.
6. Lagðar fram tillögur og mál sem fyrir liggja.
7. Lögð fram fjárhagsáætlun.
8. Kosið í alsherjarnefnd, fjárhagsnefnd og laganefnd, 3 menn í hverja nefnd.

ÞINGHLÉ.

9. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.
10. Kosningar og tilnefningar.
Tilnefningar í sérråd ÍBA.
Kosinn formaður ÍBA, að auki skulu kosnir 4 menn í stjórn ÍBA og 2 til vara.
Kosnir 2 skoðunarmenn.
Kosning í nefndir, er þingið ákveður.
Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing.
11. Önnur mál.
12. Þingslit.

Þingið skal standa í einn dag nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Nefndir starfi í þinghléi. Allar kosningar skulu vera skriflegar séu fleiri tilnefndir en kjósa skal. Verði atkvæði jöfn skal varpa hlutkesti.

13 gr.

Aukaþing skal halda, ef nauðsyn krefur og eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar og tilkynningarfrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt.

Á aukaþingi má ekki gera laga- eða reglnabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðbirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið

óstarfhæf. Að öðru leiti gilda sömu reglur og um venjulegt ársþing.

14 gr.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í málum sem tilkynnt hafa verið í þingboði, hvort sem er á reglulegu ársþingi eða aukaþingi. Til að taka megi mál sem ekki er getið í fundarboði á dagskrá þingsins þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

15 gr.

1. Stjórn ÍBA skiptir með sér verkum og kýs varaformann, gjaldkera og ritara. Formenn einstakra félaga, sérráða eða sérsambanda má ekki kjósa í stjórn.
2. Starfstími stjórnar ÍBA er 2 ár.
3. Stjórn ÍBA setur sér starfsreglur.
4. Stjórn ÍBA fer með umboð í málefnum ÍBA milli þinga og skal sjá um allar framkvæmdir þess og vinna að málum þess.
5. Stjórninni er heimilt að skipa nefndir innan eða utan sinna vébanda til að sjá um og framkvæma viss mál ÍBA.
6. Formaður skal boða stjórnarfundi eftir því sem þurfa þykir. Skyld er að halda stjórnarfundi ef einhver stjórnarmaður óskar þess.
7. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði eru jöfn.

16 gr.

1. Halda skal fundi með formönnum aðildarfélaga a.m.k. tvisvar á ári. Á formannafundi gerir stjórn ÍBA grein fyrir starfsemi sinni frá því að síðasti formannafundur var haldinn. Auk þess skal taka fyrir á formannafundi önnur mál, sem stjórnin eða aðildarfélögin telja nauðsynlegt að ræða.
2. Stjórn ÍBA boðar til formannafundar með a.m.k. viku fyrirvara ásamt dagskrá.

17 gr.

Í íþróttagreinum þar sem sérråd eru ekki starfandi, fer stjórn ÍBA með hin sérfræðilegu málefni innan héraðs og getur skipað til þess sérstaka nefnd ef ástæða þykir til.

Sérråd fer með stjórn íþróttalegra sérmála þeirra íþróttagreina sem það varðar, að svo miklu leiti sem það fer ekki inn á svið annarra sérgreina.

18 gr.

Dómstólar ÍSÍ skulu hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan íþróttahreyfingarinnar. Nánar er fjallað um þá í lögum um dómstóla íþrótt- og Olympíusambands Íslands.


Þannig samþykkt á 60. ársþingi ÍBA 25. apríl 2012.



*Íþróttamenn Akureyrar 2019.
Viktor Samúelsson og Aldís Kara Bergsdóttir.*



Íþróttamenn Akureyrar 2019.



FYRIRMYNDARHÉRAÐ ÍSÍ